

TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • JÚNÍ 2011

**Viðtalið
Sveinn Arason ríkisendurskoðandi**

Atvinnulífið 2009

**99% framteljenda
ánægðir með netframtalið**

**Er frelsið
of dýru verði keypt?**



Þjónusta – eftirlit

Meginhlutverk skattyfirvalda er og verður ætíð að tryggja rétta skattlagningu í samræmi við skattalög hvers tíma. Þannig skilgreindi ríkisskattstjóri fyrir aldarfjórðungi að markmið skattyfirvalda væri RÉTTUR SKATTUR. Sambærileg markmið hafa skattyfirvöld í nágrannaríkjum okkar sett sér. Öll störf skattyfirvalda felast í þessu grundvallarmarkmiði að tryggja lögbundna skattákvörðun hvers einasta framteljanda.

Ákvörðun skatta byggist á því að efnislega réttar forsendur liggja til grundvallar, þ.e. nauðsynlegar upplýsingar, lögbundin framtalsskil og tækifæri til að ganga úr skugga um að framtal sé rétt úr garði gert. Með öðrum orðum að álagning skatta sé þannig byggð á hlutlægum og traustum grunni að gættum viðeigandi formreglum. Þau störf hefjast með réttum grunnskram og þar gegnir fyrirtækjaskráin miklu hlutverki. Tölvukerfin og samtengt net skattyfirvalda gegna einnig sama hlutverki; að tryggja áreiðanleika upplýsinganna og getu til að ganga úr skugga um réttmæti þeirra.

Ríkisskattstjóri markaði fyrir löngu þá stefnu að þjónusta við skattfrankvæmd yrði í öndvegi höfð. Það var gert í tvennum tilgangi; að létta undir með framteljendum og að treysta betur áreiðanleika skattskila. Stærsta þjónustuskrefið var stigið fyrir rúmum áratug þegar rafræn framtalsskil voru innleidd og stóð skattfrankvæmdin héraendis á þeim tíma töluvert framar nágrannalöndum okkar í rafvæðingu skattskila. Íslendingar voru fljótir að tileinka sér þessa umbyltingu í framtalsskilum og á fáum árum varð gjörbreyting á skilamáta framteljenda.

Með rafrænum skattskilum eru framtalsupplýsingar frá launagreiðendum, fjármálastofnunum, opinberum skrárhöldurum og öðrum þeim sem búa yfir framtalsskyldum upplýsingum áritaðar inn á framtalið. Þessar upplýsingar eru nú orðnar það áreiðanlegar og tæmandi að hlutverk framteljandans felst í mörgum tilvikum aðeins í yfirferð og staðfestingu á að þær séu réttar. Rafræn villuprófun framtala og viðeigandi ábendingar leiða framteljandann inn á réttar

brautir ef skekkjur eru til staðar við framtalsgerðina. Með þessum hætti hefur tekist að nútímavæða og einfalda færslu upplýsinga inn í skrár skattyfirvalda og tryggja þannig betur áreiðanleika skattlagningarinnar. Með öðrum orðum, um leið og framteljandi fær aukna þjónustu er framkvæmt eftirlit með að skattskilin séu rétt. Þannig haldast í hendur eftirlit og þjónusta með sömu nálgun að sama markmiði.

Við móttöku gagna í fyrirtækjaskrá er á sama hátt framkvæmt eftirlit með að þau séu í samræmi við fyrri upplýsingar og önnur fyrirbyggjandi gögn og að innra samræmi sé fyrir hendi. Aftur fer saman þjónusta og eftirlit.

Endurskoðendur og bókarar standa árlega skil á miklum fjölda af rafrænum framtölum rekstraraðila þar sem efnahags- og rekstrarreikningar eru sendir rafrænt til skattyfirvalda með þeim hætti að ábendingar koma jafnóðum fram ef villur eru slegnar inn. Þar fer enn á ný saman þjónusta og eftirlit.

Óvenjulegar aðstæður og uppgangstímar kalla gjarnan á óhefðbundin úrræði og tilhneigingu manna til að stytta leið, sjálfum sér til hagsbóta. Þannig er það svo að nokkur hópur framteljenda reynir gjarnan að blekkja skattyfirvöld eða túlkar ákvæði skattalaga á sinn hátt andstætt meginreglum og tilgangi skattskipunar. Skatteftirlit í þrengri merkingu þess hugtaks felur í sér aðgerðir til að leita slíka aðila uppi og ná fram réttri álagningu. Á stundum kann venjubundið eftirlit ekki að duga heldur þarf viðkomandi framteljandi að sæta rannsókn á skattskilum sínum að veittri viðeigandi réttarstöðu og eftir atvikum refsimeðferð í kjölfar skatransóknar. Því er á hinn bóginn þannig farið að gagnvart afmörkuðum hópi manna virðist því miður ekkert duga nema stálin stinn. Eftirlitið verður þar ráðandi þáttur af tvíeykinu þjónusta – eftirlit.

Lítill takmörk voru sett hugmyndaauðgi ýmissa aðila þegar kom að fjáröflun á árunum fyrir hrun efnahagslífsins. Skattar og skattgreiðslur virtust að mati sumra þeirra er athafnasamastir voru heldur vond

TÍUND

BLAÐ NR. 56

Útgefandi: RÍKISSKATTSTJÓRI

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.


Framleiðslustjórn, ljósmyndir og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarkalestur: Helga Valborg Steinarsdóttir.

Forsíðumyndin er tekin til norðurs úr Grafarvogi.

Hvernig var framtalinu skilað í ár?



ráðstöfun fjármuna. Hópur manna taldi því mikilvægt að búa svo um hnútana að þar til bæri yfirvöld, þar með talin íslensk skattýfirvöld, yrðu ekki upplýst um tekjur sem að öðrum kosti hefðu orðið andlag skattlagningar hér á landi. Jafnframt, ef vel til tækist, kæmu heldur engir skattar til greiðslu annars staðar. Uglaust þótti mikill fengur í því að njóta aðstoðar úrræðagóðra ráðgjafa við færslu fjármuna úr landi eða fá ráð aðila sem höfðu sínar eigin sérstöku skilgreiningar á lögum. Einkum var vinsælt að koma ýmsum launagreiðslum í umbúnað fjármagnstekna, oft með býsna flóknum löggerningum og jafnvel röð þeirra, þannig að skattýfirvöldum yrði torvelt að sjá kjarna málsins.

Þeir vissu sem var að þeir myndu eiga haka í horni á ýmsum stöðum sem spyrna myndu sem fastast á móti þegar skattýfirvöld færu að snuðra uppi ýmsar matarholur. Leyndin hefur löngum verið drjúg í því skyni að koma fjármunum undan skattlagningu.

Við þessar aðstæður var mikilvægt að íslensk skattýfirvöld létu ekki deigan síga. Skatteftirlit og skattransóknir voru eflar og skattýfirvöld hertu róðurinn. Mikil greiningarvinna hefur átt sér stað og nú er komið í ljós að á bak við það sem virtist erlent eignarhald stendur í ófáum tilvikum mörlandinn sjálfur eða íslensk fyrirtæki. Leyndinni var ekki einungis ætlað að blekkja skattýfirvöld heldur einnig aðra aðila s.s. fjármálaeftirlit, samkeppniseftirlit og jafnvel fleiri.

Reyndin hefur þó orðið sú að skjólin hafa molnað niður hvert af öðru og leyndin hefur vikið til hliðar. Ekki aðeins hér á Íslandi, heldur einnig í aflandsríkjunum. Sameiginlegt átak ríkja í Evrópu í gegnum OECD hefur skapað nýja og betri möguleika til að koma upp um falið fé til skattlagningar. Baráttan héraendis hefur einnig kostað sitt, dómsmál til að fá gögn afhent og til að hnekkja lögskýringum ýmissa sem hér réðu för. Nýlegur dómur í Hæstarétti markar t.a.m. leið til að ákvarða skattlagningu í söluréttarmálum.

Skattýfirvöld hafa gengið í gegnum verulega umbyltingu með sameiningu skattstjóraembætta við ríkisskattstjóra. Þrátt fyrir að



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri



Ingvar J. Rögnvaldsson
vararíkisskattstjóri

sameiningin hafi gengið áfallalaust var hún ekki án átaka hvað varðaði innri málefni og vinnuálag starfsmanna. Við þessar aðstæður var mikilvægt að endurmeta markmið, endurskipuleggja grunnþætti starfseminnar, vinnuferla og vinnubrögð. Viðfangsefnum var síðan skipað niður eftir því sem best var talið mæta þjónustu við skattgreiðendur og starfsemi embættisins. Nýtt skipulag verkefna og skipurit var þannig mótað til samræmis breyttum áherslum og nýjum eða viðvarandi verkefnum. Þar hefur verið fylgt meginhugsuninni um það jafnvægi sem almennt þarf að ríkja í starfsemi skattýfirvalda; veita góða þjónustu og tryggja skilvirkt eftirlit.

Þannig munu ætíð fara saman leiðirnar sem skattýfirvöld nota til að ná fram markmiðum sínum um rétta skattlagningu með þjónustu og eftirliti, þó áherslur taki eðlilega breytingum eftir aðstæðum.

EFNI BLAÐSINS

Viðtalið - Sveinn Arason ríkisendurskoðandi	4	Breytingar á skattframtali 2011	30
Framkvæmdastjórn RSK	10	Húsnæði ríkisskattstjóra eftir sameiningu	32
Framteljendur ánægðir með vefskil	12	Úrskurðir	36
Gagnaskil	14	Ný forysta í virðisaukaskattsfrankvæmd	38
Er frelsið of dýru verði keypt?	16	Minningarbrot starfsmanns	39
Nýjung á þjónustuvefnum skattur.is	19	Atvinnulífið 2009	40
Góð skil ársreikninga skapa traust	20	Skattfrankvæmd fyrr á árum - annar hluti	49
Munur á atvinnuleysi eftir sveitarfélögum	22	Dómur Hæstaréttar	52
Mannauðsmál	26	Lokaorðið	54
Fyrirmyndarstofnanir	28		



Taka þarf fyrirtæki af skrá sem skila ekki gögnum

Ríkisendurskoðun er ein af þeim stofnunum sem taldar eru til hornsteina íslenskrar stjórnsýslu. Reglulega sendir stofnunin frá sér skýrslur um ýmis málefni ríkisins og stjórnsýslunnar. Fjárhagsendurskoðun, sem var í upphafi aðalhlutverk Ríkisendurskoðunar, er nú aðeins hluti af störfum stofnunarinnar.

Sveinn Arason var skipaður ríkisendurskoðandi á árinu 2008 þegar Sigurður Þórðarson lét af embætti eftir að hafa gegnt embætti ríkisendurskoðanda í 16 ár. Sveinn var þó enginn nýgræðingur í þessum störfum en hann hefur starfað hjá Ríkisendurskoðun frá árinu 1972 en þangað réðist hann að loknu námi í viðskiptafræðum.

Tíund tók hús á Sveini og leitaði eftir viðhorfum hans til ýmissa þátta íslenskrar stjórnsýslu er snerta skattamál og tengd málefni.

Hver eru markmið Ríkisendurskoðunar og hvernig starfar stofnunin?

Markmið Ríkisendurskoðunar ráðast af lögbundu hlutverki hennar og stöðu innan stjórnskipunarinnar en, eins og margir vita, er hún sjálfstæð eftirlitsstofnun á vegum Alþingis. Í fyrsta lagi er okkur ætlað að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Þetta verkefni kallast fjárhagsendurskoðun. Í annan stað er okkur falið að kanna meðferð og nýtingu almannafrjá og benda á leiðir til að bæta þessa þætti. Það verkefni kallast stjórnsýsluendurskoðun. Í þriðja lagi höfum við með höndum margvíslegt eftirlit og er eftirlit með framkvæmd fjárlaga þar efst á blaði. Af öðrum eftirlitsverkefnum má nefna eftirlit með stofnunum og sjóðum sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, og fjárreiðum stjórnmalasamtaka og framþjóðenda, svo dæmi séu nefnd. Undanfarið hefur verið unnið að stefnumótun og markmiðssetningu innan stofnunarinnar samkvæmt aðferðafræði stefnumiðaðs árangursmats (*balanced scorecard*). Í þessari

vinnu hafa allir starfsmenn stofnunarinnar verið virkjaðir. Búið er að skilgreina meginmarkmið starfseminnar en þau lúta að mismunandi þáttum hennar, þ.e. þjónustunni sem stofnunin veitir, verklagi sem beitt er, mannauði sem stofnunin býr yfir og loks fjármálum hennar og rekstri.

”

Ríkisendurskoðun og systurstofnanir hennar erlendis eru hluti löggjafarvaldsins í hverju landi og þáttur í eftirliti þess með framkvæmdarvaldinu. Hins vegar eru þessar stofnanir jafnframt upp að vissu marki sjálfstæðar gagnvart þjóðþingunum

Alþingi er umbjóðandi okkar og við leitumst fyrst og fremst við að þjóna því. Engu að síður veitum við þeim sem við endurskoðum – ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum ríkisins – einnig vissa þjónustu. Hún felst í ráðgjöf og leiðbeiningu um ýmis atriði er varða fjárreiður og rekstur en einnig um leiðir til að bæta skilvirkni og árangur viðkomandi starfsemi. Þessu til viðbótar höfum við hugfast í okkar störfum að Ríkisendurskoðun er hluti af lýðræðislegri stjórnskipun landsins. Í samræmi við það lítum við svo á að okkur sé einnig í vissum skilningi ætlað að þjóna almenningi. Sem

dæmi um markmið þjónustu okkar má nefna að við viljum að hún leiði til þess að Alþingi, stjórnsýslan og almenningur beri traust til stofnunarinnar. Við viljum líka hafa öflugt gæðaeftirlit á öllum sviðum starfseminnar og þjálfar starfsfólk okkar með markvissum hætti til að sinna þeim krefjandi verkefnum sem okkur eru falin, svo dæmi séu nefnd.

Ég vil bæta því við að fyrir utan þau markmið sem sett eru fram í stefnukorti stofnunarinnar þá hefur stofnunin mótað sér siðareglur og gildi. Þau eru fagmennska, heilindi, óhlutdrægni, óhæði og trúverðugleiki. Við leggjum áherslu á að gildin eru ekki bara innantóm orð heldur eiga þau að vera leiðarljós í öllum okkar störfum.

Hvað varðar skipulag starfseminnar þá tekur það, líkt og markmiðin, mið af lögbundnu hlutverki stofnunarinnar. Fjárhagsendurskoðun er viðamesta verkefni okkar en um helmingur starfsmanna sinnir því, um fjórðungur sinnir stjórnsýsluendurskoðun og fjórðungur fæst við ýmis önnur eftirlitsverkefni og stoðþjónustu. Samkvæmt núverandi skipuriti stofnunarinnar, sem tók gildi fyrir rétt um ári, greinist starfsemin í tvö fagsvið og þrjú stoðsvið auk skrifstofu ríkisendurskoðanda. Fagsviðin eru annars vegar endurskoðunarsvið, sem sinnir fjárhagsendurskoðun og tengdum verkefnum, og hins vegar stjórnsýslusvið sem fæst við stjórnsýsluendurskoðun og tengd verkefni. Yfir hvoru sviði er sviðsstjóri, sem stýrir starfseminni í heild, og undir honum eru deildarstjórar sem hafa daglega umsjón með vinnu sérfræðinga. Á endurskoðunarsviðinu vinna sérfræðingar mjög gjarnan einir að verkefnum en á stjórnsýslusviðinu er algengt að unnið sé í tveggja til þriggja

manna teyllum. Rekstrar- og tölvustöð sennir almennum rekstri stofnunarinnar, tölvumálum, mötuneyti og móttöku. Lögfræði- og skjalastoð sennir lögfræðilegum viðfangsefnum sem tengjast verkefnum okkar, eftirliti með stofnunum og sjóðum, eftirliti með fjárreiðum stjórnálagssamtaka og frambjóðenda, og skjalavörslumálum. Upplýsinga- og alþjóðastoð fæst við ytri og innri upplýsingamiðlun, útgáfumál og alþjóðasamskipti, einkum við systurstofnanir okkar erlendis. Þá veitir skrifstofa ríkisendurskoðanda mér margvíslega aðstoð og sennir einnig ýmsum eftirlits- og sérverkefnum.

Ríkisendurskoðun er nú ein af fáum stofnunum sem heyra undir Alþingi. Hverjar eru forsendur slíks fyrirkomulags og hvernig var málum skipað áður en það varð?

Áður en Ríkisendurskoðun var færð undir Alþingi árið 1987 var hún sérstök stjórnardeild undir fjármálaráðherra. Ástæða þess að stöðu stofnunarinnar var breytt var sú að talið var mikilvægt að endurskoðunin væri óháð þeim sem hún beindist að. Með breytingunni varð fyrirkomulagið hér á landi eins og það er víðast hvar annars staðar í heiminum en það byggist á þriggri greiningu ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Ríkisendurskoðun og systurstofnanir hennar erlendis eru hluti löggjafarvaldsins í hverju landi og þáttur í eftirliti þess með framkvæmdarvaldinu. Hins vegar eru þessar stofnanir jafnframt upp að vissu marki sjálfstæðar gagnvart þjóðþingunum. Með því móti er komið í veg fyrir að þær verði leiksoppar í pólitískum átökum. Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára en að öðru leyti hefur þingið lítið sem ekkert um starfsemi að segja. Stofnunin mótar sér sjálf stefnu og áherslur, innan þess lagaramma sem henni er markaður, skipuleggur starfsemi sína og velur verkefni. Forsætisnefnd getur að vísu krafist stofnunarinnar um skýrslur en þá ráðum við hvernig staðið er að verki, hvaða aðferðum er beitt og hvernig niðurstöður eru settar fram. Það má því segja að Ríkisendurskoðun sé í vissri fjarlægð frá þinginu og hún er náttúrulega algerlega aðgreind frá framkvæmdarvaldinu. Alþingi fjallar um skýrslur stofnunarinnar samkvæmt þingskapalögum og sérstökum reglum sem settar voru árið 2008. Við reynum að sníða skýrslurnar að þörfum þingsins þannig að þær gagnist því við eftirlit og aðhald með stjórnvöldum. Því má svo bæta við að í nágrannalöndunum

er lítið svo á að eftirlitsstofnanir þjóðþinganna séu mikilvægar til að tryggja ábyrgð í stjórnvöldum. Þetta málefni verður einmitt sérstaklega til umræðu á þingi Evrópusamtaka ríkisendurskoðana, EUROSAI, sem haldið verður nú í sumar. Með því að hafa eftirlit með stjórnvöldum og birta niðurstöðurnar opinberlega stuðla þessar stofnanir að því að valdhafar svari fyrir athafnir sínar eða eftir atvikum athafnaleysi. Slíkt opinbert fyrirsvar, eða *public accountability*, eins og það heitir á ensku, er álitið ein forsenda þess að lýðræðið virki eins og til er ætlast.

Hvernig hafa áherslur stofnunarinnar breyst á síðustu árum?

Á síðustu árum hafa orðið margvíslegar breytingar á ytra umhverfi stofnunarinnar sem hafa kallað á breytta starfshætti

”

Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um innheimtu opinberra gjalda eru lagðar til breytingar á skipulagi innheimtumála til að auka skilvirkni og að mótuð verði heildarstefna um innheimtu opinberra gjalda

og áherslur. Í fyrsta lagi hafa stofnuninni verið falin ný verkefni með lögum. Þar á ég við eftirlit með fjárreiðum stjórnálagssamtaka og frambjóðenda. Í öðru lagi hefur lögum um endurskoðendur verið breytt og þeim gert að vinna í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla sem þó hafa reyndar enn ekki verið innleiddir með formlegum hætti. Í þriðja lagi hafa Alþjóðasamtök ríkisendurskoðana, INTOSAI, nýlega gert breytingar á endurskoðunarstöðlum sem slíkum stofnunum er ætlað að vinna samkvæmt. Síðast en ekki síst hafa efnahagshrunið svokallaða árið 2008 og áhrif þess á ríkisreksturinn valdið því að við höfum að nokkru leyti breytt vinnubrögðum okkar. Við val á verkefnum stjórnvöldum okkar leggjum

við nú t.d. áherslu á þau meginviðfangsefni sem stjórnvöld standa frammi fyrir vegna hrunsins. Úttektirnar eru yfirleitt mun afmarkaðri en áður og taka þar af leiðandi styttri tíma. Þannig reynum við að stuðla að því að Alþingi og stjórnvöld fái tímanlegar upplýsingar sem nýtist við ákvarðanatöku. Einnig sinna nú fleiri starfsmenn stjórnvöldum okkar en áður. Þetta hefur leitt til þess að skýrslum sem stofnunin sendir frá sér hefur fjölgað verulega. Þessu til viðbótar höfum við eftt mjög upplýsingamiðlun út á við um starfsemi og niðurstöður okkar, m.a. til fjölmiðla og almennings. Afleiðingin er sú að Ríkisendurskoðun er orðin sýnilegri í samfélaginu en áður var. Það má því með sanni segja að áherslur hafi breyst nokkuð á undanförunum árum en sú sýn sem við höfum á hlutverk okkar og markmið hefur í raun ekki breyst. Sem fyrr leggjum við metnað okkar í að þjóna Alþingi, almenningsi og stjórnvöldum með faglegum vinnubrögðum í samræmi við lög, reglur, staðla og þau gildi sem stofnunin vill hafa í heiðri.

Hvernig hefur hrun efnahagslífsins og mikill kostnaður samfélagsins áhrif á ráðstöfun og meðferð ríkisgjaldanna?

Hið opinbera hefur ekki farið varhluta af efnahagshruninu. Skatttekjur ríkisins hafa dregist mikið saman miðað við árin fyrir hrunið. Ýmsar ráðstafanir sem gripið var til vegna endurfjármögnunar bankakerfisins, ábyrgðir sem fallið hafa á ríkið og útgjöld vegna stórauðs atvinnuleysis og hærri vaxtagjalda hafa síðan leitt til mikils hallareksturs og skuldasöfnunar ríkissjóðs. Þótt tekjusatvætti hafi að hluta til verið mætt með nýjum sköttum og gjöldum og hækkan skattthlutfalla þá liggur fyrir að ríkið þurfti og mun áfram þurfa að hagræða í rekstri. Þetta er nauðsynlegt bæði til að ríkið geti mætt hinum ýmsu afleiðingum samdráttarins, svo sem vaxandi atvinnuleysi, auknum vaxtagreiðslum og afborgunum lána, og einnig til að hallinn og skuldarnar verði ekki óviðráðanleg. Þetta kallar aftur á mjög auknið aðhald með útgjöldum ríkisins, markvissa langtímastefnumótun um ríkisreksturinn, skýrari forgangsröðun og meiri aga við framkvæmd fjárlaga. Það er viðbúið að aukin áhersla verði framvegis lögð á að ráðuneyti og stofnanir fylgi fjárlögum en Ríkisendurskoðun hefur á undanförunum árum margsinis gagnrýnt lausatök stjórnvalda í þessu sambandi. Þröng fjárhagsstaða ríkisins hlýtur jafnframt að kalla á að



Lárus Ögmundsson yfirlögfræðingur Ríkisendurskoðunar og Sveinn Arason ríkisendurskoðandi.

ennþá meiri gaumur sé gefinn að árangri, skilvirkni og hagkvæmni í starfsemi ríkisaðila þannig að tryggt sé að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru nýtist sem best.

Ríkisendurskoðun hefur að hluta til breytt áherslum í starfsemi sinni til að mæta þeim aðstæðum sem upp eru komnar í ríkisrekstrinum og snerta viðfangsefni stofnunarinnar. Engu að síður sinnir stofnunin áfram lögbundnum og hefðbundnum verkefnum sínum við endurskoðun og úttektir. Árið 2009 réðumst við í sérstakt átak sem laut að eftirliti með framkvæmd fjárlaga, virkni innra eftirlits hjá stofnunum, hvernig sparnaður var framkvæmdur og áhrifum skertra fjárveitinga á magn og gæði þjónustu. Verkefnið fólst m.a. í því að fara yfir útkomu stofnana miðað við fjárlög liðins árs og leita skýringa á frávikum, athuga skil á rekstraráætlunum, kanna hvort breytingar hefðu verið gerðar á eftirliti með framkvæmd fjárlaga og kanna hvernig eftirliti með innkaupum og ýmsum öðrum rekstrarkostnaði væri háttað. Einnig könnuðum við hvort búið væri að gera áætlanir um frekari sparnað og leggja mat á áhrif skertra fjárveitinga á starfsemina.

Hver eru viðhorf þín til sameiningar stofnana?

Á árunum 2003–2009 gerði Ríkisendurskoðun alls sex úttektir á því hvernig til hefði tekist með sameiningu ríkisstofnana og hvort tilætluð markmið hefðu náðst. Í heild má segja að niðurstaðan hafi verið sú að sumt hafi tekist vel en annað síður. Í flestum úttektanna var vakin athygli á því að sameining hefði ekki verið nógu vel undirbúin, framtíðarsýn hefði ekki verið nægjanlega skýr, mælanleg markmið hefði skort og áætlanir hefðu verið ófullkomnar. Einnig var bent á að sameining hefði ekki alltaf orðið til að auka hagkvæmni í rekstri og styrkja faglega starfsemi.

Ég legg áherslu á að þessar og aðrar aðfinnslur má ekki skilja sem svo að Ríkisendurskoðun hafi verið á einhvern hátt andsnúin því að stofnanir eða verkefni væru sameinuð, stæðu veigamikil rök til þess. Þvert á móti. Í nokkrum öðrum úttektum frá sama tíma lögðum við einmitt til ýmiss konar sameiningu og tilfærslu verkefna til að efla þá starfsemi sem fyrir var, auka og bæta þjónustu við almenning, greina betur en gert var milli

stjórnsýslu og framkvæmda og nýta fjármuni og þekkingu á sem hagkvæmstan hátt.

Í ársbyrjun 2010 kynntu stjórnvöld áform um endurskipulagningu opinberra þjónustu með viðamikilli sameiningu ráðuneyta, stofnana og verkefna. Við ákváðum fljótlega að stofnunin myndi fylgjast grannt með því hvernig þessi áform gengju fram og meta hvernig til tækist. Í þessu verkefni höfum við lagt ríka áherslu á að koma að sameiningunum eins fljótt og kostur hefur verið, helst um leið og Alþingi hefur samþykkt frumvörp um þær. Við beinum athyglinni einkum að þeim þáttum sem fyrri úttektir okkar hafa sýnt að standi til bóta, þ.e. hvernig staðið er að ákvörðun um sameiningu, faglegum og fjárhagslegum undirbúningi, verkefnastjórnun, áætlanagerð og stefnumótun. Ekki hefur hins vegar verið reynt að meta hvort sameiningarnar eigi rétt á sér eða ekki. Á árunum 2010–11 hefur Ríkisendurskoðun birt fimm skýrslur sem lúta að sameiningu í ríkisrekstri: um sameiningu skattumdæma, um myndun Þjóðskrár Íslands, um ISAVIA ohf., um sameiningu nýs innanríkisráðuneytis og nýs velferðarráðuneytis. Meginniðurstaða



Þessara skýrslna er sú að ákvörðun um sameiningu hafi almennt verið vel ígrunduð, markmið hafi verið skýr, og skipulag og verkstjórn með ágætum. Aftur á móti höfum við gagnrýnt að í sumum tilvikum var hvorki unnin heildstæð kostnaðaráætlun vegna sameiningar né mótuð framtíðarstefna fyrir hina nýju einingu. Þá höfum við hvatt til þess að gerð verklagsreglna og rekstraráætlananna verði hraðað og starfsfólk verði stutt í breytingarferlinu.

Ljóst er að Ríkisendurskoðun mun halda áfram að fylgjast með sameiningu ráðuneyta, stofnana og verkefna á komandi misserum og veita þannig stjórnvöldum aðhald og stuðla að faglegum vinnubrögðum. Í þessu efni, eins og svo mörgum öðrum, gildir að vanda undirbúninginn vel. Sé grunnurinn ótraustur verður byggingin tæpast góð.

Snemma árs 2009 lét Ríkisendurskoðun þá skoðun í ljós að sameina bæri skattstofur og ríkisskattstjóra. Ári síðar hafði sameiningin tekið gildi. Hvernig horfir stofnunin á þessa sameiningu nú?

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í febrúar 2009 um áhættustjórn og innra eftirlit í virðisaukaskatti var lagt til að landið yrði gert að einu skattumdæmi og að einu embætti yrði fallin ábyrgð á álagningu allra skatta, eftirliti með þeim og samræmingu skattframkvæmdar. Bent var á að beinast lægi við að ríkisskattstjóra yrði falið þetta hlutverk. Þetta gekk eftir því að með lögum sem tóku gildi í ársbyrjun 2010 voru embætti ríkisskattstjóra og níu skattstjóra víðs vegar um landið sameinuð. Árið 2010 skoðuðum við svo undirbúning og framkvæmd

sameiningarinnar. Við komumst að þeirri niðurstöðu að undirbúningur sameiningarinnar gæfi ekki tilefni til athugasemda en það þýðir á mannamáli að vel hafi verið að henni staðið. Við munum að sjálfsgöðu fylgjast með eftir því sem sameiningunni

”

Nýlegar breytingar á skipulagi skattfirvalda eru dæmi um viðbrögð við breyttum aðstæðum þar sem lögð er áhersla á sérhæfingu, fyrirbyggjandi aðgerðir og áhættugreiningu

vindur fram en ekkert bendir til annars en að þau markmið sem að var stefnt með henni muni ganga eftir. Þá höfum við upplýsingar um að lokun skattstofunnar í Reykjavík og flutningur starfsmanna þaðan til ríkisskattstjóra hafi haft í för með sér mikið hagræði, betri nýtingu á húsnæði og lækkun á húsnæðiskostnaði. Einnig að aukin sérhæfing hafi orðið hjá einingunum úti á landsbyggðinni sem áður voru sérstakar skattstofur. Allt hafi þetta stuðlað að markvissari skattframkvæmd.

Hvernig hefur stofnunin nálgast málefni sem varða innra öryggi í rekstri ríkiskerfisins?

Eftir því sem umsvif ríkisins vaxa og starfsemin verður flóknari eykst áhætta

í rekstrinum, bæði hvað varðar tekjur og gjöld. Ríkisendurskoðun hefur lagt aukna áherslu á að greina þessa áhættu og skipuleggja sína vinnu í samræmi við niðurstöður slíkrar greiningar. Nýlegar breytingar á skipulagi skattfirvalda eru dæmi um viðbrögð við breyttum aðstæðum þar sem lögð er áhersla á sérhæfingu, fyrirbyggjandi aðgerðir og áhættugreiningu. Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um innheimtu opinberra gjalda eru lagðar til breytingar á skipulagi innheimtumála til að auka skilvirkni og að mótuð verði heildarstefna um innheimtu opinberra gjalda.

Þessir tveir þættir í rekstri ríkisins, álagning og innheimta, eru að mörgu leyti samofnir. Mikilvægt er að skipulag og virkni þeirra séu í stöðugri endurskoðun. Einnig þarf kerfið að geta verið fljótt að bregðast við ákvörðunum Alþingis og stjórnvalda um breytingar á tekjuöflun og innheimtu. Því er mjög mikilvægt að skattfirvöld og innheimtumenn hafi með sér gott samstarf.

Hvert er viðhorf Ríkisendurskoðunar til áætlana vegna vöntunar framtala?


Undanfarin ár höfum við reglulega fjallað um áætlánir og áhrif þeirra á tekjur og eftirstöðvar. Þessa umfjöllun geta menn fundið í skýrslum okkar um endurskoðun ríkisreiknings sem birta samandregið yfirlit um fjárhagsendurskoðun stofnunarinnar. Frá árinu 1999 hefur verið hægt að sérgreina áætlánir í virðisaukaskatti og hefur það leitt til þess að auðvelt er að taka tillit til þeirra við uppgjör. Við mat á tekjum hafa 97% áætlana ekki verið tekjufærðar en það byggir á reynslu bæði skattfirvalda og innheimtumanna. Ekki liggja fyrir sambærilegar upplýsingar varðandi aðra skatta. Þetta hefur leitt til mikilla afskrifta á kröfum og má nefna að rúmir 60 milljarðar króna standa nú á niðurfærslureikningi ríkissjóðstekna vegna krafna í innheimtuferli. Vanskil á vörslusköttum eru fyrstu merki um rekstrarvanda hjá fyrirtækjum og einstaklingum með rekstur. Yfirleitt líður ekki langur tíma frá því að samfelld vanskil á vörslusköttum hefjast þar til fyrirtækin hafa hætt rekstri og/eða verið tekin til gjaldþrotaskipta.

Við teljum að áætlánir hafi almennt ekki haft þau áhrif sem þeim er ætlað að hafa. Við höfum líka ítrekað bent á að nýta þarf úrræði í hlutafélag- og einkahlutafélagalögum til að afmá fyrirtæki, sem ekki eru í rekstri eða skila ekki gögnum, úr fyrirtækjaskrá.

Ekki alls fyrir löngu birti Ríkisendurskoðun skýrslu um innheimtu sekta þar sem fram kom m.a. að úrræði innheimtuyfirvalda til að kanna eigna- og gjaldastöðu skuldara væru takmarkaðri hér en annars staðar. Hvernig er staðan nú?

Ein af meginniðurstöðum þessarar skýrslu var að einungis lítil hluti hæstu sekta sem dómstólar ákveða er greiddur. Yfirleitt eru hæstu sektir gerðar upp með svonefndri samfélagsþjónustu. Þetta átti við um 81% sekta sem voru 8 m.kr. eða hærri á tímabilinu 2000-2006. Í öllum tilvikum var um að ræða skattalagabrot. Við teljum að með því að heimila fullnustu hárra sekta með samfélagsþjónustu, í stað afplánunar vararefsingar í fangelsi, sé verið að milda viðurlög samkvæmt dómum, enda er samfélagsþjónusta tvímælalaust vægasta úrræðið sem notað er til fullnustu. Hvergi annars staðar á Norðurlöndunum er heimilað að breyta vararefsingu fésektar, þ.e. fangelsi, samkvæmt dómi í samfélagsþjónustu. Samfélagsþjónusta er ekki skilgreind sem refsing í íslenski löggjöf heldur sem fullnustuúrræði. Því eru röklegar veildir í fyrirkomulagi sem kveður á um að þeir sem ekki geti greitt sektir, sem skilgreindar eru sem refsing í íslenskum lögum, geti sótt um að sinna samfélagsþjónustu. Bent hefur verið á að eðlilegra sé að mæla fyrir um samfélagsþjónustu í almennum hegningarlögum sem eina tegund refsinga eins og hún er í eðli sínu. Heimildir til að kanna fjárhag sektarþola eru takmarkaðri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Við bendum á að ekki yrði séð hvaða rök standi til þess. Ef stjórnvöld geta ekki kannað fjárhag sektarþola með fullnægjandi hætti hefur það í för með sér að meira reynir á samfélagsþjónustu sem fullnustuúrræði en ella. Dæmi dómstólar sektir verður að gera ráð fyrir að þær eigi að greiðast og því þarf að efla úrræði til að kanna

Skipting virkra vinnustunda eftir viðfangsefnum 2010



fjárhagsstöðu skuldara þannig að þeir sem geta greitt sleppi ekki við það. Okkur er ekki kunnugt um að stjórnvöld hafi enn brugðist við þessum ábendingum.

Hvernig er mannaflí stofnunarinnar samansettur?

Hjá stofnuninni starfa nú samtals 46 manns með fjölbreytta menntun og reynslu. Yfir 80% starfsmanna eru með háskólapróf, flestir á sviði viðskiptafræði og tengdra greina. Margir eru með meistaraþátt og sumir fleiri en eina. Hjá stofnuninni starfa nú auk mín fjórir löggiltir endurskoðendur og þrír eru með faggildingu í innri endurskoðun. Á stjórnsýslusviði starfar auk viðskiptamenntaðra starfsmanna fólk með háskólamenntun í lögfræði, stjórnsýslufræðum og öðrum greinum. Um 90% starfsmanna hafa meira en þriggja ára starfsreynslu hjá stofnuninni og sumir hafa unnið hér í fjölda ára. Hlutfall milli kynja er jafnt. Almennt tel ég að stofnunin búi yfir nægri þekkingu og reynslu til að leysa þau vandasömu verkefni sem henni eru falin. Ef og þegar við þurfum á sérhæfðri þekkingu að halda þá förum við gjarnan þá leið að ráða tímabundið utanaðkomandi sérfræðinga. Einnig kaupum við umtalsverða þjónustu af endurskoðendum


og endurskoðunarfélögum. Við þurfum auðvitað sífellt að leitast við að auka þekkingu okkar og hæfni. Þess vegna höfum við lagt áherslu á endurmenntun starfsmanna en reyndar höfum við neyðst til að draga úr henni á síðustu árum vegna aðhalds og sparnaðar í rekstri. Við vonumst til að geta sett aukinn kraft í starfsþróun þegar fjárhagurinn batnar.

Hver endurskoðar Ríkisendurskoðun og með hvaða hætti er lagt mat á störf hennar?

Ríkisendurskoðun sendir allar opinberar skýrslur sínar til forseta Alþingis sem sendir þær eftir atvikum áfram til hinna ýmsu fagnefnda þingsins til umfjöllunar. Stundum álykta nefndirnar um skýrslurnar. Þá er ársskýrsla stofnunarinnar tekin til almennrar umræðu á þinginu. Það er því fyrst og fremst þingið sem leggur mat á störf okkar enda er það umbjóðandi okkar og helsti „viðskiptavinur“, ef þannig má að orðið komast. Svo meta fjölmiðlar og almenningur auðvitað störf okkar með sínum hætti, eins og annarra opinberra stofnana, og veita okkur aðhald. Alþingi ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða ársreikning stofnunarinnar fyrir hvert ár.

Það kemur fyrir að systurstofnanir okkar erlendis fái aðrar systurstofnanir eða sérfræðinga til að taka út stjórnun, vinnubrögð og gæðamál hjá sér. Hér er um að ræða svokallaða jafningjaúttekt eða *peer review* eins og það kallast á ensku. Árið 1997 gerði breska ríkisendurskoðunin, *National Audit Office*, slíka úttekt á Ríkisendurskoðun. Niðurstaðan var í heild nokkuð jákvæð en engu að síður voru ýmsar athugasemdir gerðar við vinnubrögð okkar sem við höfum lagt áherslu á að koma til móts við.

Fréttir í fjölmiðlum þar sem orðið „Ríkisendurskoðun“ kemur fyrir



Framkvæmdastjórn RSK

Örugg miðlun upplýsinga til starfsmanna og skilvirk stjórnun voru meðal þeirra markmiða sem framkvæmdastjórn RSK setti sér þegar ríkisskattstjóraembættið og skattstofur voru sameinaðar í eina stofnun um áramótin 2009/2010. Þá hafði sú mikla breyting átt sér stuttan aðdraganda þótt slíkar hugmyndir hafi oft komið fram áður.

Eftir að frumvarp um sameininguna hafði verið lagt fram voru starfsmenn skattstofa heimsóttir og þeim kynntar væntanlegar breytingar. Undirbúningstíminn var á hinn bóginn skammur og starfsmenn höfðu í reynd haft takmarkað ráðrúm til að átta sig á þeim breytingum sem í aðsigi voru. Vegna þessa var góð upplýsingamiðlun ein af lykilforsendum þess að sameiningin gæti tekist þannig að sómi væri að.

Þegar löggin tóku gildi var horft til ábendinga sem fram höfðu komið á starfsmannafundi þá skömmu áður. Mynduð var til bráðabirgða framkvæmdastjórn sem samanstóð af


ríkisskattstjóra, vararíkisskattstjóra, skrifstofustjórum og þeim sem gegnt höfðu skattstjórastörfum fyrir breytinguna. Eitt fyrsta verk nýrrar framkvæmdastjórnar RSK var að móta nýtt skipulag hinnar sameinuðu stofnunar, skipa starfsmönnum til verka og ákveða tilhögun verkefna.

Nýtt skipurit var kynnt á starfsmannafundi 5. maí 2010 og í framhaldi af því var ný framkvæmdastjórn mynduð að fengnu samþykki Fjármálaráðuneytisins.

Framkvæmdastjórn RSK kemur saman að jafnaði á tveggja vikna fresti og mánaðarlega kemur aukinn fjöldi saman til fundar. Framkvæmdastjórnin samanstendur af



Framkvæmdastjórn RSK á fundi. Efri röð frá vinstri: Hrefna Björnsdóttir, Aðalsteinn Hákonarson, Stefán Skjaldarson, Guðrún Jenný Jónsdóttir, Inga Hanna Guðmundsdóttir, Ingvar J. Rögnvaldsson, Skúli Eggert Þórðarson, Elín Alma Arthursdóttir, Gunnar Karlsson, Ásgeir Heimir Guðmundsson, Jóhannes Jónsson. Neðri röð frá vinstri: Jens Þór Svansson, Steinþór Haraldsson, Ingi Tómas Björnsson, Hanna Björnsdóttir, Rósa H. Ingólfssdóttir, Sigmundur Stefánsson, Sigríður Jónsdóttir, Jónína B. Jónasdóttir, Skúli Jónsson, Jón Guðmundsson, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir.



Skipulag RSK frá 5. maí 2010 eftir sameiningu skattstofa og RSK

helstu stjórnendum sviða og starfseininga. Hlutverk framkvæmdastjórnar er að taka sameiginlega ýmsar ákvarðanir varðandi rekstur og markmiðasetningu RSK. Færðar eru ítarlegar fundargerðir sem eru öllum starfsmönnum aðgengilegar. Ekki er rætt um málefni einstakra skattaðila eða starfsmanna á framkvæmdastjórnarfundum.

Almennir reglulegir starfsmannafundir eru mjög mikilvægir. Með slíkum fundum er unnt að miðla upplýsingum, kynna nýjungar, eiga gagnkvæm skoðanaskipti en síðast en ekki síst eru þeir tækifæri fyrir starfsmenn til að hittast og ræða saman um verkefni, vinnulag o.fl. Á árinu 2010 voru haldnir fjórir starfsmannafundir sem allir starfsmenn RSK sátu, þar af voru þrjár fjárfundir. Einstök svið funda ennfremur sérstaklega og fundargerðir þeirra eru ræddar á framkvæmdastjórnarfundum.

Lagt er upp með að hver fundur eigi sér skýrt upphaf og lok, gengið sé til fyrirfram ákveðinnar dagskrár og fundirnir fari skipulega fram. Slíkt er nauðsynlegt þegar fjölmenni kemur saman og er raunar góð venja til að auka árangur funda. Nokkrum sinnum hefur framkvæmdastjórn hist á tveggja daga fundum til að ræða stefnumótun eða aðra stærri þætti, og til ná fyllri umræðu til að auðvelda ákvarðanatöku.

Allir stjórnendur hjá RSK eiga að vera meðvitaðir um að stjórnun og upplýsingamiðlun séu í sífelldri mótun og stöðugt sé leitað leiða til að bæta skilvirkni skattframkvæmdar.

SEP

Ánægja með vefskil

99% framteljenda segja auðvelt að skila framtali á netinu


Í apríl fékk ríkisskattstjóri Capacent Gallup til að kanna afstöðu almennings til skilamáta skattframtala 2011.

Almennur skilafrestur framtals var til 23. mars en hægt var að sækja um framlengdan skilafrest til 29. mars. Könnuninni svöruðu 800 manns um allt land sem höfðu náð 18 ára aldri.

Hér eru helstu niðurstöður könnunarinnar, en af þeim má sjá að embættið er á réttri leið með þróun rafrænnar þjónustu við framteljendur.


Fannst þér auðvelt eða erfitt að skila á netinu?

Hér eru óákveðnir ekki taldir með.



■ MJÖG EÐA FREKAR AUÐVELT
■ MJÖG EÐA FREKAR ERFITT


Ert þú búin(n) að skila skattframtali í ár?



■ JÁ ■ NEI

Hvernig var framtalinu skilað í ár?


Þeir sem hafa skilað inn skattframtali voru spurðir þessarar spurningar.



■ Í GEGNUM NETIÐ ■ ENDURSKOÐANDI ANNAÐIST SKIL
■ SKILAÐI Á PAPPÍR ■ FÉKK AÐSTOÐ HJÁ RÍKISSKATTSTJÓRA

Fannst þér auðvelt eða erfitt að skila á netinu?


Þeir sem skiluðu skattframtali sínu í gegnum netið voru spurðir þessarar spurningar.



■ MJÖG AUÐVELT ■ FREKAR AUÐVELT ■ HVORKI NÉ
■ FREKAR ERFITT ■ MJÖG ERFITT

Fannst þér einfalt eða flókið að yfirfara upplýsingarnar á framtalinu?


Þeir sem hafa skilað inn skattframtali voru spurðir þessarar spurningar.



■ MJÖG EINFALT ■ FREKAR EINFALT ■ HVORKI NÉ
■ FREKAR FLÓKIÐ ■ MJÖG FLÓKIÐ

Skoðaðir þú bráðabirgðaútreikning þegar þú skilaðir framtalinu?


Þeir sem skiluðu skattframtali sínu í gegnum netið voru spurðir þessarar spurningar.



■ JÁ ■ NEI

Hversu aðgengilegur eða óaðgengilegur fannst þér þjónustuvefurinn skattur.is?

Þeir sem skiluðu skattframtali sínu í gegnum netið voru spurðir þessarar spurningar.



■ MJÖG AÐGENGILEGUR ■ FREKAR AÐGENGILEGUR
■ HVORKI NÉ ■ FREKAR ÓAÐGENGILEGUR



Með formlegri gildistöku nýs skipurits fyrir embætti ríkisskattstjóra í október á síðastliðnu ári varð til skrifstofa gagnaskila innan einstaklingsviðs og er hún staðsett á Akureyri. Einingin aðstoðar m.a. tæknisviðið við innköllun og móttöku gagna frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum fyrir áritun framtala. Gríðarleg áhersla er lögð á að auka magn áritaðra upplýsinga frá þriðja aðila inn á skattframtölin og byggir öll síðari vinnsla á því að áritunin sé sem mest og réttust. Stefnt er að því að sem flestir gjaldendur þurfi engu eða litlu að breyta á framtölunum. Gögnum sem skilað er í byrjun árs, og eru notuð sem inntak við áritun skattframtala, er að mestu skilað í gegnum gagnaskilakerfi ríkisskattstjóra. Mikil áhersla er lögð á að áritaðar upplýsingar séu réttar og því er reynt að leiðrétta allar villur fyrir áritun.

Það er óhætt að segja að undanfarin ár hafi verið lögð mikil áhersla á að sjálfvirkni álagningar opinberra gjalda verði sem allra mest. Vinna gjaldenda og fagaðila við gerð framtala, og vinna starfsmanna skattkerfisins við yfirferð framtala fyrir álagningu, hefur dregist saman eftir því sem rafræn skattskil hafa aukist.

Hert lagaákvæði um upplýsingaskyldu skv. 92. gr. laga nr. 90/2003 hafa tryggt milli- liðalausa áritun upplýsinga á skattframtöl, og mikil áhersla er lögð á að þeir sem skila eiga inn upplýsingum til skattyfirvalda uppfylli skyldu sína.

Það að rétt gögn berist tímanlega fyrir áritun framtala leiðir til þess að álagning á þorra skattaðila verður einföld og endanleg. Af einstökum áföngum á þessari leið má nefna þann stóra áfanga þegar bönkum, öðrum fjármálastofnunum og lífeyrissjóðum var gert skylt að veita skattyfirvöldum upplýsingar varðandi bankainnstæður, útlán, hlutafé og fleira sem síðan hefur verið áritað á framtölin.

Á síðasta ári skipaði ríkisskattstjóri starfs- hóp til að koma með tillögur að sérstakri gagnaskilaeiningu og skipuleggja verkefni hennar. Verkefni hópsins var að móta verk- svið einingarinnar, meta mannaflaþörf og gera tillögu að staðsetningu hennar. Hópurinn skilaði niðurstöðum sínum í febrúar á síðasta ári og var verkefnið tvíþætt að mati hans. Annars vegar árlégt átak varð- andi gagnaskil fyrir áritun framtala, hins vegar verkefni gagnaskilaeiningar horft til framtíðar.

Eftirrekstur með gagnaskilum, þ.e. skil á upplýsingum vegna framtalsgerðar o.fl., samkvæmt 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, var þegar árið 2010 fram- kvæmdur með skipulögðum hætti og

”

Megintilgangur áritunar er að létta framteljendum útfyllingu framtala, tryggja rétt skattskil og draga úr óvissu og skekkjum, og létta þar með vinnu starfsmanna skattkerfisins við yfirferð framtala fyrir álagningu

unninn með talsverðum mannafla frá öllum starfsstöðvum ríkisskattstjóra, líkt og nú í ár. Árangurinn af þessu starfi hefur orðið verulegur hvað varðar magn áritaðra upplýsinga inn á framtölin, og ekki er annað að heyra en að bæði gjaldendur og fagaðilar taki þessu framtaki almennt vel.

Hópurinn gerði síðan tillögu um að verksvið gagnaskilaeiningarinnar verði í framtíðinni víðtækara. Innköllun gagna í tengslum við yfirferð á einstökum framtölum verði þó fyrst um sinn að mestu í höndum þeirra er yfirferðina annast. Gagnaskilaeiningin myndi hafa umsjón með eftirrekstri með skilum, móttöku og

innlestri gagna sem berast í tölvupósti og skráningu gagna sem berast á pappír, en pappírsskil heyra þó að mestu leyti sögunni til. Stór hluti vinnunnar við innsend framtalsgögn (áritunargögn) er tæknilegs eðlis og ekki tímabært að færa til einingarinnar á Akureyri en vissa verkþætti mætti þó færa þangað. Eins mætti skoða nánar að hvaða marki gagnaskilaeiningin gæti komið að söfnun gagna er tengjast reglulegum skilum í staðgreiðslu og virðisaukaskatti, en sú vinna yrði þá í mjög nánu samstarfi við viðkomandi einingar. Það er ljóst að vinnuálagið í gagnaskilaeiningunni yrði mjög árstíðabundið og því yrði einingin að hafa aðgang að starfsmönnum í öðrum einingum og starfsstöðvum, sérstaklega á álagstíma fyrir áritun.

Áritun á skattframtöl einstaklinga 2011

Eins og áður sagði er áritun margvíslegra upplýsinga á skattframtöl og tölvutæk skil orðin lyklatríði við framtalsgerð einstaklinga. Megintilgangur áritunar er að létta framteljendum útfyllingu framtala, tryggja rétt skattskil og draga úr óvissu og skekkjum, og létta þar með vinnu starfsmanna skattkerfisins við yfirferð framtala fyrir álagningu.

Langumfangsmestu gagnaskilin fyrir áritun framtala eru, auk gagna frá bönkum, öðrum fjármálastofnunum og lífeyrissjóðum varðandi innstæður, skuldir o.fl., skil á launamiðum, verktakamiðum og hlutafjármiðum.

Við áritun launa og annarra starfstengdra greiðslna hefur ríkisskattstjóri lagt áherslu á að áritaðar upplýsingar séu endanlegar og sem áreiðanlegastar, þ.e. þarfnist ekki breytinga eða viðbóta síðar af hálfu launagreiðanda, og að til undantekninga heyrir að þær þurfi að leiðrétta af hendi framteljanda. Það er því mjög áriðandi að launagreiðendur sendi til áritunar allar upplýsingar sem ber að gefa upp á launamiða, þ.e. allar tegundir launa eða þóknana, greiddar eða ógreiddar, sem launþegi fær fyrir starf sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda, t.d. upplýsingar um dagpeninga, ökutækjastyrki og hlunnindi.

Árið 2005 bauð ríkisskattstjóri upp á nýjungar í launamiðaskilum sem fólust í beinum skilum úr launakerfum með XML-skeyti, sem og skráningu launamiða og innlestri launamiðaskráa á þjónustusiðum launagreiðenda á *skattur.is*. Frá og með tekjuárinu 2010 (framfalsári 2011) var ætlast til að allir skiluðu gögnum á XML-formi en eldri skilaleiðir launamiða, á disklingi eða á pappír, voru þó einnig í boði með óbreyttu sniði á árinu 2011.

Ríkisskattstjóri fer fram á að upplýsingum um laun og aðrar starfstengdar greiðslur og hlunnindi, sem inntar hafa verið af hendi vegna ársins 2010, verði skilað í gegnum gagnaskilakerfið á þjónustusiðu á *skattur.is*. Einnig má skila þessum upplýsingum á næstu starfsstöð ríkisskattstjóra á tölvutæku formi eða á pappír. Launamiðafærslan er efnislega óbreytt frá síðasta ári. Upplýsingar um greiðslur eru áritaðar á skattframtöl viðkomandi launamanna og munu birtast í vefframtali hvers og eins, og á pappírframtali ef að um það er að ræða. Skattframtölunum fylgir sérstakt sundurliðunarblað yfir áritaðar upplýsingar með nánari skýringum.

Afar mikilvægt er að réttar upplýsingar berist tímanlega. Skilafrestur tölvutækra upplýsinga í gegnum gagnaskilakerfið á *skattur.is* var til 10. febrúar 2011 en skilafrestur launamiða á pappír var til 30. janúar 2011.

Mælst var til þess við launagreiðendur að þeir sendu launamiða til launamanna sinna nokkru áður en skil til ríkisskattstjóra ættu sér stað. Þannig gæfist launamönnum kostur á að koma á framfæri athugasemdum og leiðréttingum við launagreiðendur vegna launauppgjörsins áður en þessum


upplýsingum væri skilað til skatt-yfirvalda og þær áritaðar á framtöl.

Launamiðarnir innihalda nánast allar upplýsingar um greiðslur til einstaklinga, t.d. laun, lífeyrisgreiðslur, atvinnuleysisbætur og greiðslur Tryggingastofnunar. Þar er einnig gerð grein fyrir húsaleigu-greiðslum, hlunnindum og fleiru, en á verktakamiðum kemur einungis fram eitt atriði, þ.e. greiðslur til verktaka fyrir þjónustu, efni og/eða vinnu. Bifreiðahlunnindamiði er fyrir skil á upplýsingum varðandi bifreiðahlunnindi vegna afnota starfsmanna af bifreiðum vinnuveitenda.

Öll hlutfélög, einkahlutfélög, samvinnuhlutfélög og sparisjóðir eru skilaskyld vegna hlutfjármiða og stofnfjármiða. Öllum hlutfélögum sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt

”
Við áritun launa og annarra starfstengdra greiðslna hefur ríkisskattstjóri lagt áherslu á að áritaðar upplýsingar séu endanlegar og sem áreiðanlegastar

staðfestri kaupréttaráætlun ber að skila upplýsingum vegna slíkra hlutabréfa-kaupa. Þá má nefna stofnfjármiða en þeir eru einungis fyrir sparisjóði, stofnsjóðamiða samvinnufélaga, lífeyrissjóðamiða fyrir skil á gögnum frá lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbótamiða fyrir Atvinnuleysisstryggingasjóð og deildir hans, sveitarfélagamiða fyrir skil á gögnum sem einungis geta komið frá sveitarfélögum, tryggingafélagamiða fyrir skil á bótageiðslum frá tryggingafélögum og staðgreiðslu þeim tengdum, og TR-miða sem einungis eru til nota fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Þessir miðar eru meðhöndlaðir á sama hátt og launamiðar við áritun á skattframtöl.



Á greiðslumiða fyrir leigu eða afnot skulu koma fram hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, svo og greiðslur fyrir sérhver önnur afnot af réttindum, s.s. aflaheimildum, einkaleyfum eða sérþekkingu, enda sé ekki gerð grein fyrir þessum greiðslum á öðrum skilagreinum.

Eins og áður var nefnt var mjög stórum áfanga náð þegar bönkum, öðrum fjármálastofnunum og lífeyrissjóðum var gert skylt að veita upplýsingar varðandi innstæður, skuldir, hlutfé og fleira, og í framhaldi voru þessar upplýsingar áritaðar á framtöl. Öllum fjármálastofnunum og öðrum sem taka við fjármunum til ávöxtunar er skylt að tilgreina, sundurliða á kennitölu viðskipta aðila, upplýsingar um alla bankareikninga, staðgreiðsluskyldar vaxtatekjur og afdregna staðgreiðslu af þeim, og stöðu reikninganna í árslok. Allar fjármálastofnanir, þ.e. bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.fl., sem lánað hafa fé til einstaklinga, skulu gera grein fyrir þeim lánveitingum. Bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf, skulu gera sundurliðaða grein fyrir viðskiptum með hlutabréf.

Þá eru áritaðar á framtöl upplýsingar um allar fasteignir skv. upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands, upplýsingar um lán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, upplýsingar um bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skv. ökutækjaskrá Umferðarstofu, og upplýsingar um lögskráningardaga á skipum skv. Siglingastofnun.

Hér er hvorki tæmandi lýsing á því starfi sem fer fram í tengslum við gagnaskil, né tæmandi lýsing á öllum þeim gögnum sem skila ber til ríkisskattstjóra vegna framtalsgerðar o.fl., samkvæmt 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þessi samantekt ætti þó að gefa nokkra mynd af umfangi þessa þáttar í starfsemi embættisins.

Er frelsið of dýru verði keypt?

Kunnur dægurlagatexti hefst á þessum orðum: Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil... Það virðist liggja í augum uppi að eftirsóknarvert sé að búa við slíkar aðstæður, gera bara það sem mann langar til. En þegar grannt er skoðað birtist frelsið í ýmsum myndum og þær eru ekki allar jafn yndislegar.

Þeir sem vinna við skatteftirlit telja sig sjá þess merki að aukið frelsi á sumum sviðum atvinnulífsins, minna eftirlit og undanþáguákvæði í lögum leiði af sér vaxandi tilhneigingu til skattasniðgöngu. Þá erum við ekki að tala um smámuni, eins og þegar maður gerir manni greiða, heldur skipulagðan ásetning sem oftast er ekki af stærri gerðinni, jafnvel skipulagða glæpastarfsemi. Aukið frelsi og undanþágur veita þeim sem þetta stunda aukið skjól til að sinna ólögum athöfnum sem oftast er ekki smita líka út frá sér. Við sjáum fleiri dæmi en áður um að tilteknir einstaklingar hafi í þessu skjóli búið sér til sínar eigin reglur og aðferðir við skattskil. Þessir aðilar eiga það flestir sammerkt að leggja lítið eða ekkert til samfélagsins en eru samt sem áður tilbúnir til að þiggja menntun, heilbrigðisþjónustu, löggæslu og aðra velferð fyrir sig og sína úr sameiginlegum sjóðum í síst minna mæli en aðrir.

Er Ísland sér á báti?

Í sjónvarpsþætti Þórhalls Gunnarssonar, Návígi, sem sýndur var 11. janúar 2011, var viðtal við Alfreð Gíslason handboltaþjálfara og fyrrum leikmann. Þar kom fram sú athyglisverða skoðun Alfreðs að hrun eins og hérna varð hefði aldrei getað átt sér stað í Þýskalandi. Þar væri regluverkið svo agað að búið hefði verið að grípa inn í mun fyrir en hér gerðist. Eins fullyrta Alfreð að þar gætu menn sem stæðu í rekstri ekki hoppað inn á nýrri kennitölu ef illa færi. Hann sagði hreinlega að aðilar sem lentu í gjaldþroti ættu ekki innkomuleið í bankakerfið að nýju, ekki eftir fimm ár eða 30 ár, heldur aldrei.

Þótt þessar upplýsingar hafi ekki verið staðfestar af þar til bærum aðilum þá er þetta fróðlegt í samanburði við íslenska kerfið. Hér er ekki nóg með að menn geti hoppað á nýja kennitölu og haldið áfram rekstri, heldur eru dæmi um að bankar hafi beinlínis ráðlagt rekstraraðilum að grípa til slíkra úrræða eða bankarnir sjálfir

”

Ekki er að sjá að það sé vandkvæðum bundið að fá menn til að sitja í stjórnnum svona félaga, og þess hafa sést nokkur dæmi að þeir séu sóttir á Litla-Hraun ef annað er ekki í boði

beitt þeim á fyrirtæki sem þeir hafa tekið yfir. Kannski er okkur Íslendingum bara ætlað að líta á lög og reglur sem leiðbeinandi viðmið?

Félagafrelsið hér á landi

Eitt af því sem breyst hefur verulega á einum eða tveimur áratugum er að nú hafa menn nánast ótakmarkað frelsi til að stofna félög um svo til hvað sem er. Svo er að sjá að enginn sé maður með mönnum nema hann eigi heilu keðjurnar af félögum sem

eiga hvert í öðru. Ef illa fer hjá einu þeirra þá er það skilið eftir í reiðuleysi, eignir þess seldar til annars félags í keðjunni eða jafnvel bara teknar í notkun af öðru félagi. Dæmi eru einnig um að félög hafi verið stofnuð og þau hafið viðskipti án þess að semja nokkurn tíma ársreikning eða skila skattframtali. Þegar stjórnvald fer að amast við slíkum félögum þá eru þau yfirgefin eins og sökkvandi skip og nýtt félag stofnað eða tekið í notkun til að halda áfram og þannig koll af kalli. Ekki er að sjá að það sé vandkvæðum bundið að fá menn til að sitja í stjórnnum svona félaga, og þess hafa sést nokkur dæmi að þeir séu sóttir á Litla-Hraun ef annað er ekki í boði. Félagsformin virðast öll svo sveigjanleg og lipur að svört atvinna og skipulögð glæpastarfsemi geti þrífist innan þeirra án sýnilegra vandkvæða. Þrátt fyrir að skattar séu áætlaðir á þessi félög þá eru þau eins og refurinn með ótal útgöngu- og flóttaleiðir sem innheimtumenn ríkisins eiga erfitt með að byrgja. Það virðist ekki lengur vera virkt úrræði að setja félag sem starfrækt er með þessum hætti í þrot og krefjast gjaldþrotaskipta því eignirnar væru vísast til horfnar og ekkert af búinu að hafa.

Þýsna oft hefur það sést að starfsfólk fyrirtækja stofni félag eða félög sem það geri síðan verktakasamning við í gegnum launagreiðanda sinn. Þar með er samband launþega og launagreiðanda rofið og við tekur nýtt form sem menn haga með ýmsu móti. Oft gerist það að félagið telur ekki fram til skatts, eða hættir því á síðari stigum, og opinber gjöld þess eru áætluð. Engar greiðslur berast, engar eignir finnast og enginn innheimtumaður sér ástæðu til



Aðalsteinn Hákonarson sviðsstjóri eftirlitssviðs RSK.

að halda uppi innheimtuaðgerðum vegna einhverra áætlana sem vísast gætu verið út í bláinn. Nái skattyfirvöld ekki að trufla þetta ferli þá má búast við að nýtt félag verði stofnað til að halda leiknum áfram. Nokkur dæmi hafa t.d. sést um að félög sem myndað hafa hagnað af sölu eigna og frestað skattlagningunni hætti að semja ársreikninga og telja fram til skatts. Innheimtumaður hefur oft engin tök á að sjá hvað varð um eignir félagsins og stendur frammi fyrir að innheimta opinber gjöld samkvæmt áætlun. Sá sem áætlaði hefur einnig lítil tök á að fylgjast með því sem innheimtumaðurinn er að gera.

Má allt sem ekki er bannað og sumt þó það sé bannað?

Það verður æ algengara að félög kaupri eða eignist aflahlutdeild eða aflamark í gegnum skiptingar án þess að eiga nokkurt skip. Þetta er fært í ársreikninga án þess að nokkrar upplýsingar komi fram um á hvaða skipi aflahlutdeildin er vistuð. Oft eru engar upplýsingar um undirliggjandi magn þótt viðskiptin séu upp á hundruði milljóna. Þetta eru því að verða sambærileg viðskipti og stunduð eru með verðbréf. Þótt

aflahlutdeildir svífi með þessum hætti í vaxandi mæli á milli félaga sem eiga engin skip, þá á engin skráning sér stað um þetta hjá Fiskistofu. Þar eru bara upplýsingar um á hvaða skipi hlutdeildin er vistuð og hve mikið viðkomandi skip hefur veitt. Skyldi þetta vera fyrirkomulag sem löggjafinn ætlaðist til að yrði tekið upp? Reyndar hafa sumir haldið því fram að þetta sé bannað en því hefur ekki verið fylgt eftir.

Í lögum nr. 90/2003 eru ákvæði sem heimila að einstökum félögum sé skipt upp í tvö eða fleiri félög. Það er eins og þessi ákvæði hafi dottið af himnum ofan án sýnilegs tilgangs því að engin greinargerð var lögð fram með frumvarpinu þegar það varð að lögum. Einhvern veginn finnst manni að eðlilegt geti verið að félagi sé skipt í þeim viðskiptalega tilgangi að afmarka einhverja starfsemi þess inni í nýju félagi, t.d. af stjórnunarlegum eða fjárhagslegum ástæðum, en varla í þeim tilgangi að skjóta sér undan lögboðnum skyldum.

Nú orðið sýnist manni að skiptingum sé beitt í öllum mögulegum og ómögulegum tilgangi. Dæmi sjást um að eignir sem á að selja séu færðar inn í annað félag í gegnum skiptingu og félagið síðan selt í

stað eignanna til skattahagræðingar. Skyldi þetta hafa verið tilgangur laganna? Dæmi sjást einnig um að aflahlutdeild sem selja eigi sé sett inn í sér félag í gegnum skiptingu. Síðan er hún seld, söluhagnaði frestað um tvenn áramót, og innan tilskilins tíma hefur félagið keypt aðra aflahlutdeild sem það getur fært niður á móti söluhagnaðinum, oft af sama félagi og það stofnaðist úr við skiptinguna. Með aðgerð sem jafna má við tilflutning á milli vasa á sömu flík hefur tekist að eyða út skattskyldunni sem myndaðist af sölunni. Varla er trúlegt að þetta hafi verið tilgangurinn með lagasetningunni.

Samrunar félaga eru einnig fyrirbæri sem virðast hafa farið úr böndunum. Í erlendum kennslu- og fræðibókum er þess víða getið að tilgangur samruna sé „to increase efficiency“. Með samruna er því jafnan verið að búa til eina einingu úr tveimur eða fleiri með það að markmiði að hin sameinaða eining verði öflugri og sterkari en þær sem fyrir voru. Hér á landi hafa flestir samrunar á síðasta áratug aftur á móti gengið út á að búa til veikari einingu en þá eða þær sem fyrir voru. Ekki verður séð að það sé samkvæmt viðurkenndum

hugmyndum um áhrif og tilgang samruna. Þetta er sú staðreynd sem blasir við í hundradævis þegar horft er yfir sviðið í íslensku viðskiptalífi og er án efa einn af orsakavöldum hrunsins. Þessi fyrirtæki hafa verið skuldsett í gegnum eignalaus samruna þegar þau voru látin fjármagna yfirtöku á sjálfum sér. Þó að það standi í lögum að slíkt sé ólöglegt og einnig refsivert þá hefur ekkert yfirvald séð ástæðu til að amast við þessu. Því má svo bæta við að í gegnum svona ráðstafanir, sem voru algengar frá því um 2000 og fram að hruni, tapaði ríkissjóður gríðarmiklum skattstofnum.

Undanþágur í skattalögum

Hagnaður rekstraraðila af sölu hlutabréfa hefur um margra ára skeið verið nánast skattfrjáls í gegnum frestunar- eða frádráttarheimildir. Mjög hefur verið kallað eftir því úr atvinnulífinu að slíkur hagnaður sé ekki skattlagður frekar en arður af hlutabréfum sem getur farið skattfrjáls á milli félaga. En það er með svona undanþágur að oft fylgir böggull skammrifi. Þess sjást víða merki að tengdir aðilar selji hlutabréf sín á milli á verði sem ólíklegt er að sæist í viðskiptum ótengdra aðila. Í þessu felst að það er verið að skekkja hina opinberu mynd af afkomu og efnahag og færa eignir á milli félaga án þess að til skattskyldu komi. Frægasta dæmið sem menn þekkja er eflaust Sterlingfléttan sem endaði með gríðarlegu tapi inni í FL Group. En það er langt frá því að vera eina dæmið þó að önnur slík hafi ekki komist í sömu hámmæli. Í raun má segja að allar undanþágur eða tilslakanir á reglum, hvort sem þær eru í þágu lögaðila eða einstaklinga, leiði oftast en ekki af sér að ráðstafanir sem hafi ekki sést áður líti dagsins ljós án þess að löggjafinn hafi séð þær fyrir eða ætlast til að til þeirra yrði gripið.

Efla þarf skatteftirlit

Hér hafa verið nefnd nokkur dæmi um hvernig óheft frelsi og undanþágur í lögum leiða gjarnan af sér óvenjuleg og oft ólögleg viðskipti, aukið flækjustig og undanskot á sköttum. Einhver kynni að spyrja hvort ekki sé hægt að stoppa þetta með skatteftirliti og skattrannsóknnum. Jú, með meiri tilkostnaði væri það eflaust hægt en það flækir málin hversu gríðarlega lögaðilum hefur fjölgað hér á landi á undanförunum árum. Það getur verið erfitt að greina hvað veldur því að félag hættir að semja ársreikning og skila framtali, og sömuleiðis að ganga úr skugga um hvort viðskipti hafi verið á milli tengdra aðila

eða ekki. Það má hafa í huga að líklega eru vel yfir 300 endurskoðendur og bókarar að aðstoða um fjórðung einstaklinga við að skila skattframtölum og þorra lögaðila við að semja ársreikninga og skattframtöl. Ef frá eru taldir þeir starfsmenn í skatteftirliti sem vinna í svonefndum greiningar- og vettvangsteymum þá eru í dag á milli 25 og 30 starfsmenn að yfirfara gögn og upplýsingar í sértæku skatteftirliti sem samín eru og send til skattýfirvalda af þessum vel yfir 300 fagaðilum, auk allra annarra sem senda inn gögn. Ljóst má vera af þeim tölum að ekki er hægt að skoða nema brot af þeim gögnum sem um er að tefla. Skatteftirlit er unnið á málefnalegum grunni með þeim hætti að greiningarteymi skimar með rafrænum hætti þau gagnasöfn sem skattýfirvöldum berast. Skilgreind og

”

Skattýfirvöld þyrftu einnig úrræði til að bregðast við skipulögðum undanskotum. Þar mætti nefna að geta fært skyldur félags með takmarkaða ábyrgð yfir á eigendur þeirra persónulega, einn eða fleiri, hafi viðkomandi félag ekki sinnt skyldum sínum um skil á gögnum um tiltekinn tíma

afmörkuð eru tiltekin atriði varðandi fyrirfram ákveðna málaflökka þannig að líklegt sé að frávik sem bent geta til rangra skattskila uppgötvist. Hefðbundið skatteftirlit með núverandi mannskap hefur enga möguleika á að ráða við allt sem aflaga fer í skattaumhverfi nútímans. Þar fyrir utan eru gerðar miklar kröfur til skatteftirlitsmanna um tillitssemi í garð gjaldenda, bæði í skattalögum og stjórnýslulögum, þannig að það er ekki hægt að hlaupa til og endurávarða skatta á menn og fyrirtæki nema að undangengnum miklum og formlegum málatilbúnaði. Hvert mál þarf t.d. að vera algerlega upplýst, það þarf að boða gjaldandanum með skýrum hætti hvað skatteftirlitsmenn hyggjast gera í tilviki hans og gefa honum kost á að koma að andmælum. Þótt slík andmæli séu

stundum yfirfull af röngum eða afvegaleiðandi svörum þá þarf eftirlitsmaðurinn sem málið rekur að rökstyðja af nákvæmni fyrir hvert og eitt atriði hvers vegna hann getur ekki tekið andmælin góð og gild áður en hann vogar sér að breyta sköttunum á viðkomandi. Skiptir þá engu hvort um er að ræða háttvísan gjaldanda sem gert hefur mistök í framtali sínu eða skúr sem með skipulegum hætti reynir að leyna tekjum sínum - málsmeðferðin er eins hjá báðum. Lögum samkvæmt ætti þó mál skúrksins, þ.e. alvarlegt ásetningsbrot, að fara áfram til skattrannsóknarstjóra sem getur beitt sektum og vísað málum til refsimeðferðar hjá lögreglu. Þar er að sjá að við sambærileg vandamál sé að stríða og hjá eftirlitsfólkinu, þ.e. að starfsfólkið kemst ekki yfir nema hluta af þeim verkefnum sem því er ætlað að sinna. Þeir sem valdið hafa mættu leiða hugann að því hvort besta lagfæringin sem völ er á væri ekki annars vegar að lagfæra regluverkið með því að setja inn aukin skilyrði og takmörk, og hins vegar að bæta þau úrræði sem bæði skattýfirvöld og innheimtumenn skatta geta gripið til.

Brýn úrræði

Skattýfirvöld og innheimtumenn skatta, sem eru tollstjóri og sýslumenn, þyrftu að bæta samstarf sín á milli til að ná meiri árangri í skattheimtu en nú er. Bættar upplýsingar til handa innheimtumönnum myndu gera aðgerðir þeirra síðarnefndu markvissari, og leiða til réttari ákvarðanatöku um hvenær eigi að beita úrræðum eins og fjárnámi, kröfu um nauðungarsölu og beiðni um gjaldþrot, svo dæmi séu tekin. Þá væri aukið samstarf á sviði virðisaukaskatts einnig mjög til bóta, eins og t.d. að veita upplýsingar um lokun á vsk-númerum og hvenær rétt sé að láta loka og innsigla tiltekna starfsemi. Skattýfirvöld þyrftu einnig úrræði til að bregðast við skipulögðum undanskotum. Þar mætti nefna að geta fært skyldur félags með takmarkaða ábyrgð yfir á eigendur þeirra persónulega, einn eða fleiri, hafi viðkomandi félag ekki sinnt skyldum sínum um skil á gögnum um tiltekinn tíma. Þá mætti lagfæra ýmis ákvæði laga með það fyrir augum að ekki sé allt leyfilegt þó það sé ekki bannað. Auðvitað mætti nefna ýmislegt fleira en ef hægt væri að virkja þau úrræði sem hér eru nefnd myndi það bæta ástandið verulega frá því sem nú er.

Aðalsteinn Hákonarson

A A- A+ Útskráning

skattur.is
Þjónustuvefur

Síðast innskráður
01.05.2011 kl. 13:26

Almennt
Framtal
Vefskil
Samskipti

Yfirlit

- Staðfest afrit framtals
- Álagningarseðill
- Staðgreiðsluskrá RSK
- Ókutækjaskrá
- Fjársýsla ríkisins
- Tryggingastofnun
- Sjúkratryggingar Íslands
- Fyrirtækjaskrá RSK
- Vefgátt til LÍN

Stillingar

- Veflyklar
- Mínar stillingar
- Bankaupplýsingar

Útskráning

Almenn þjónusta

Beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts

vegna aðkeyptar vinnu verktaka

Vefframtal 2011

VEFFRAMTAL
smelltu hér

2011

Þjónusta í boði

- [Sjúkratryggingar Íslands - Yfirlit frá Sj](#)
- [Umferðastofa - Ókutæki á þínum vegum](#)
- [LÍN - Vefgátt](#)
- [RSK - Staðgreiðsluyfirlit](#)
- [RSK - Félög sem þú tengist](#)
- [FJS - Staða þín hjá innheimtumanni](#)
- [TR - Yfirlit frá Tryggingastofnun](#)

Á þessari síðu getur þú haft rafræn samskipti við skattýfirvöld, eins og að skila framtali, fá staðfest afrit og skoða útreikning gjalda og álagningu. Auk þess hefur þú aðgang að upplýsingum og yfirlitum, bæði varðandi skattamál og frá öðrum stofnunum.

Nýjung á þjónustuvefnum skattur.is



Sæmundur
Guðmundsson

Í lok janúarmánaðar sl. var bætt inn á þjónustuvef ríkisskattstjóra, skattur.is, möguleika á að senda rafrænt inn beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyptar vinnu verktaka við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota, eyðublað RSK 10.18. Á sama hátt er hægt að sækja rafrænt um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyptar vinnu verktaka við nýbyggingu á íbúðarhúsnæði til eigin nota, eyðublað RSK 10.19.

Umsækjandi getur nú fyllt út og sent beiðni um endurgreiðslu rafrænt til ríkisskattstjóra. Eftir sem áður er þó nauðsynlegt að senda til ríkisskattstjóra útprentaða og undirritaða móttökukvittun, ásamt frumriti reikninga og staðfestingu á greiðslu. Með rafrænum skilum á endurgreiðslubeiðni er strax hægt að ganga úr skugga um að hún sé fyllt út með réttum hætti og allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram

á henni. Þar sem umsækjandi gefur upp símanúmer og/eða tölvupóstfang á beiðni um endurgreiðslu, getur ríkisskattstjóri einnig haft samband við umsækjanda með skilvirkari hætti en annars væri ef óska þarf eftir frekari gögnum eða nánari skýringum. Með þessu móti getur afgreiðsla beiðni um endurgreiðslu tekið skemmri tíma en ella. Umsækjandi hefur nú jafnframt aðgang á þjónustuvefnum að móttökukvittunum og afritum af innsendum beiðnum um endurgreiðslu, og þegar ríkisskattstjóri hefur afgreitt beiðni um endurgreiðslu bætist tilkynning um endurgreiðslu inn á þjónustuvefinn. Í framtíðinni mun umsækjandi jafnframt fá sendan tölvupóst um að tilkynningu um endurgreiðslu hafi verið bætt inn á þjónustusiðu hans.

Umsækjandi getur í framhaldi af tilkynningu um endurgreiðslu haft samband við innheimtumann ríkissjóðs og gefið honum upplýsingar um inn á hvaða bankareikning leggja skuli endurgreiðsluna. Símanúmer viðkomandi innheimtumanns er að finna á tilkynningunni um endurgreiðsluna.

Frá því að opnað var fyrir rafrænar umsóknir um endurgreiðslu hefur ríkisskattstjóri þegar mótttekið tæplega níu hundruð beiðni um endurgreiðslu.

Á síðastliðnum árum hefur beiðnum um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu

við íbúðarhúsnæði fjölgað til mikilla muna. Sem dæmi má taka að árið 2007 voru umsóknir tæplega sjö þúsund, árið 2008 voru þær tæplega níu þúsund, árið 2009 voru þær tæplega 15.000 og vegna ársins 2010 eru þær í dag orðnar 16.500.

Þessa fjölgun endurgreiðslubeiðna má rekja annars vegar til þess að frá byrjun ársins 2009 hefur verið endurgreiddur að fullu virðisaukaskattur af vinnulið en áður hafði endurgreiðslan verið 60%. Hina ástæðuna fyrir slíkri fjölgun má rekja til þess að um mitt síðastliðið ár réðust stjórnvöld í átakið „Allir vinna“. Þar var athygli almennings vakin á þessari endurgreiðslu og jafnframt því að við álagningu opinberra gjalda árin 2011 og 2012 heimilist til frádráttar tekjuskattsstofni 50% af þeirri fjárhæð sem greidd var vegna vinnu við endurbætur og viðhald á íbúðar- og frístundahúsnæði (án virðisaukaskatts) á árunum 2010 og 2011. Ekki þarf að sækja sérstaklega um þennan frádrátt heldur aðeins að sækja um endurgreiðslu virðisaukaskattsins fyrir 1. febrúar árið eftir framkvæmdir. Nánari upplýsingar um þetta átak má m.a. nálgast á síðunni allirvinna.is.

Ríkisskattstjóri stefnir að því að í náinni framtíð verði bætt inn á þjónustuvefinn fleiri tegundum beiðna um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Góð skil ársreikninga skapa traust

Í ársreikningaskrá og fyrirtækjaskrá eru búin til verðmæti. Þessi verðmæti eru fyrst og fremst afskaplega dýrmæt fyrir atvinnulífið í landinu en einnig gagnast þau opinberum aðilum. Aðilar atvinnulífsins geta þannig nýtt framleiðslu skráanna sér til hagsbóta með því að kynna sér fjárhagslega stöðu viðskiptavina sinna með yfirveguðum hætti áður en til viðskipta er stofnað. Með slíkum hætti er oft hægt að koma í veg fyrir að kröfur tapist. Skrárnar nýtast opinberum aðilum með ýmsum hætti, t.d. til að aðstoða atvinnulífið við að skila til samfélagsins þeim sköttum og gjöldum sem löggjafinn hefur ákveðið á hverjum tíma.


Það sem er sérstakt við þessar skrár er þó það að atvinnulífið getur ráðið því hve dýrmæt framleiðslan verður. Það stafar af því að allar upplýsingar sem í skránum er að finna koma beint frá atvinnulífinu. Ef misbrestur er á upplýsingagjöfinni, eða gögn berast seint og illa, verður afurðin ekki eins dýrmæt og að er stefnt. Það er því mikið í húfi að skilningur sé á þessu í atvinnulífinu.

Í þessum skrifum verður sjónum einkum beint að starfsemi ársreikningaskrár. Eins mikilvæg og hún á að geta verið fyrir atvinnulífið í landinu, þá verður að segja eins og er að skil fyrirtækja á ársreikningum hafa verið fremur slök og til muna minni en í nágrennalöndum okkar. Við fall íslensku bankanna haustið 2008 missti íslenskt viðskiptalíf tiltrú margra

bæði hér heima og erlendis. Fjöldmörg fyrirtæki sem voru í viðskiptum við erlenda aðila fundu fljótt fyrir því að erfitt, eða jafnvel ómögulegt með öllu, var að fá greiðslutryggingar frá alþjóðlegum fjármála fyrirtækjum. Ein meginástæðan var sú að þessi erlendu félög höfðu ekki aðgang að lágmarksupplýsingum um rekstrarhæfi fjölmargra íslenskra fyrirtækja. Í þróuðu viðskiptalífi þykir sjálfsagt að slíkar upplýsingar sé hægt að nálgast hjá ársreikningaskráum viðkomandi landa. Hér á landi voru þessar upplýsingar hins vegar ærið gloppóttar. Hagsmunasamtök atvinnulífsins, með Viðskiptaráð Íslands og Samtök atvinnulífsins í fararbroddi, gerðu sér grein fyrir því að úr þessu yrði að bæta til að traust yrði aftur skapað. Þau hafa því lagst á árinna með ársreikningaskrá að auka skil

ársreikninga á réttum tíma. Nokkuð hefur miðað í rétta átt en betur má ef duga skal.

Ársreikningaskrá hefur nú verið fyrir á ferðinni en áður með eftirrekstur gagnvart þeim sem ekki hafa skilað reikningum eins og lögbundið er. Þá hefur verið gripið til þess nýmælis að vekja athygli á vanskilum ársreikninga með auglýsingum í dagblöðum. Fyrirtæki sem eru með ítrektaða vanskilasögu á ársreikningum hafa verið afskráð úr fyrirtækjaskrá. Jafnframt hefur verið unnið að undirbúningi viðtækra sekta, í samræmi við það sem lög heimila, hjá þeim sem enn eru í vanskilum. Þeir forsvarsmenn atvinnulífsins sem gera sér grein fyrir því að við verðum að spila eftir alþjóðlegum leikreglum til að vera teknir alvarlega í viðskiptalífi heimsins hafa í fréttaviðtölum vakið athygli



Í afgreiðslu fyrirtækjaskrár ráða ríkjum þær Eva Gunnarsdóttir og Linda Björk Unnarsdóttir.



Hluti starfsmanna fyrirtækja- og ársreikningaskrár, frá vinstri: Haukur Sigurðsson, Hulda Pálsdóttir, Ingunn Ásgeirsdóttir, Linda Björk Unnarsdóttir, Margrét Högnadóttir, Helga Finnbogadóttir, Skúli Jónsson, Sigríður L. Lúðvíksdóttir, Gerður Ólafsdóttir, Eva Gunnarsdóttir, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Árný Sigríður Jakobsdóttir, Ólafur Magni Sverrisson.

á þessu vandamáli. Eins hefur í sumum fréttablöðum atvinnurekenda verið bent rækilega á að á þessu sviði þurfum við að taka okkur á og bæta skil ársreikninga verulega frá því sem verið hefur.

En hvernig skyldi þá standa á því að skil eru hér mikið lakari en í öðrum löndum? Sjálfsagt eru þar ýmsar ástæður. Einhverjir hafa sjálfsagt eitthvað að fela, eða vilja ekki upplýsa aðra um að fyrirtæki sem þeir bera ábyrgð á eru við það að komast í þrot. Þá má vera að trassaskapur forráðamanna fyrirtækja sé einfaldlega skýringin að einhverju leyti. Stærsta ástæðan kann þó að vera sú að býsna mörgum finnist lög og reglur vera eitthvað sem einungis beri að hafa til hliðsjónar ef það hentar, en engin ástæða sé til að virða bókstaf þeirra eða tilgang. Þetta kann að vera hluti af því almenna agaleysi sem margir telja að einkennt hafi samfélag okkar, og var jafnvel af sumum talin ein forsenda hinnar mögnuðu útrásar þegar hún stóð sem hæst.

Hvað sem um þetta má segja verður ekki hjá því komist, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að ásýnd atvinnulífsins ræðst af stórum hluta af vilja fyrirtækja til að upplýsa um helstu atriði í rekstri sínum og fjárhagslega stöðu. Á slíkum upplýsingum byggja fjárfestar ákvarðanir sínar, fjölmiðlar umfjöllun, almenningur afstöðu og stjórnmöld aðgerðir sínar. Gildir

þetta um aðila hér heima og erlendis. Ef upplýsingarnar eru glöppóttar og ófullnægjandi skapast tortryggni og vantraust í samskiptum aðila til tjóns fyrir samfélagið allt. Góð og almenn skil ársreikninga eru þannig ein af forsendunum fyrir því að Ísland komist aftur í hóp þeirra þjóða sem trausts njóta á alþjóðavettvangi.



Skúli Jónsson er sviðsstjóri skrásviðs RSK en undir það fellur m.a. rekstur fyrirtækjaskrár og ársreikningaskrár.

Munur á atvinnuleysi eftir sveitarfélögum

Þó að atvinnuleysi sé nú meira en áður hefur sést er þó ekki annað að sjá en að ástandið sé nokkuð mismunandi í hinum ýmsu héruðum landsins.



Páll Kolbeins

Íslendingar hafa átt því láni að fagna að hér hafa vinnufúsar hendur átt auðvelt með að finna kröftum sínum farveg. Í gegnum tíðina hefur á flestum tímum verið næga atvinnu að fá fyrir alla sem getu og vilja hafa haft til að framfleyta sér. Í kjölfar hrunsins haustið 2008 versnaði ástandið í atvinnumálum hér á landi

verulega. Atvinnuleysi náði nýjum og áður óþekktum hæðum árið 2009. Samkvæmt skattframtali 2010, vegna tekna ársins 2009, töldu 27.638 manns fram tæpan 21 milljarð í atvinnuleysisbætur. Í venjulegu árferði hafa að jafnaði fimm til sex þúsund manns talið fram atvinnuleysisbætur á hverju ári. Hér er því um alger umskipti að ræða. Þó að atvinnuleysi sé nú meira en áður hefur sést er þó ekki annað að sjá en að ástandið sé nokkuð mismunandi í hinum ýmsu héruðum landsins.

Flestir á höfuðborgarsvæðinu


Langflestir þeirra sem töldu fram atvinnuleysisbætur á skattframtali ársins 2010 voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.

Þetta eru jafnframt fjölmennustu sveitarfélög landsins. Þannig töldu 10.546 fram atvinnuleysisbætur í Reykjavík, 2.664 í Kópavogi og 2.379 í Hafnarfirði. Hlutfall íbúa sem töldu fram atvinnuleysisbætur í þessum sveitarfélögum var í takti við landsmeðaltal. Í Reykjanesbæ taldi 2.031 fram atvinnuleysisbætur. Reykjanesbær er fimmta fjölmennasta sveitarfélagið í landinu. Það er þó í fjórða sæti yfir þau sveitarfélög þar sem flestir töldu fram atvinnuleysisbætur. Akureyri er fjórða fjölmennasta sveitarfélagið en þar fengu 1.829 manns greiddar atvinnuleysisbætur.

Hlutfallslega mest á Reykjanesi


Það þarf ekki að koma á óvart að flestir hafi fengið greiddar atvinnuleysisbætur í

Fjöldi íbúa sem töldu fram atvinnuleysisbætur í hverju sveitarfélagi



Árið 2009 var atvinnuleysi mest á suðvestur horni landsins. Árið 2010 töldu flestir fram atvinnuleysisbætur í stærstu sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Þá töldu einnig margir fram atvinnuleysisbætur í sveitarfélögunum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Hlutfall íbúa sem töldu fram atvinnuleysisbætur í hverju sveitarfélagi



Þó að flestir hafi talið fram atvinnuleysisbætur á höfuðborgarsvæðinu töldu mun fleiri fram atvinnuleysisbætur á Reykjanesi þegar horft er til hlutfalls íbúa sem voru atvinnulausir. Í sumum þessara sveitarfélaga eru greiðslur Vinnuálagstofnunar dágóður hluti tekna íbúa í sveitarfélaginu.

fjölmennustu sveitarfélögum. Ef fjöldi þeirra sem töldu fram atvinnuleysisbætur er hins vegar skoðaður með hliðsjón af íbúafjölda í hverju sveitarfélagi kemur í ljós að þó að flestir þeirra sem töldu fram atvinnuleysisbætur árið 2010 hafi verið búsettir í Reykjavík þá var Reykjavík í 22. sæti yfir þau sveitarfélög þar sem flestir töldu fram atvinnuleysisbætur ef horft er til tiltölu. Um 11,3% íbúa í landinu sem komnir voru til vits og ára, þ.e. höfðu náð 16 ára aldri, fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2009. Margir framteljendur eru ekki á vinnumarkaði og hafa því ekki sótt um atvinnuleysisbætur. Ef þeir sem töldu fram atvinnuleysisbætur eru bornir saman við þá sem hafa fulla starfsgetu og vilja vinna þá er hlutfallið augljóslega hærra en kemur fram þegar þeir eru bornir saman við alla framteljendur á skattgrunnskrá.

Þegar íbúar á skattgrunnskrá í hverju sveitarfélagi eru hafðir til hliðsjónar þá voru flestir atvinnulausir í lengri eða skemmri tíma í Sandgerði. Um 20,3% íbúa í Sandgerði töldu fram atvinnuleysisbætur árið 2010. Atvinnuleysi var einnig mikið í hinum sveitarfélögum á Reykjanesi, 19,3% í Reykjanesbæ, 18,2% í Vogum og 17,2% í Garði. Rétt er að árétta að hér er verið að fjalla um alla sem þáðu

atvinnuleysisbætur árið 2009, óháð því hvort þeir voru atvinnulausir í nokkra daga, vikur, mánuði eða allt árið. Um 11,3% íbúa í Reykjavík töldu fram atvinnuleysisbætur og 13,9% íbúa á Akureyri. Það er varla hægt

fjármagnstekjur, þ.e. laun og hlunnindi sem greidd eru fyrir vinnu, greiðslur úr lífeyrisjóðum og bætur frá Tryggingastofnun, að viðbættum tekjum sem skattstjórar áætla framteljendum sem taldir eru hafa vantalið

”

Það lítur út fyrir að ástand í atvinnumálum sé einna verst á Reykjanesi hvað varðar hlutfall íbúa sem fengu greiddar bætur, fjölda íbúa sem fengu greiddar bætur og hlutfall bóta af tekjum íbúa í sveitarfélaginu

að kenna hrúni bankakerfisins alfarið um atvinnuleysið á Reykjanesi heldur hljóta aðrir þættir að skipta þar einnig máli. Í því sambandi má benda á að margir Suðurnesjamenn misstu vinnuna þegar Bandaríkjaher fór frá Miðnesheiði.

Atvinnuleysisbætur hlutfall tekna

Þegar skoðað er hvað greiðslur Vinnuálagstofnunar eru stór hluti heildartekna í hverju sveitarfélagi sést að iðulega er um frekar lágt hlutfall að ræða. Hér eru heildartekjur skilgreindar sem allar tekjur aðrar en

tekjur eða hafa ekki skilað skattframtali. Tekjur sem eru skilgreindar með þessum hætti voru 886.344 milljónir en þar af voru atvinnuleysisbætur 20.520 milljónir, eða 2,3% heildartekna.

Það er ljóst að í sumum sveitarfélögum skipta atvinnuleysisbætur talsverðu máli fyrir afkomu íbúanna í sveitarfélaginu. Atvinnuleysisbætur voru um 5,9% tekna íbúa í Helgafellssveit á Snæfellsnesi. Þarna búa um 50 manns. Um 44% tekna þeirra sem fengu bætur voru atvinnuleysisbætur sem segir manni að flestir hafa fengið greiddar bætur um nokkra hríð.

Framtöl 2010

Upphæðir í milljónum kr.

Fjöldi íbúa í sveitarfélaginu


Atvinnuleysisbætur og aðrar greiðslur

Nr.	Sveitarfélag	Atvinnuleysis- bætur	Engar bætur	Samtals	Hlutfall íbúa með bætur	Atvinnuleysis- bætur	Laun og hlunnindi	Heildarlaun, hlunnindi o.fl.	Hlutfall launa og atvinnul.bóta	Atvinnuleysisbætur hlutfall tekna
0000	Reykjavíkurborg	10.546	82.649	93.195	11,3%	8.424	245.577	342.839	3,3%	2,5%
1000	Kópavogsbær	2.664	20.134	22.798	11,7%	2.152	66.805	88.954	3,1%	2,4%
1100	Seltjarnarneskaupstaður	257	3.203	3.460	7,4%	187	11.425	14.556	1,6%	1,3%
1300	Garðabær	733	7.328	8.061	9,1%	584	26.987	34.791	2,1%	1,7%
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	2.379	16.870	19.249	12,4%	1.949	53.426	71.630	3,5%	2,7%
1603	Sveitarfélagið Álftanes	208	1.532	1.740	12,0%	163	5.457	6.931	2,9%	2,4%
1604	Mosfellsbær	704	5.504	6.208	11,3%	562	18.132	23.438	3,0%	2,4%
1606	Kjósarhreppur	13	151	164	7,9%	8	387	527	2,1%	1,5%
2000	Reykjanesbær	2.031	8.514	10.545	19,3%	1.575	23.954	35.528	6,2%	4,4%
2300	Grindavíkurbær	218	1.832	2.050	10,6%	158	5.477	7.431	2,8%	2,1%
2503	Sandgerðisbær	254	998	1.252	20,3%	197	2.859	4.170	6,4%	4,7%
2504	Sveitarfélagið Garður	193	927	1.120	17,2%	148	2.528	3.670	5,5%	4,0%
2506	Sveitarfélagið Vogar	154	691	845	18,2%	126	1.909	2.860	6,2%	4,4%
3000	Akraneskaupstaður	607	4.292	4.899	12,4%	363	13.600	18.437	2,6%	2,0%
3506	Skorradalshreppur	3	38	41	7,3%	1	57	133	1,4%	0,6%
3511	Hvalfjarðarsveit	44	435	479	9,2%	26	1.271	1.572	2,0%	1,7%
3609	Borgarbyggð	283	2.450	2.733	10,4%	139	6.133	8.205	2,2%	1,7%
3709	Grundarfjarðarbær	64	635	699	9,2%	27	1.916	2.383	1,4%	1,1%
3710	Helgafellssveit	9	40	49	18,4%	7	87	119	7,5%	5,9%
3711	Stykkishólmshreppur	60	810	870	6,9%	33	2.192	3.063	1,5%	1,1%
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	9	101	110	8,2%	9	214	294	3,9%	3,0%
3714	Snæfellsbær	101	1.181	1.282	7,9%	47	4.076	4.957	1,1%	1,0%
3811	Dalabyggð	18	540	558	3,2%	11	1.116	1.557	1,0%	0,7%
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	50	677	727	6,9%	20	1.892	2.419	1,1%	0,8%
4200	Ísafjarðarbær	172	2.828	3.000	5,7%	69	8.359	10.658	0,8%	0,7%
4502	Reykholahreppur	9	219	228	3,9%	4	438	644	1,0%	0,7%
4604	Tälknafjarðarhreppur	12	208	220	5,5%	4	596	719	0,6%	0,5%
4607	Vesturbyggð	41	691	732	5,6%	27	1.951	2.521	1,4%	1,1%
4803	Súðavíkurhreppur	16	134	150	10,7%	11	338	496	3,0%	2,1%
4901	Árneshreppur	3	40	43	7,0%	2	84	149	1,9%	1,1%
4902	Kaldrananeshreppur	9	83	92	9,8%	6	225	287	2,4%	1,9%
4908	Bæjarhreppur	6	63	69	8,7%	3	139	174	2,1%	1,7%
4911	Strandabyggð	19	366	385	4,9%	11	914	1.204	1,2%	0,9%
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	194	2.984	3.178	6,1%	101	8.148	10.803	1,2%	0,9%
5508	Húnaþing vestra	64	815	879	7,3%	28	1.699	2.464	1,6%	1,1%
5604	Blönduós bær	65	616	681	9,5%	29	1.609	2.218	1,8%	1,3%
5609	Sveitarfélagið Skagastönd	37	344	381	9,7%	18	1.196	1.509	1,5%	1,2%
5611	Skagabyggð	4	71	75	5,3%	2	125	167	1,7%	1,3%
5612	Húnavatnshreppur	21	321	342	6,1%	16	606	835	2,5%	1,9%
5706	Akrahreppur	4	155	159	2,5%	3	253	353	1,2%	0,9%
6000	Akureyrarkaupstaður	1.829	11.361	13.190	13,9%	1.135	33.907	46.278	3,2%	2,5%
6100	Norðurþing	285	2.006	2.291	12,4%	140	5.706	7.562	2,4%	1,9%
6250	Fjallabyggð	163	1.504	1.667	9,8%	74	4.422	6.066	1,6%	1,2%
6400	Dalvíkurbyggð	94	1.330	1.424	6,6%	45	3.658	4.841	1,2%	0,9%
6506	Arnarneshreppur	22	116	138	15,9%	17	285	407	5,5%	4,1%
6513	Eyjarfjarðarsveit	82	660	742	11,1%	48	1.776	2.292	2,6%	2,1%
6514	Hörgárbyggð	48	283	331	14,5%	28	674	939	4,0%	3,0%
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	30	275	305	9,8%	27	772	991	3,4%	2,7%
6602	Grýtubakkahreppur	34	210	244	13,9%	19	746	934	2,4%	2,0%
6607	Skútustaðahreppur	42	268	310	13,5%	25	734	986	3,3%	2,6%
6611	Tjörneshreppur	5	50	55	9,1%	1	81	117	1,3%	0,9%
6612	Þingeyjarsveit	69	679	748	9,2%	45	1.389	1.935	3,2%	2,3%
6706	Svalbarðshreppur	6	80	86	7,0%	6	180	235	3,2%	2,5%
6709	Langanesbyggð	50	317	367	13,6%	30	1.004	1.275	2,9%	2,4%
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	54	529	583	9,3%	32	1.487	2.078	2,1%	1,5%
7300	Fjarðabyggð	247	3.305	3.552	7,0%	137	11.804	14.659	1,1%	0,9%
7502	Vopnafjarðarhreppur	38	504	542	7,0%	20	1.227	1.643	1,6%	1,2%
7505	Fjótisdalshreppur	7	76	83	8,4%	3	177	223	1,7%	1,4%
7509	Borgarfjarðarhreppur	11	100	111	9,9%	4	212	304	2,0%	1,4%
7613	Breiðdalshreppur	25	150	175	14,3%	15	340	490	4,3%	3,1%
7617	Djúpavogshreppur	38	309	347	11,0%	19	854	1.097	2,2%	1,7%
7620	Fjótisdalshérað	309	2.351	2.660	11,6%	155	7.078	9.270	2,1%	1,7%
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	82	1.532	1.614	5,1%	36	4.587	5.697	0,8%	0,6%
8000	Vestmannaeyjabær	207	2.977	3.184	6,5%	124	9.818	12.595	1,2%	1,0%
8200	Sveitarfélagið Árborg	791	5.020	5.811	13,6%	547	13.960	19.765	3,8%	2,8%
8508	Mýrdalshreppur	21	375	396	5,3%	11	818	1.141	1,3%	0,9%
8509	Skaftárhreppur	14	372	386	3,6%	8	749	1.081	1,0%	0,7%
8610	Ásahreppur	10	134	144	6,9%	7	282	443	2,3%	1,5%
8613	Rangárþing eystra	89	1.284	1.373	6,5%	52	2.757	3.866	1,9%	1,4%
8614	Rangárþing ytra	95	1.094	1.189	8,0%	63	2.706	3.673	2,3%	1,7%
8710	Hrunanannahreppur	30	554	584	5,1%	24	1.047	1.513	2,2%	1,6%
8716	Hveragerðisbær	214	1.536	1.750	12,2%	168	3.672	5.593	4,4%	3,0%
8717	Sveitarfélagið Ölfus	164	1.315	1.479	11,1%	121	3.799	5.245	3,1%	2,3%
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	33	298	331	10,0%	17	562	987	3,0%	1,8%
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	24	378	402	6,0%	16	793	1.055	1,9%	1,5%
8721	Bláskógabyggð	62	666	728	8,5%	32	1.569	2.250	2,0%	1,4%
8722	Flóahreppur	36	416	452	8,0%	19	840	1.151	2,2%	1,7%
	Samtals	27.638	215.884	243.522	11,3%	20.520	650.628	886.344	3,1%	2,3%

* Laun, hlunnindi o.fl. eru laun og hlunnindi vegna vinnu, greiðslur frá lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun, atvinnuleysisbætur, félagsleg aðstoð og styrkir auk áætlana ríkisskattsjórn.

Fjöldi og hlutfall íbúa sem taldi fram atvinnuleysisbætur

sveitarfélög þar sem fjöldi og hlutfall íbúa með bætur er hæst



Atvinnuleysi er mest í ofangreindum 14 sveitarfélögum, hvort heldur litið er til fjölda þeirra sem töldu fram atvinnuleysisbætur eða hlutfalls þeirra sem töldu fram bætur af íbúum í sveitarfélögum.

Þá voru atvinnuleysisbætur um fjögur til fimm prósent launatekna, hlunninda og lífeyrisgreiðslna íbúa í stærstu sveitarfélögunum á Reykjanesi, 4,7% í Sandgerði, 4,4% í Reykjanesbæ og Vogum, og 4% í Garði. Hér er um að ræða tiltölulega fjölmenn sveitarfélög. Íbúar í þessum sveitarfélögum fengu greidda rúma tvo milljarða í atvinnuleysisbætur árið 2009. Það er ekki annað að sjá en að það hafi munað um bæturnar því þær voru allt að þriðjungur launa og hlunninda þeirra sem fengu þær greiddar, sem aftur bendir til þess að um viðvarandi ástand hafi verið að ræða.

Ef öðrum greiðslum en launagreiðslum og greiðslum fyrir vinnu er sleppt og atvinnuleysisbætur skoðaðar með hliðsjón af þessum starfstengdu greiðslum þá eykst vægi bótanna nokkuð í hverju sveitarfélagi. Tekjur íbúa í hinum ýmsu sveitarfélögum eru nokkuð mismunandi og því hafa atvinnuleysisbætur mismunandi mikið vægi í hverju sveitarfélagi. Þetta breytir hins vegar ekki því að atvinnuleysisbætur skipta enn mestu máli fyrir afkomu íbúanna á norðanverðum Suðurnesjum. Þær voru 6,2% launagreiðslna íbúa í Reykjanesbæ og í Vogum, 6,4% launagreiðslna í Sandgerði og 6,2% í Garði.

Mikið og viðvarandi vandamál

Ástand í atvinnumálum er því einna verst á Reykjanesi hvað varðar hlutfall íbúa sem fengu greiddar bætur, fjöldi íbúa sem fengu greiddar bætur, og hlutfall bóta af tekjum íbúa í sveitarfélaginu. Hvað varðar fjölda atvinnulausra var atvinnuleysi þó mest á höfuðborgarsvæðinu. Vinnumálastofnun greiddi atvinnulausum íbúum stærstu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ rúma 13.859 milljónir í atvinnuleysisbætur sem voru um 2,4% til 2,7% launa, hlunninda og annarra greiðslna íbúa þessara sveitarfélaga. Tæpur þriðjungur tekna þeirra sem fengu greiddar bætur í þessum sveitarfélögum voru atvinnuleysisbætur. Ástand atvinnamála er þó sýnu betra á Seltjarnarnesi og í Garðabæ, um 1.000 manns fengu samanlagt um 771 milljón greidda í atvinnuleysisbætur í þessum sveitarfélögum, en um 1,3% og 1,7% launa, hlunninda og lífeyrisgreiðslna íbúa þessara sveitarfélaga voru greiðslur frá Vinnumálastofnun.

Ástandið betra úti á landi

Atvinnuástandið er einna best í mörgum smærri sveitarfélögum úti á landsbyggðinni. Sem fyrr segir töldu 11,3%

landsmanna fram atvinnuleysisbætur árið 2010. Í flestum sveitarfélögum á landsbyggðinni töldu mun færri fram atvinnuleysisbætur að tiltölu. Í stórum sveitarfélögum eins og Ísafirði, Skagafirði og Hornafirði, sem öll telja fleiri en 1.000 íbúa, töldu um fimm til sex prósent íbúa fram atvinnuleysisbætur á skattframtali árið 2010, eða nær helmingi færri en í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

Framtaldar bætur

Upplýsingarnar sem hér eru birtar byggja á skattframtölum einstaklinga vegna skattskila árið 2010. Þær sýna hversu margir í hverju sveitarfélagi töldu fram atvinnuleysisbætur á skattframtali. Hér er því ekki um að ræða mælingu á atvinnuleysi sem hlutfalli einstaklinga á atvinnuleysissskrá af fjölda þeirra sem eru á vinnumarkaði á hverjum tíma. Vinnumálastofnun áætla að rúmlega 160 þúsund manns séu á vinnumarkaði, eða mun færri en hér er miðað við. Tölurnar sem eru birtar hér segja hins vegar til um það hversu margir í hverju sveitarfélagi þekktu atvinnuleysi af eigin raun árið 2009.

Mannauðsmál

Meginstefna ríkisskattstjóra í mannauðsmálum, sem mótuð var á árinu 2008, byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu. Í henni eru lagðar áherslur um hvernig störf hjá embættinu skuli skipuð, hvaða viðhorf séu höfð við stjórnun verkefna, hvernig haga beri daglegri stjórnun og hvernig staðið sé að ráðningu, endurmenntun og öðrum þáttum í samskiptum embættisins og starfsmanna.



Inga Hanna
Guðmundsdóttir

Mannauðsstefnan hefur haldist óbreytt í grunninn frá árinu 2008, en sífellt er þó reynt að koma betur til móts við þarfir starfsmanna, auk þess að koma á skýrari verkferlum um mál sem tengjast starfsmönnum á vinnustað.

Leitast er við að jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum og er sérstök jafnréttisáætlun í gildi. Af 268 starfsmönnum sem störfuðu hjá embættinu í árslok 2010 voru 111 karlar (41%) og 157 konur (59%). Leitast er við að aldursdreifing sé sem breiðust, menntun fjölbreytt, og að reynsla og ólík sjónarmið starfsmanna endurspegli samfélagið inn á vinnustaðinn og hafi gagnvirk jákvæð áhrif á störf og viðhorf til starfsemi ríkisskattstjóra.

Trúnaður

Rík þagnarskylda er lögð á starfsmenn embættisins. Auk ákvæða þar um í skattalögum og lögum um opinbera starfsmenn, þá undirrita nýir starfsmenn drengskaparheit við upphaf starfs hjá embættinu til enn frekari áréttingar mikilvægi trúnaðar. Þagnarskyldan helst þótt starfsmaður láti af starfi.

Samskipti

Áhersla er á virðingu og háttvísi í öllum samskiptum, bæði við samstarfsmenn og viðskiptavini. Ef ágreiningur kemur upp skal hann leystur á uppbyggilegan hátt og er mikilvægt að sýna samstarfsmönnum sínum tillitssemi í daglegri umgengni. Mikilvægt er að starfsmenn gæti að þeirri ábyrgð og ímynd sem þeir kunna að skapa með framkomu sinni og á það við hvort sem er á vinnustað eða utan hans.

Einelti eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin, í hvaða formi sem slíkt kann að birtast. Útbúnar hafa verið verklagsreglur vegna eineltismála og þær birtar á innra neti embættisins. Starfsmenn eiga þannig að geta séð hvert eigi að snúa sér komi slík mál upp og einnig hvernig á þeim yrði tekið.

Ráðningarferli

Hvert starf hjá embættinu á að vera skipað í samræmi við þá reynslu, menntun og hæfni sem verkefnin útheimta í bráð og lengd. Því er haft að leiðarljósi að ráðnir séu þeir einstaklingar sem teljast best fallnir til þess að sinna þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni og stefnt er að í náinni framtíð. Í því sambandi eru allar umsóknir metnar hlutlægt og heildstætt eftir menntun, aldri, fyrri störfum, reynslu og öðru sem máli er talið skipta. Einnig er horft til stofnanamenningar og þess þjónustustigs sem stefnt er að á viðkomandi sviði.

Reynsla af störfum innan skattkerfisins og þekking á skattframkvæmd eru viðmið sem ætíð skipta máli við ráðningar. Að jafnaði er miðað við sex mánaða reynslutíma nýrra starfsmanna en reynslutími getur þó orðið allt að 24 mánuðum við sérstakar aðstæður.

Á haustmánuðum 2010 var ákveðið að nýta þá möguleika sem ráðningarkerfi mannauðshluta Oracle býður upp á. Með því er auðveldað allt utanumhald um auglýsingar lausra starfa, móttöku umsókna og samskipti við umsækjendur. Í kerfinu er einnig hægt að útbúa ráðningarsamninga og unnt er að flytja gögn um þá sem ráðnir eru á milli ráðningar- og launakerfisins.

Umsækjendur skrá sjálfir upplýsingar um sig inn í ráðningarkerfið, fylla út hæfniþætti og láta ferilskrá sína fylgja með. Með því að nýta hæfniþætti kerfisins má grófflokka stóra hópa umsækjenda til að flýta vinnslu umsókna. Ljóst er að með þessu móti auðveldast ráðningarferlið og meiri tími vinnst til annarra verkefna.

Þekking, fræðslumál og símenntun

Starfsmenn eiga kost á fræðslu og öflun þekkingar í tengslum við störf sín hjá embættinu og skulu afla sér hennar með það að leiðarljósi að starfi sé sinnt af fagmennsku og með sem hagkvæmustum hætti. Starfsfólk á að njóta þeirrar starfsþjálfunar sem þörf er á, vera upplýst um hlutverk sitt og verkefni, hafa góða yfirsýn



Starfsmenn í afgreiðslu og þjónustuveri ríkisskattstjóra að Laugavegi 166. Efri röð frá vinstri: Alexandra Lind Elfnardóttir, Kristjana Ingimarsdóttir, Jónas Magnússon, Eyrún Pálsdóttir, Arnhildur R. Árnadóttir, Dragana Zastavnikovic, Trausti Bergur Traustason, Jóhanna Þorvaldsdóttir, Halldór Logi Logason, María Björk Traustadóttir og Björn K. Björnsson. Neðri röð frá vinstri: Stefánía R. Jakobsdóttir, Auður Steinberg Allansdóttir, Hanna Björnsdóttir sem stýrir þjónustuverinu frá Siglufirði og Helga Gunnarsdóttir.

yfir hvar upplýsingar eru tiltækar sem og gott aðgengi að þeim upplýsingum sem starf þeirra krefst.

Námskeið sem haldin eru innan skattkerfisins standa öllum starfsmönnum embættisins til boða þeim að kostnaðarlausu. Þau námskeið sem embættið telur þörf á til viðhalds þekkingar og menntunar sérfræðinga á fagsviði þeirra, tæknimanna á sviði hugbúnaðar og vélbúnaðar, sem og annarrar fræðsluþarf far greiðast beint af embættinu.

Starfsfólk er einnig hvatt til að afla sér menntunar utan skattkerfisins, s.s. tungumálanáms eða annars náms sem ætla verður að geti nýst í starfi og sótt er utan reglulegs vinnutíma. Embættið tekur þátt í kostnaði starfsmanna af tilefni sem þessu, enda sé kostnaður ekki greiddur af stéttarfélögum að fullu og viðkomandi starfsmaður yrði ella að bera hann að hluta eða öllu leyti sjálfur. Árlega á hver starfsmaður rétt á allt að 60.000 kr. styrk vegna slíkra námskeiða.

Heilsa

Starfsmenn eru hvattir til að efla eigin vellíðan, m.a. leggja rækt við eigin heilsu með ástundun líkamsræktar og voru viðmið embættisins hvað slíkt varðar kynnt í Tíund í desember 2008.

Árlega er starfsmönnum boðið upp á stuttan fund með hjúkrunarfræðingi þar sem mældur er blóðþrýstingur, blóðsykur og kólesteról.

Nýverið voru sett viðmið um þátttöku embættisins í kostnaði vegna gleraugna-kaupa starfsmanna til eigin nota, þurfi þeir á slíkum búnaði að halda vegna skjávinnu. Hámarksstyrkur til hvers starfsmanns er 50.000 kr. á tveggja ára fresti.

Embættið leitast við að aðstoða starfsmenn við að láta af tóbaksnotkun og er greitt fyrir námskeið til að hætta reykingum ef starfsmenn telja sér stoð í slíku.

Áfengis- eða vímuefnamisnotkun starfsfólks er ekki liðin og getur leitt til áminningar í starfi og brottrekstrar. Litið er svo á að skipulögð samvinna yfirmanns

og starfsmanns um lausn á vandanum geti verið bæði vinnustaðnum og viðkomandi starfsmanni til góðs. Ef starfsmaður óskar eftir leyfi til að fara í áfengismeðferð er embættið reiðubúið að veita launað veikindaleyfi á meðan á meðferð stendur.

Einungis hefur verið unnt að starfrækja mötuneyti í aðalstöðvum ríkisskattstjóra á Laugavegi 166 og er áhersla á að boðið sé upp á fjölbreyttan og hollan mat. Á öllum níu starfsstöðvum embættisins eru ávextir eða grænmeti í boði á milli mála eftir því sem kostur er.

Vinnan skipar stóran sess í lífi fólks og því er brýnt að á vinnustað sé skapað umhverfi sem stuðlar að vellíðan starfsmanna. Hjá ríkisskattstjóra er sífellt reynt að bæta um betur í aðbúnaði og öllum viðurgörningi við starfsfólk. Einnig er unnið að því að gera verkferla í erfiðum starfsmannatengdum málum skýrari og birta þá öllum starfsmönnum.



Trúnaðarmenn SFR voru ánægðir með að RSK skyldi hljóta 2. sætið. Með viðurkenningarskjal fyrir Fyrirmyndarstofnun 2011. Frá vinstri: Þórkatla Valdimarsdóttir, Ingibjörg Þóra Arnarsdóttir, Páll Steinþórsson, Kristín Guðjónsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Hrafnhildur Hauksdóttir og Magnea Bjarnadóttir.

Fyrirmyndarstofnanir

Ríkisskattstjóri varð í 2. sæti.

Föstudaginn 13. maí sl. voru kynntar niðurstöður úr vali SFR á Stofnun ársins 2011, en þetta var í sjötta sinn sem SFR stóð að vali á Stofnun ársins. Embætti sérstaks saksóknara var valið Stofnun ársins í hópi stofnana með 50 eða fleiri starfsmenn og Sýslumaðurinn í Vík í hópi minni stofnana.

Framkvæmd könnunarinnar var með breyttu sniði í ár því Fjármálaráðuneytið var nú í samstarfi við SFR stéttarfélag um val á Stofnun ársins. Þetta hafði það í för með sér að mun fleiri stofnanir tóku þátt eða rúmlega 200 stofnanir í ár í stað rúmlega 100 árið áður. Þátttakendur voru spurðir út í vinnutengda þætti eins og trúverðugleika stjórnenda, sjálfstæði í starfi, vinnuálag, vinnuskilyrði, álag og kröfur, sveigjanleika í starfi og fleira.

Ríkisskattstjóri var í hópi fyrirmyndarstofnana í ár eins og síðustu ár og var í öðru sæti í hópi stærri stofnana við val á Stofnun ársins. Á árinu 2010, í fyrstu könnun eftir sameiningu innan skattkerfisins, var embættið í fimmta sæti. Því má segja að starfsmenn hafi náð að aðlagast vel þeim breytingum sem hafa orðið á skipan skattamála í landinu frá sameiningu og að vel hafi tekist til í þeim málum að þeirra mati.



Frá afhendingu viðurkenningarskjala til forstöðumanna þeirra stofnana sem efstar voru í könnun SFR um fyrirmyndarstofnanir. Frá vinstri Andrés Arnalds Landgræðslu ríkisins 3. sæti, Ólafur Þór Hauksson Sérstakur saksóknari 1. sæti, Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri 2. sæti og Árni Stefán Jónsson formaður SFR.

Breytingar á skattframtali 2011



Karl Óskar
Magnússon

Á hverju ári þarf að yfirfara framtalseyðublöð einstaklinga og lögaðila og skoða hverju þurfi að breyta í uppsetningu blaðanna fyrir næsta ár vegna lagabreytinga eða annarra atriða sem geta kallað á slíkar breytingar. Þessi vinna fer yfirleitt af stað í desember þegar fyrir liggur hvaða skattlagabreytingar komi til framkvæmda við álagningu næsta árs. Þá er orðið ljóst hvort bæta þurfi við reitum á framtal, henda einhverjum reitum út, eða jafnvel að bæta við eða fella niður heilu fylgiblöðin með framtali.

Að þessu sinni var talsvert mikið um lagabreytingar sem kölluðu á breytingar framtalseyðublaða árið 2011, bæði varðandi framtal lögaðila og einnig einstaklinga. Hér verður tæpt á helstu breytingunum, en auk þeirra þurfti að fella út alla reiti sem komu nýir inn í fyrra vegna sérstaks utanumhalds um tekjur og fjármagnstekjur eftir 30.1.2009 í framtali 2010, vegna tilkomu sérstaks hátekjuskatts á miðju ári 2009.

Skattframtal lögaðila (RSK 1.04 og fylgiblöð þess)

Með tilkomu 25,5% VSK-þreps á árinu 2010 þurfti að bæta við reitum vegna þessa nýja þreps á lögaðilaframtalið og fylgiblöð vegna VSK (RSK 10.25, RSK 10.26 og RSK 10.27). Útfærslu á reitum vegna tapaðra viðskiptakrafna var jafnframt breytt, en alltaf er þörf á að viðhalda reitum vegna tapaðra krafna í eldri VSK-þrepum (14% og 24,5%) þó þau séu fallin brott.

Með breytingum á skattalögum með lögum nr. 137/2009 og lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, var slíkum fyrirtækjum (sem fengið hafa

staðfestingu hjá Rannís) gert mögulegt að draga frá tekjuskatti ákveðinn hluta af rannsóknar- og þróunarkostnaði, eða fá slíkan kostnað endurgreiddan ef félagið greiðir ekki tekjuskatt. Útbúið var nýtt eyðublað (RSK 4.21) þar sem haldið er utan um útreikning á þessum frádrætti, en um talsvert flókinn útreikning er að ræða sem m.a. tekur tillit til stærðar viðkomandi félags. Niðurstaðan skilar sér í nýjan reit á lögaðilaframtali (reitur 0988). Hámarksfrádráttur vegna þessa getur orðið 30 milljónir kr.

Bæta þurfti nýjum stofnareit á lögaðilaframtal (reitur 0987) vegna tilkomu sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki („bankaskattur“) með lögum nr. 155/2010. Skattur þessi er 0,041% og reiknast af heildarskuldum viðkomandi fjármálastofnunar.

”

Að þessu sinni var talsvert mikið um lagabreytingar sem kölluðu á breytingar framtalseyðublaða árið 2011, bæði varðandi framtal lögaðila og einnig einstaklinga

Inn á lögaðilaframtal 2011 kemur nýr reitur (reitur 4399) vegna skattlagningar vegna erlends eignarhalds á lágskattasvæðum. Um er að ræða svokallaða CFC-löggjöf sem tekin hefur verið upp í skattalögum með tilkomu 57. gr. a. (sjá 2. gr. laga nr. 46/2009). Í smíðum eru tvö ný eyðublöð vegna útreiknings á þessari skattlagningu. Eyðublað RSK 4.25 mun halda utan um þennan útreikning og skila fjárhæð í reit 4399 á lögaðilaframtali.

Með tilkomu bráðabirgðaákvæða XXXVI og XLIV í skattalögum, um takmörkun og frestun á tekjufærslu vegna

eftirgjafar skulda í atvinnurekstri, voru útbúnir nýir reitir á lögaðilaframtali til að halda sérstaklega utan um slíka tekjufærslu og takmörkun hennar eða frestun. Þetta eru reitir 3665, 4165 og 4167.

Reitur vegna stofns til iðnaðarmálagjalds féll brott með brottfalli þess gjalds. Að auki féll brott reitur 4011 vegna frestunar tekjufærslu skv. 60. gr. skattalaga, en slík frestun tekjufærslu vegna sölu þjónustu í ákveðnum tilfellum er ekki lengur heimil. Heimilt er að dreifa þegar frestuðum slíkum tekjum til tekna á framtali 2011, 2012 og 2013, og var eðli og nafni reits 4010 því breytt til að taka við þeirri tekjudreifingu.

Auk framangreindra breytinga á framtalseyðublöðum voru gerðar ýmsar breytingar og lagfæringar á reiknireglum og villuprófunum við skil lögaðilaframtals á rafrænu formi.

Skattframtal einstaklinga (RSK 1.01 og fylgiblöð þess)

Það urðu að venju nokkrar breytingar á skattframtali einstaklinga. Þó að flestar láti ekki mikið yfir sér þurfti að útbúa tvö ný eyðublöð með framtalinu, auk viðamikillar vinnu við að útbúa gögn til áritunar vegna þessara nýju blaða. Jafnframt þurfti að gera breytingar á rekstrareyðublöðum (rekstrar-skýrslu RSK 4.11 og landbúnaðarskýrslu RSK 4.08), m.a. vegna upptöku 25,5% VSK-þreps. Einnig voru að venju gerðar ýmsar breytingar og lagfæringar á reiknireglum og villuprófunum við skil einstaklingsframtals á rafrænu formi.

Í kafla 2.6 á tekjusíðu framtalsins kom nýr reitur (reitur 158) vegna skattafrádráttar í tengslum við viðhald og endurbætur á íbúðar- eða frístundahúsnæði til eigin nota (sbr. bráðabirgðaákvæði XXXV í skattalögum). Hér er um að ræða hið svokallaða „Allir vinna“ átak, sem gerir framteljendum kleift að draga frá tekjuskattsstofni 50% af vinnulið án VSK, allt að 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá samsköttuðum. Útbúið var sérstakt eyðublað vegna þessara upplýsinga (RSK 3.22) og áritaðar inn á það upplýsingar úr VSK-kerfinu um umsóknir

um endurgreiðslur. Framteljendur þurftu að hafa skilað inn umsóknareyðublaði RSK 10.18 fyrir 1. febrúar 2011 til að fá þennan tekjuskattsfrádrátt.

Í kafla 3.7 á fjármagnstekjusíðu komu inn tveir nýir reitir vegna útleigu (reitir 510 og 511) í stað eldri leigureits. Skipta þurfti leigutekjum upp í leigutekjur vegna íbúðar og aðrar leigutekjur. Gera þarf sérstaklega grein fyrir útleigu íbúðarhúsnæðis því aðeins 70% af slíkum tekjum koma með í stofn til fjármagnstekjuskatts. Að auki er í rafrænu framtali sérstakur reitur sem sýnir stofn til fjármagnstekjuskatts. Þar er auk 70% af leigutekjum íbúðarhúsnæðis tekið tillit til þess að af vaxtatekjum í köflum 3.1 til 3.4 kemur nú 100.000 kr. frítekjumark hjá einstaklingi (200.000 kr. hjá samsköttuðum).

Útbúið var nýtt eyðublað (RSK 3.23) vegna útreiknings á viðbótaraudlegðarskatti í tengslum við hækkun á virði hlutabréfaeignar í framtali 2010 til raunvirðis. Áritaðar voru inn á blaðið upplýsingar

um hlutabréfaeign á framtali fyrra árs auk upplýsinga upp úr framtölum viðkomandi hlutafélaga. Um var að ræða mjög flókna áritun, en talið er að aðeins um 1% framteljenda fái þarna raunverulega viðbót við audlegðarskatt, þar sem langflestir eru undir frítekjumörkum skattsins (90 milljónir kr./120 milljónir kr.).

Auk þessara breytinga voru gerðar nokkrar smáar breytingar, t.d. var lagt fyrir því að til frádráttar í reit 157 á framtali gæti komið allt að 25.000 kr. frádráttur vegna styrkja til líkamsræktar og heilsueflingar.

Í áritun upplýsinga inn á framtöl bættust að þessu sinni við upplýsingar um

inneignir eða skuldir við innheimtumann ríkissjóðs (frá Fjársýslunni) auk upplýsinga um meðlagsskuldir (frá Innheimtustofnun sveitarfélaga).

Gera þurfti talsverðar breytingar á bráðabirgðaútreikningi í netframtali 2011 vegna tilkomu þriggja þrepa tekjuskatts, sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu og viðbótaraudlegðarskatts. Að auki voru framtalsskilin einfölduð með því að sleppa framteljendum við útfyllingu dagpeningablaðs og ökutækjastyrksblaðs að ákveðnum forsendum uppfylltum. Þannig er einnig stuðlað að því að enn fleiri geti fengið svokallað „Einfaldað framtal“ þegar þeir fara inn í netframtal sitt.



Frádráttur vegna viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði

Fylgiskjal með skattframtali 2011

Framteljendur

Nafn	Kennitala
Nafn	Kennitala
Heimili	Sveitarfélag



Greinargerð um skattfrádrátt

skv. lögum um stuðning við nýsköpunarvirktæki

Fylgiskjal með skattframtali rekstraraðila 2011 RSK 1.04

Nafn framteljanda	Kennitala
Heimilisfang	Sveitarfélag

Tegund verkefnis	<input type="checkbox"/> Þróunarverkefni	<input type="checkbox"/> Rannsóknarverkefni		
Stærð fyrirtækis	<input type="checkbox"/> Lítið	<input type="checkbox"/> Meðalstórt	<input type="checkbox"/> Stórt	<small>Skilgreiningar á stærð fyrirtækja er að finna á bakið.</small>
Opinber birting á rannsóknarverkefni	<input type="checkbox"/> Niðurstöðum verður dreift með birtingu í vísinda- eða tækniritum, á ráðstefnum, gegnum opin gagnasöfn eða í gegnum ókeypis eða opinn hugbúnað.			

Gjaldfærður styrkhæfur kostnaður

Starfsmannakostnaður (vísinda- og tæknimenn)	kr.
Gjaldfærðar afskriftir af vélum og tækjum	kr.
Gjaldfærðar afskriftir af byggingum og landi	kr.
Kostnaður við rannsóknir, einkaleyfi o.þ.h.	kr.
Efnis- og birgðakostnaður	kr.
Annar beinn kostnaður vegna rannsóknarverkefnis	kr.
Annað, hvað?	kr.
Annað, hvað?	kr.
Samtals	kr.

Aðkeypt rannsóknar- og þróunarvinna

Nafn og kennitala seljanda	
Hvað vinna var keypt?	kr.
Nafn og kennitala seljanda	
Hvað vinna var keypt?	kr.
Nafn og kennitala seljanda	
Hvað vinna var keypt?	kr.
Samtals	kr.

Fengnir opinberir styrkir

Nafn og kennitala greiðanda	
kr.	
Nafn og kennitala greiðanda	
kr.	
Nafn og kennitala greiðanda	
kr.	
Samtals	kr.

RSK 4.21 5-3-2011

Framhald á bakið

B	C	D	E
Annitala umsækjanda um endurgreiðslu	Vinna án virðisaukaskatts skv. reikningi (kr.)	Kostnaðarhluti (eignarhluti) framteljanda (%)	Til frádráttar (C + D) (kr.)
Samtals	=	Samtals	=

Frádráttur, 50% af samtölu úr dálki E, færast í reit 158 á framtali. Hámark frádráttar er 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum.

Þjóna og samskattaðra einstaklinga færast hjá þeim sem hefur hærri tekjuskattstofn. Aður því skilyrði að umsóknareyðublaði RSK 10.18 hafi verið skilað fyrir 1. febrúar 2011.

Dags. Undirskrift

Húsnæði ríkisskattstjóra eftir sameiningu

Núverandi húsnæði aðalskrifstofu ríkisskattstjóra að Laugavegi 166 var keypt af ríkissjóði árið 1978 og hýsti áður Trésmiðjuna Víði undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar. Réðist Guðmundur í byggingu hússins á árinu 1945 og var húsið upphaflega þrjár hæðir þar sem Guðmundur kom trésmiðjunni fyrir og opnaði húsgagnaverslun. Var Guðmundur eftir þetta löngum kenndur við Víði. Síðar brann efsti hluti hússins og við endurbyggingu þess stækkaði Guðmundur húsið og bætti tveimur hæðum ofan á.

Við kaup ríkissjóðs á Laugavegi 166 var upphaflega hugmyndin að nota húsið undir stofnanir í eigu ríkisins. Það gekk þó hægt og stóð húsið ónotað árum saman áður en ráðist var í standsetningu þess. Húsið var illa farið og þurfti rækilega endurbyggingu. Var það síðan tekið í notkun í áföngum. Námsgagnastofnun var fyrsta stofnunin sem flutti í húsið eftir bráðabirgðalagfæringar á 1. og 2.

hæð þess árið 1980. Mörg ár liðu áður en endurbyggingu hússins lauk, en fyrstu not ríkisskattstjóra af húsinu voru þegar rannsóknardeild embættisins flutti inn á 5. hæðina árið 1987. Embætti ríkisskattstjóra flutti síðan í heild sinni á Laugavegi 166 þann 25. nóvember 1990 og hafði þá til umráða 4. og 5. hæð auk hluta 3. hæðar hússins. Með tímanum stækkaði embættið með fjölgandi og stærri verkefnum og hefur í dag yfir að ráða öllum hæðum hússins að undanskildum vesturenda 3. hæðar, þar sem skipulagsstjóri ríkisins hefur verið til húsa frá árinu 1988.

Þróun húsnæðismála

Embætti ríkisskattstjóra hefur tekið miklum breytingum á þeim 20 árum sem það hefur verið til húsa að Laugavegi 166. Embættið hefur stækkað samfara nýjum og breyttum verkefnum. Í seinni tíð má þar m.a. nefna umsjón og álagningu þungaskatts og áfengisgjalds, sameiningu fyrirtækjaskrár við ríkisskattstjóra og aukin verkefni í

skatteftirliti á landinu. Þá hafa verkefni við álagningu opinberra gjalda breyst að eðli og umfangi, s.s. rafræn skil skattframtals, virðisaukaskatts og staðgreiðslu. Stærsta breytingin var svo sameining allra skattstofa landsins við embætti ríkisskattstjóra um áramótin 2009/2010. Allt þetta hefur kallað á breytingar á starfsmannahaldi og þ.a.l. húsnæðisaðstöðu.

Mikil breyting varð á húsnæðismálum embættis ríkisskattstjóra við sameiningu þess og hinna níu skattstofa landsins sem átti sér stað 1. janúar 2010. Eftir sameininguna hafði ríkisskattstjóri umsjón með 10 starfsstöðvum um allt land. Við lokun skattstofu Reykjavíkur við Tryggvagötu þann 2. febrúar sl. fækkaði starfsstöðvum embættisins í níu. Þær eru staðsettar í Reykjavík, á Akranesi, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Egilsstöðum, Helli, í Vestmannaeyjum og Hafnarfirði.

Nýtt skipulag eftir sameiningu hafði í för með sér tilflutning starfsmanna á milli starfsstöðva en mest breyting var þó



Húsnæði ríkisskattstjóra að Laugavegi 166 hýsti áður Trésmiðjuna Víði. Ríkissjóður eignaðist húsið árið 1978.



Afgreiðsla RSK á Laugavegi 166, Reykjavík. Fremst situr öryggisvörður.

á höfuðborgarsvæðinu. Verkefni og starfsfólk skattstofunnar í Reykjavík voru flutt að stærstum hluta á starfsstöðina í Hafnarfirði og í aðalstöðvarnar á Laugavegi. Til þess að mæta auknum fjölda starfsmanna þurfti að ráðast í nokkrar breytingar á þessum tveimur starfsstöðvum embættisins.

Suðurgata 14, Hafnarfirði

Starfsstöð ríkisskattstjóra að Suðurgötu 14 í Hafnarfirði þjónar eftir sameiningu sem miðstöð álagningar og þjónustu fyrir atvinnurekstur í landinu. Þar eru til húsa álagningardeildir atvinnurekstrar og virðisaukaskatts. Húsnæðið að Suðurgötu

14 hýsir nú 54 starfsmenn og hafa þeir aldrei verið jafn margir þar. Til þess að skapa viðunandi starfsaðstöðu fyrir aukinn fjölda starfsmanna voru gerðar endurbætur á hluta 1. hæðar hússins og var þeim lokið haustið 2010. Virðisaukaskattsdeildir á skattstofunum í Hafnarfirði



Laugavegur 166 í núverandi mynd.



Talið frá vinstri: Ari Ísberg og Ásgeir Heimir Guðmundsson frá ríkisskattstjóra, Ulrike D. Malsch, Sigurður Halldórsson og Anna Leoniak frá arkitektastofunni Gláma/Kím og Steinþór Gunnarsson frá Fasteignum ríkissjóðs.

og Reykjavík voru þá sameinaðar í eina einingu. Í janúar 2011 voru atvinnurekstrardeildir þessara sömu skattstofa sameinaðar á 2. og 3. hæð Suðurgötunnar. Til þess að svo mætti verða var ráðist í lagfæringar á tveimur efri hæðum hússins og lauk þeim í janúar 2011.

Laugavegur 166, Reykjavík

Með nýju skipulagi eftir sameiningu er álagning og þjónusta einstaklinga án

atvinnurekstrar staðsett í aðalstöðvum embættisins að Laugavegi 166. Byrjað var á því að flytja einstaklingsdeildir starfsstöðvanna í Tryggvagötu og Hafnarfirði á Laugaveg 166 haustið 2010. Aukið húsrými á Laugavegi, sem flutningur þessara nýju verkefna þangað krafðist, fékkst með flutningi embættis sérstaks saksóknara úr austurhluta 3. hæðar yfir á Skúlagötu 17. Við það losnaði pláss fyrir fyrrgreindar einingar. Með komu þessara eininga á Laugavegin fluttist þangað

öll afgreiðsla og þjónusta einstaklinga sem áður var sinnt á skattstofu Reykjavíkur og kallaði það á stækkun aðstöðu fyrir afgreiðslu í húsinu. Af þeim sökum var á árinu 2010 ráðist í framkvæmdir við nýja og mun stærri afgreiðslu á 1. hæð þar sem fyrirtækjaskrá var áður til húsa. Áður voru almenn afgreiðsla og afgreiðsla fyrirtækjaskrár aðskildar og skapaði það nokkurn tvíverknad, en með þessum breytingum hefur nú verið tekin í notkun ein stór afgreiðsla fyrir alla verkþætti. Embættið fékk úthlutað viðbótarhúsrými í aðliggjandi austurenda 1. hæðar Laugavegs 164. sem staðið hafði ónotað í nokkur ár. Þar var útbúin aðstaða fyrir fyrirtækjaskrá og opnað á milli húsanna til þess að skapa aðgengi að afgreiðslu hennar í aðalafgreiðslu embættisins.

Við hönnun afgreiðslunnar var horft til þess að skapa sem besta aðstöðu fyrir starfsmenn og viðskiptavinum. Lögð var áhersla á að blanda saman vinsamlegu umhverfi og vel hannaðri afgreiðslu sem annað getur þörfum viðskiptavina og þeirri þjónustu sem sinna þarf. Þá var góð starfsaðstaða og öryggi starfsmanna einnig haft að leiðarljósi.

Starfsstöð RSK á Siglufirði.



Samhliða nýrri afgreiðslu var ákveðið að endurbæta aðkomu inn í húsið með nýju fordyri framán við innganginn. Þetta var gert til þess að draga úr vindálagi inn í húsið og þótti löngu tímabær aðgerð sem beðið hafði verið með eftirvæntingu. Fyrri aðkoma var ófullkomin á allan hátt einkum með tilliti til öryggis.

Starfsstöðvar á landsbyggðinni

Minni breytingar á starfsmannahaldi og húsnæði hafa átt sér stað á starfsstöðvum landsbyggðarinnar en á höfuðborgarsvæðinu. Þó hafa verkefni gömlu skattstofanna breyst en allar annast þær fyrri grunn- og nærþjónustu í tengslum við álagningu opinberra gjalda, s.s. móttöku gagna, upplýsingagjöf o.þ.h. Fyrir liggur að í framhaldi af sameiningunni og breyttum verkefnum þarf að fara yfir húsnæði starfsstöðva ríkisskattstjóra á landsbyggðinni með tilliti til ástands, vinnuáðstöðu og öryggismála. Þá hafa kröfur um bætt aðgengi og aukid öryggi starfsmanna, gagna og upplýsinga aukist á seinni tímum. Þetta kallar á sífella endurskoðun og endurbætur þessara þátta.

Starfsaðstaða starfsmanna

Í mannauðstefnu embættisins er lögð áhersla á góð samskipti og samhljóm meðal allra starfsmanna. Vinnustaðurinn sé í grunninn samfélag manna sem þurfi að hlúa að og rækta. Einn mikilvægur þáttur í þessu er húsnæði og aðbúnaður starfsmanna. Húsnæði ríkisskattstjóra að Laugavegi 166 hefur að sumu leyti reynst heldur óhentugt í þessu tilliti þar sem grunnflöturinn er frekar lítill og starfsemin því á mörgum hæðum. Hver hæð skiptist í þrjár álmur sem eru lokaðar af vegna þátta eins og legu stigaganga og krafna um



Starfsstöð RSK á Ísafirði er í Stjórnsýsluhúsinu.

brunavarnir. Þá er stór hluti starfsmanna dreifður á margar starfsstöðvar á landinu. Þetta gerir auknar kröfur til embættisins varðandi leiðir til þess að tryggja sem best samskipti og samvinnu starfsmanna þess.

Embætti ríkisskattstjóra leggur áherslu á að vinnuáðstaða starfsmanna sé góð og hefur markvisst verið unnið að því á undanförunum árum. Þetta felur í sér eðlilega endurnýjun húsbúnaðar, vél- og hugbúnaðar, ásamt ýmiskonar endurbótum á húsnæðinu sjálfu, s.s. mótuneyti, kaffi- og fundaraðstöðu og almennu ástandi hússins. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að embættið flutti inn á Laugaveg hefur stórum endurbótum verið stillt í hof. Eðlilegt viðhald hefur þó ekki setið á hakanum en huga þarf að stærri endurbótum enda var endurbýgging hússins á sínum tíma af vanefnum gerð þar sem fjármuni skorti. Heildarendurbýgging Laugavegs 166 er stórt verkefni og mun slík framkvæmd því taka langan tíma.

Eftir sameiningu skiptir húsnæðið meira máli en áður enda embættið ein stofnun þótt starfseminni sé skipt á níu starfsstöðvar.

Framtíðarþróun í húsnæðismálum embættisins

Í gegnum árin hafa embætti ríkisskattstjóra sífellt verið falin fleiri verkefni innan stjórnsýslunnar sem leitt hefur til aukinnar húsnæðisþarfar. Ef horft er til aukinna krafna um hagræðingu og sparnað í opinberum rekstri, sameiningar stofnana og tilflutning verkefna má gera ráð fyrir að sú þróun verði einnig í framtíðinni. Það mun að öllum líkindum kalla á frekari breytingar í húsnæðismálum embættisins, þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Einnig má gera ráð fyrir að af hagkvæmnisáætlunum fyrir rekstur embættisins og þjónustu við viðskiptavini þess komi til skoðunar sú hugmynd að sameina starfsemina á höfuðborgarsvæðinu á einn stað í framtíðinni.



Starfsstöð RSK á Egilsstöðum.

Úrskurðir



Jónína B.
Jónasdóttir

YSKN 304/2010

Vaxtabætur – tvær íbúðir

Skattstjóri lækkaði vaxtagjöld kæranda vegna íbúðar í R á þeirri forsendu að kær- endur ættu einungis rétt á vaxtabótum vegna öflunar einnar íbúðar til eigin nota, sem í tilviki kæranda væri húsnæði við A-götu í B. Kærundur mótmæltu, enda væri íbúðarhúsnæðið í R nýtt mun meira til íbúðar, m.a. vegna atvinnu K. Yfirska- tta- nefnd tók fram að meginreglan væri sú að ætti maður fleiri en eina íbúð þá ætti hann aðeins rétt á vaxtabótum með einni, þeirri sem ætluð væri til eigin nota. Undan- tekning í 5. gr. reglugerðar nr. 990/2001, um greiðslu vaxtabóta, ætti ekki við í tilviki kæranda. Kærundur ættu skráð lögheimili að A-götu í B, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um lög- heimili. Ljóst væri að skráning á lögheimili byggði á upplýsingum frá kærendum sjálfum og hlyti hún því að hafa verulega þýðingu þegar meta þyrfti hvar kærundur teldust hafa aðaldvalarstað eða fasta búsetu. Fram kom hjá kærendum að þau notuðu íbúðirnar jöfnum höndum en íbúðina í R þó meira vegna atvinnu K. Yfirska- tta- nefnd taldi að hvað sem liði notum íbúðanna yrði, með hliðsjón af lögheimilisskráningu og fyrrgreindum notum, að telja aðaldvalarstað kæranda að A-götu í B á greindum tíma. Var því ekki talið að íbúð kæranda í R gæti talist hafa verið til eigin nota í skilningi upphafs- ákvæðis B-liðar 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Vaxtagjöld vegna öflunar íbúðar í R komu því ekki til álita við ákvörðun vaxtabóta kæranda.

Meginreglan – vaxtabætur aðeins ákvarð- aðar með einni íbúð.

YSKN 317/2010

Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis umfram stærðarmörk 17. gr. l. nr. 90/2003

Á skattframtali sínu gerði kærandi grein fyrir sölu íbúðarhúsnæðis að H-götu og taldi söluhagnað skattfrjálsan. Skattstjóri tilkynnti kæranda að fyrirhugað væri að færa honum til tekna söluhagnað vegna sölu húsnæðisins. Benti skattstjóri á að skattfrelsisákvæði 17. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, gilti aðeins að því marki sem heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis færi ekki fram úr 600 m³ á söludegi í tilviki einstaklings. Fyrir lægi að kærandi væri eigandi fasteignar sem væri samtals 1.414 m³ að stærð. Kærandi fór fram á frestun söluhagnaðar. Í úrskurði skattstjóra kom fram að samkvæmt 17. gr. laga nr. 90/2003 væri óheimilt að fresta skattlagningu sölu- hagnaðar íbúðarhúsnæðis sem væri yfir 600 m³ hjá einstaklingi. Var söluhagnaður- inn færður til tekna hjá kæranda.

Í kæru til yfirska- tta- nefndar fór kærandi fram á að söluhagnaður yrði lækkaður. Greindi hann frá því að um byggingar- kostnað hefði verið að ræða og fór fram á að hann yrði áætlaður út frá framlögðum útreikningi verkfræðistofu.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, telst hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi maður átt hið selda húsnæði skemur en tvö ár, en hafi hann átt hið selda í tvö ár eða lengur telst söluhagnaður- inn ekki til skattskyldra tekna. Er tekið fram að ákvæði þessarar greinar gildi aðeins um sölu íbúðarhúsnæðis sem er í eigu manna og aðeins að því marki sem heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis seljanda fer ekki fram úr 600 m³ á söludegi ef um einstakling er að ræða en 1.200 m³ ef hjón eiga í hlut.

Um söluhagnað af íbúðarhúsnæði umfram þessi mörk gilda ákvæði 15. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003 telst hagnaður af sölu fasteigna, sem ekki er heimilt að fyrna, að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Í úrskurði yfirska- tta- nefndar kom fram að óumdeilt væri að heildarrúmmál hins selda íbúðarhúsnæðis kæranda hafi numið 672,8 m³ og heildarrúmmál annars íbúðar- húsnæðis í eigu kæranda á sama tíma hafi numið 1.414 m³. Heildarrúmmál íbúðar- húsnæðis í eigu kæranda á söludegi H-götu nam því samtals 2.086,8 m³ og var þannig 1.486,8 m³ umfram þau stærðarmörk sem sett eru í 17. gr. laga nr. 90/2003. Því var ljóst að söluhagnaður vegna sölu H-götu á árinu 2007 féll að öllu leyti undir ákvæði 15. gr. laga nr. 90/2003. Krafa kæranda laut hins vegar að því að við útreikning sölu- hagnaðar húsnæðisins yrði stofnverð þess ákvarðað á grundvelli upplýsinga frá verk- fræðistofu um áætlaðan byggingarkostnað einbýlishúsa, sbr. gögn sem fylgdu kæru. Engin kostnaðargögn voru lögð fram varð- andi byggingarframkvæmdir kæranda og í kæru til yfirska- tta- nefndar er þeim einungis lýst með almennum hætti. Að svo vöxnu máli þótti ekki koma til álita að miða við hærri fjárhæð byggingarkostnaðar á grund- velli áætlunar en kærandi hafði sjálfur gert grein fyrir í skattframtölum sínum, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 90/2003. Var kröfu kæranda um lækkan söluhagnaðar á fram- komnum forsendum hafnað en fallist á að miða við helming söluverðs, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003.

Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis umfram stærðarmörk skattskyldur.

YSKN 343/2010

Útvarpsgjald

Kærandi kærði álagningu útvarpsgjalds gjaldárið 2009. Hann kvaðst hafa haft lágar tekjur og vera fluttur úr landi. Í úrskurði yfirska- tta- nefndar kemur fram að kærandi hafi flutt til landsins frá P á árinu 1997 og borið hér ótakmarkaða skattskyldu árið 2008. Brottflutningur af landinu á árinu 2009 breytti ekki skattskyldu kæranda vegna tekjuársins 2008. Samkvæmt skattframtali kæranda gjaldárið 2009 (tekjuár 2008) nam tekjuskatts- og útsvarsstofn kæranda 1.933.705 kr. og fjármagnstekjur 14.986 kr.

Með vísan til 1. mgr. 10. gr. laga nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., bar skattstjóra að ákvarða kæranda útvarpsgjald enda áttu undanþágur ekki við í tilvikum kæranda.

Kærandi bar útvarpsgjald við álagningu 2009 (tekjuárið 2008) þrátt fyrir brottflutning á árinu 2009.

YSKN 349/2010 **Útvarpsgjald**

Kærandi, sem er einkahlutafélag, kærði álagningu útvarpsgjalds gjaldárið 2009 á þeim forsendum að félagið hefði ekki neina starfsemi með höndum. Í úrskurði yfirsattanefndar kom fram að kærandi væri einkahlutafélag sem skráð væri í hlutafélagaskrá á árinu 2007 eftir því sem gögn málsins bæru með sér. Félagið væri því skattskyldt samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Félli kærandi ekki undir neina af þeim undanþágum lögaðila frá gjaldskyldu til útvarpsgjalds sem tæmandi væru taldar í 3. másl. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf. Þætti orðalag 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 6/2007 ótvírætt um það að gjaldskylda til útvarpsgjalds hvíldi á lögaðilum, sem að framan greinir, óháð því hvernig starfsemi þeirra væri háttáð og án tillits til þess hvort viðkomandi lögaðili hefði haft tekjur af reglulegri starfsemi eða ekki. Kröfu kæranda var því hafnað.

Einkahlutafélag sem hefur enga starfsemi ber útvarpsgjald.

YSKN 381/2010

Úttekt úr einkahlutafélagi

Ríkisskattstjóri hækkaði launatekjur í skattframtölum kæranda um 378.000 kr. árið 2004, 7.487.000 kr. árið 2005 og 2.605.000 kr. árið 2006 vegna meintra óheimilla lánveitinga frá A ehf., sbr. 3. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 2. mgr. 11. gr. sömu laga. Forsendur ríkisskattstjóra voru þær að um væri að ræða skuldaaukningu kæranda við A ehf. umrædd ár samkvæmt viðskiptareikningi hjá félaginu. Ríkisskattstjóri vísaði til 79. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, varðandi bann við lánveitingum einkahlutafélags til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra í slíku félagi. Auk þess bætti ríkisskattstjóri 25% álagi á hækkun tekjustofna samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003.

Kærandi var framkvæmdastjóri A ehf. og varamaður í stjórn félagsins en hlutafélag félagsins var í eigu föður hans. Við skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra hafði kærandi verið spurður um tilurð kröfu A ehf. á hendur honum. Greindi hann frá því að skýringin á kröfunni væri í fyrsta lagi sú að rekstrargjöld vegna A ehf. hefðu verið greidd án þess að reikningar vegna viðkomandi útgjalda hefðu skilað sér í bókhald félagsins, og í öðru lagi sú að krafan væri tilkomin vegna einkaneyslu kæranda. Þrátt fyrir tilefni voru af hálfu kæranda ekki gefnar neinar frekari skýringar á umræddri kröfu félagsins á hendur honum.

Í niðurstöðu yfirsattanefndar segir að ljóst sé að umræddar greiðslur A ehf.

til kæranda á árunum 2003, 2004 og 2005 hafi ekki verið lögmat úthlutun af fjármunum félagsins, sbr. 73. gr. laga nr. 138/1994. Með vísan til þess yrði því að telja hinar umdeildu greiðslur A ehf. til kæranda að öllu leyti vera lán í skilningi 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994, eins og skýra yrði ákvæðið með hliðsjón af lögskýringargögnum. Kærandi hefði verið framkvæmdastjóri A ehf. og varamaður í stjórn félagsins. Af því leiddi að umræddar greiðslur einkahlutafélagsins til hans væru ekki heimilar að lögum sem lánveitingar til hans, enda yrði ekki séð að um venjuleg viðskiptalán hafi verið að ræða. Yfirsattanefnd staðfesti því þá ákvörðun ríkisskattstjóra að telja greiðslurnar til tekna hjá kæranda sem laun í skattframtölum hans árin 2004, 2005 og 2006, sbr. 3. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, enda yrði að skýra ákvæði 3. mgr. 1. tölul. og 2. mgr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. laganna til samræmis og með hliðsjón af 2. mgr. 11. gr. sömu laga, þannig að skattleggja bæri óheimila lánveitingu einkahlutafélags til hluthafa, sem jafnframt er starfsmaður félagsins, sem launatekjur hans samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna. Yfirsattanefnd staðfesti einnig 25% álagsbeitingu ríkisskattstjóra.

Óheimilar lántökur hluthafa hjá einkahlutafélagi færðar til tekna hjá honum sem laun.



Samruna synjað - ekki skyldur rekstur

Skattstjóri tilkynnti kæranda með vísan til 1. mgr. 95. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, um þá breytingu á skattframtali félagsins árið 2009 að rekstrartap að fjárhæð 44 millj. kr. vegna samruna kæranda og A ehf. í ársbyrjun 2008 hefði verið fellt niður. Vísaði skattstjóri til þess að skráður tilgangur kæranda væri rekstur fiskvinnslu og skyld starfsemi, og benti á að samkvæmt ársreikningum félagsins hefði starfsemi þess á liðnum árum verið fölginn í sölu fiskafurða. Skráður tilgangur A ehf. væri hins vegar eignarhald og verslun með hlutabréf og hluti í einkahlutafélögum, hvers konar eignaumsýsla, rekstur fiskvinnslu, rekstur fasteigna og skyld starfsemi, og lánstarfsemi í tengslum við fyrrgreinda starfsemi. Samkvæmt ársreikningum A ehf. hefði starfsemi félagsins í raun eingöngu verið fölginn í því að kaupa hlutabréf í kæranda fyrir 220 millj. kr. á árinu 2005. Frá stofnun hefði A ehf. ekki haft aðrar tekjur en gengishagnað vegna langtímalána, þ.e. skulda sem stofnað hefði verið til vegna kaupa á hlutabréfum í kæranda. Við samruna félaganna hefði eina eign A ehf. verið hlutabréfaeign í kæranda. Ljóst væri því að ekki væri uppfyllt lagaskilyrði um „skyldan rekstur eða starfsemi“ félaga í tilviki samruna

félaganna, sbr. 54. gr. laga nr. 90/2003, og yrði því ekki fallist á að umrætt rekstrartap hefði myndast í sams konar rekstri. Skipti ekki máli í því sambandi þótt skráður tilgangur A ehf. væri m.a. rekstur fiskvinnslu, enda lægi fyrir að félagið hefði ekki stundað neina slíka starfsemi.

Í niðurstöðu yfirsattanefndar kom fram að þau skilyrði sem 1. mgr. 54. gr. laga nr. 90/2003 setji fyrir yfirfærslu rekstrartaps séu ekki skýr og tiltæk lögskýringargögn veiti takmarkaðar leiðbeiningar um túlkun þeirra. Við túlkun ákvæðisins sé óhjákvæmilegt að hafa hvort tveggja í huga að það víki frá greindum meginreglum með því að setja sérstök skilyrði fyrir yfirfærslu rekstrartaps við samruna eða skiptingu félaga, og sé í verulegum mæli matskennt. Þrátt fyrir þetta verði að telja ljóst að vilji löggjafarvaldsins hafi staðið til þess að heimila ekki yfirfærslu rekstrartaps þegar þannig standi á að telja meggi að tilgangur samruna sé skattahagræði eitt og í þeim efnum gefi skilyrði lagaákvæðisins slíkan tilgang til kynna. Skilja verði umrætt ákvæði svo að samkvæmt orðanna hljóðan sé almennt miðað við raunverulega starfsemi þannig að skráður tilgangur einn sér nægi ekki, sé starfsemi ekki fyrir að fara. Þá þykir, í samræmi við tilganginn með ákvæðinu, bera að skýra umrætt skilyrði ákvæðisins svo að átt sé við aðalstarfsemi.

Starfsemi A ehf. hafi eingöngu verið kaup og eignarhald á hlutabréfum í kæranda og hafi félagið ekki haft aðra starfsemi með höndum. Sú starfsemi sé í samræmi við skráðan tilgang félagsins samkvæmt félags-sampykktum. Að því er kæranda varði sé óumdeilt að aðalstarfsemi hans hafi verið sala á fiskafurðum, sbr. skráðan tilgang félagsins. Samkvæmt þessu sé ljóst að raunveruleg aðalstarfsemi kæranda annars vegar og A ehf. hins vegar á þeim tíma sem hér skipti máli geti ekki talist „[skyldur] rekstur eða starfsemi“ í skilningi 1. mgr. 54. gr. laga nr. 90/2003.

Í kærnu til yfirsattanefndar var því teft fram að þar sem starfsemi A ehf. hefði eingöngu verið fölginn í eignarhaldi hlutabréfa í kæranda mætti líta svo á að starfsemi félagsins hafi „beint og óbeint“ lotið að rekstri fiskvinnslu kæranda. Ekki þótti unnt að fallast á þetta með kæranda, enda yrði í samræmi við orðalag 1. mgr. 54. gr. laga nr. 90/2003 að líta til starfsemi hvors eða hvers félags um sig þegar tekin væri afstaða til þess hvort skilyrði lagagreinarinnar væru uppfyllt. Breyting skattstjóra á skattframtali kæranda árið 2009 var því látin standa óhögguð.

Niðurstaða úrskurðar yfirsattanefndar í samræmi við úrskurð nr. 78/2009.




Óskar H. Albertsson



Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir



Pétur Ólafsson



Soffía Pétursdóttir

Ný forysta í virðisaukaskattsframkvæmd

Við sameiningu virðisaukaskatts af skattstofunum í Reykjavík og Hafnarfirði í eina einingu, sem staðsett er í Hafnarfirði, urðu nokkrar mannabreytingar. Frá 15. maí 2011 hefur Óskar H. Albertsson gegnt stöðu skrifstofustjóra virðisaukaskatts-skrifstofu. Honum til aðstoðar fram til 1. september n.k. verða þau Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir og Pétur Ólafsson. Soffía Pétursdóttir verður hópstjóri virðisaukaskatts á starfsstöð RSK

á Akureyri. Þau hafa öll gegnt stjórnunarstöðum hjá RSK um lengri eða skemmri tíma.

Stefán Skjaldarson, sem stýrt hefur virðisaukaskattinum frá því í nóvember 2010, hverfur aftur til starfa á skattstofunni á Akranesi en þar hefur Sigríður Jónsdóttir leyst hann af. Kristín Norðfjörð, sem var skrifstofustjóri virðisaukaskatts hefur undanfarið unnið að endurgerð *Handbókar um virðisaukaskatt*.

Minningarbrot starfsmanns af skattstofunni í Reykjavík



Ingibjörg
Eiríksdóttir

Nú hefur skattstofunni í Reykjavík við Tryggvagötu verið lokað. Undirrituð, fyrrum fulltrúi hjá embætti skattstjórans í Reykjavík, nú starfsmaður ríkisskattstjóra við Laugaveg 166, fór þá að hugsa um viðskiptavinum og góðkunningja skattstofunnar í Reykjavík í gegnum árin, og allt fjörið og hasarinn sem oft var þegar framtalskilin stóðu sem hæst. Í marsmánuði bauð skattstjórinn í Reykjavík upp á aðstoð við framtalsgerð fyrir þá sem af einhverjum ástæðum gátu ekki gert framtalið sitt sjálfir og var þá mikið að gera á skattstofunni ekki síst hjá launþegadeildinni, bæði við afgreiðslu í básum og við símsvörum.

Eftirfarandi atburðir gerðust í mars í fyrra þegar framtalsaðstoðin stóð sem hæst. Það var föstudagur kaldur og drungalegur, slydda og rok, og ég var á básavakt þann daginn. Það var einhver ókyrrr yfir fólkinu sem kom í afgreiðsluna og hafði komið til handalögmála þegar einhverjir ætluðu að labba beint inn á bása án þess að bíða síns tíma. En það voru til dæmis drukknir landar og útlendingar sem hvorki skildu íslensku né ensku. Afgreiðslan hafði verið troðfull og stanslaus röð á básana allan daginn, og eftir kaffihlé um þrjúleytið var ennþá röð af háværu og stressuðu fólki að bíða eftir afgreiðslu við básana. Loftið var orðið þungmettað og greina mátti tóbaks- og áfengisfnyk. Þegar loks tókst að ljúka röðinni við básana stóð ég upp til þess að loka mínum bás og sá ég þá mann í svörtum síðum frakka steinsofandi á stól innst á



ganginum. Þegar ég klappaði honum á öxlina spratt hann upp og sagðist þurfa aðstoð við framtalið sitt og upplýsingar um launin sín síðustu þrjú árin, en hann var enskumælandi.

Þótt búið væri að loka afgreiðslunni og starfsfólkið farið að tínast heim í helgarfrí þá ákvað ég að aðstoða manninn og bauð honum sæti í básnum. Maðurinn brosti feginsamlega til mín og bað um upplýsingar sem hann vörðuðu. Ég var að leita í tölvunni þegar maðurinn byrsti sig allt í einu við einhvern sér við hlið. Ég dauðhrökk við og sá að hann leit niður sér til hægri handar, hvass á svip, og sagði djúpri skipandi röddu: „My love, my dear, you shut up and be good.“ Síðan setti hann upp vingjarnlegan svip aftur er hann leit til mín. Þegar ég rétti honum umbeðnar upplýsingar sneri hann sér á ný til hægri og var nú ógnandi og reiður á svip þegar hann sagði: „You devil, shame on you, now I'll have to spank you.“ Þegar hér var komið við sögu var ég orðin töluvert hrædd við manninn, eða öllu heldur ósýnilegu veruna, púkann, áránn, eða hvað þetta var honum á hægri hönd, sem virtist vera að færa sig upp á skaftið. Á augabragði ákvað ég þó að láta sem ég sæi ekki hægribeygjurnar

hjá manninum og þannig lauk ég við að afgreiða hann. Ég fylgdi honum síðan fram til þess að læsa á eftir honum og hann hvarf þakklátur með sitt viðkunnanlega bros á andlitinu inn í lyftuna á ytri ganginum.

Á leiðinni til baka varð mér hugsað til þess að dagurinn hefði allur verið mjög einkennilegur og allskonar undarlegt fólk á ferðinni – hvort gæti verið hástreymt og fullt tungl. Er ég fór í gegnum mannautt, dimmt skjalasafnið læddist að mér hrollkaldur grunur um að þessi andstyggilegi illskeytti ári er fylgt hafði manninum hefði ekki yfirgefið skattstofuna með meistara sínum heldur væri hann nú á eftir mér. Mér fannst ég finna fyrir illri nærveru hans.

Skjálíandi á beininum hraðaði ég mér inn á launþegadeild. Þegar þangað kom voru vinnufélagar mínir að fara yfir erfið málefni dagsins yfir kaffi og kexi. Þar var mér vinsamlega bent á að fara á námskeið í þjónustu við verur að handan. Þannig losnaði ég við hrollinn úr bakinu, og ef til vill fylgjuna sjálfa, með því að brosa að öllu saman og labba léttstíg út í helgarfríð.

Atvinnulífið 2009

lesið úr skattframtölum

Enn gætir áhrifa hruns fjármálakerfisins. Gríðarlegt tap undanfarinna ára má fyrst og fremst rekja til nokkurra fjármálafyrirtækja sem voru mjög umsvifamikil í íslensku atvinnu- og þjóðlífi árin fyrir hrun. Þó að árið 2009 hafi verið mörgum smærri fyrirtækjum erfitt eru sem betur fer þúsundir fyrirtækja enn að skapa verðmæti í íslensku samfélagi, greiða starfsmönnum laun, eigendum arð og skatt til ríkis.



Páll Kolbeins

Í lok október 2010 lauk ríkisskattstjóri við að leggja skatta og gjöld á lögaðila vegna rekstrarársins 2009. Við álagningu voru 43.990 lögaðilar á skrá, þar af 35.709 skattskyld félög og 8.281 sem undanþegið er almennum tekjuskatti. Ríkisskattstjóri áætlaði skatta og gjöld 12.548 tekjuskattskyldra félaga, eða 35,1% þeirra félaga, og voru þeim því áætlaðir skattar og gjöld. Lögaðilar hafa mánuð til að kæra álagningu ríkisskattstjóra. Þó að framtalsfrestur renni jafnan út fyrri hluta september halda framtöl þó áfram að berast fram yfir áramót og fram eftir næsta ári. Þegar upp er staðið má þó búast við að um 15-20% tekjuskattskyldra lögaðila skili ekki framtali. Skattar þessara fyrirtækja eru áætlaðir og er innheimtumönnum ríkisins ætlað að innheimta kröfurnar.

Þó svo að meira en hálf ár sé liðið frá því að frestur til að skila framtali rann út eru framtöl enn að berast. Hinn 31. mars sl. höfðu 28.228 skattskyldir lögaðilar skilað skattframtali en ef tekið er mið af skilum síðustu ára má búast við að enn eigi hátt í sjö þúsund framtöl eftir að berast. Á meðan framtöl halda áfram að berast og kærur eru afgreiddar má búast við að álagningin taki nokkrum breytingum. Oft eru það þó frekar lítil félög, og félög sem ekki störfuðu, sem skila ekki framtali fyrir framtalsfrest og því ættu þau framtöl sem þegar hafa borist að gefa nokkuð góða mynd af rekstri fyrirtækjanna í landinu vegna ársins 2009.

Rekstur

Það lítur út fyrir að rekstrartekjur fyrirtækja hafi dregist nokkuð saman á milli árunna 2008 og 2009. Þau 28.228 fyrirtæki sem voru búin að skila skattframtali vegna rekstrarársins 2009 voru með 3.230 milljarða í tekjur af rekstri. Í lok febrúar í fyrra stóðu rekstrartekjur fyrirtækja vegna ársins 2008 í 3.211 milljörðum en í mars á þessu ári stóðu þær í 3.390 milljörðum. Það er því ekki að sjá að rekstrartekjur fyrirtækja muni

”

Þó svo að langflest félög séu með fremur litlar tekjur eru til þess að gera fá félög sem aflu bróðurparts rekstrartekna félaga. Þannig voru 9.114 félög ekki með neinar rekstrartekjur árið 2009

hækka mikið á milli ára. Tæpur helmingur rekstrartekna er virðisaukaskattskyld sala, eða 1.451 milljarður, velta og starfsemi undanþegin virðisaukaskatti var samtals 1.622 milljarðar. Um þetta leyti í fyrra stóð virðisaukaskattskyld velta fyrirtækja í 1.533 milljörðum. Síðan þá hafa fleiri fyrirtæki skilað framtali og nú stendur þessi tala í rúmum 1.596 milljörðum og hefur því hækkað um rúma 63 milljarða. Það lítur því út fyrir að virðisaukaskattskyld sala dragist

nokkuð saman milli ára. Þetta er í fyrsta skipti frá því að rafræn framtöl komu til sögunnar sem virðisaukaskattskyld velta dregst saman á milli ára.

Meiri velta í útflutningi

Sem fyrr segir er virðisaukaskattskyld velta tæplega helmingur rekstrartekna. Að auki koma rekstrartekjur af undanþeginni skattskyldri veltu og óskattskyldri, svo og söluhagnaði af eignum. Þeir sem selja vöru sem er undanþegin virðisaukaskattskyldri veltu eru samt virðisaukaskattskyldir. Þeir leggja ekki virðisaukaskatt á söluna en mega þó innskatta aðföng. Það lítur út fyrir að velta í þeirri starfsemi hafi hækkað um nær 10% á milli árunna 2008 og 2009. Velta sem er undanþegin virðisaukaskatti var 969 milljarðar árið 2009 saman borið við 883 milljarða árið þar áður. Hér er fyrst og fremst um að ræða útflutning sem hefur aukist nokkuð á milli ára vegna veikari krónu. Því til viðbótar þá jókst álframleiðsla hér á landi árið 2009 þegar nýtt álver var tekið í notkun á Austurlandi.

Það sætir tíðindum að velta í starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti dróst talsvert saman á milli árunna 2008 og 2009. Hér er um að ræða starfsemi þar sem óheimilt er að innskatta aðföng og leggja virðisaukaskatt á sölu s.s. mennta- og menningarstarfsemi sem og fjármálastarfsemi. Tekjur fyrirtækja sem eru undanþegin virðisaukaskatti voru 653 milljarðar árið 2009 saman borið við 1.067 milljarða árið 2008. Hér er um nær 40% samdrátt milli ára. Hér munar um að umsvif fjármála-starfsemi hafa minnkað mikið á milli ára.

Aðrar tekjur fyrirtækja hækkuðu hins vegar nokkuð á milli árunna 2008 og 2009. Skýringar á þessari hækkingu er að finna í því að nokkur fyrirtæki færðu mjög háar fjárhæðir í þennan reit á framtali árið

2010. Í þennan framtalsreit eru iðulega færðar bætur, styrkir og annað í þeim dúr. Það lítur hins vegar út fyrir að aðrar tekjur hafi hækkað mikið árið 2009 vegna þess að skuldir félaga hafa verið felldar niður að einhverju marki, vegna nauðasamninga eða þess að aflögð starfsemi hefur verið seld. Skuldir sem eru felldar niður eru færðar til tekna hjá félaginu sem sleppur við að greiða lánið. Það er auðvitað allsendis óvíst hvort að félög sem tekjufæra skuldir sem þau fá felldar niður og sleppa við að borga séu rekstrarhæf, en lausleg athugun gefur til kynna að hér sé oft um eignarhaldsfélög að ræða og skuldsett rekstrarfélög. Mat manna á verðmæti hlutabréfa getur hækkað og lækkað sem leiðir til þess að tekjur eða tap myndast í fyrirtækjum. Það er óneitanlega merkilegt til þess að hugsa að á uppgangs-árunum fyrir hrun voru skuldum vafin eignarhaldsfélög helsti vaxtarsproti í íslensku efnahagslífi. Nú eftir hrun er eftirgjöf skulda að skila miklum tekjum til sumra þessara félaga. Auðvitað eru flest þessara félaga illa stödd og því e.t.v. um formsatriði að ræða og alls óvíst að skattur verði greiddur af þessum tekjum.

Árið mörgum fyrirtækjum erfitt

Hvað sem því líður þá lítur út fyrir að árið 2009 hafi almennt verið félögum erfitt. Aðeins 16.192 þeirra 31.597 félaga sem voru búin að skila skattframtali fyrir rekstrar-árin 2008 og 2009 voru með einhverjar rekstrartekjur bæði árin, en 3.064 félög voru ýmist ekki búin að skila framtali, voru ekki með neinar tekjur, eða höfðu lagt upp laupana árið 2009. Þá voru 2.870 félög með tekjur árið 2009 en ekki með neinar tekjur árið 2008.

Ef skoðað er hvernig tekjur þeirra 16.192 félaga sem voru með tekjur af rekstri bæði árin hafa breyst þá sést að rekstrartekjur rúmlega helmings félaganna höfðu lækkað frá árinu 2008. Þannig höfðu tekjur 8.217 félaga lækkað á meðan tekjur 7.776 félaga höfðu hækkað. Tekjur 199 félaga voru óbreyttar en hér er aðallega um að ræða félög með leigu á húsnæði og aflaheimildum sem hafa ekkert breyst milli ára.

Sem fyrr segir lítur út fyrir að rekstrartekjur félaga verði nú um 160 milljörðum lægri en í fyrra. Rekstrartekjur fyrirtækja sem voru með tekjur bæði árin hafa hins vegar dregist saman um rúma 384 milljarða. Tekjur þeirra 7.776 félaga sem voru með meiri tekjur árið 2009 en árið á undan hækkuðu um 339 milljarða eða 26,6% á milli ára. Tekjur hinna 8.217 lækkuðu hins vegar um rúma 723 milljarða eða 37,9%. 12 fyrirtæki voru með neikvæðar

rekstrartekjur árið 2008. Hér er um að ræða leiðréttingu með tilliti til ársreiknings en rekstrartekjur eins og þær koma fyrir hér eru sömu rekstrartekjur og fyrirtækið færir til tekna í ársreikningi. Neikvæðar tekjur þessara félaga voru 206 milljarðar. Árið 2009 voru níu félög með neikvæðar rekstrartekjur.

Þau 3.064 félög sem voru með tekjur árið 2008, en hafa ekki talið fram neinar tekjur vegna rekstrar árið 2009, voru með tæpa 416 milljarða í tekjur árið 2008. Á móti hafa komið tekjur nýrra félaga sem ekki voru með tekjur árið 2008 en tekjur þessara félaga voru tæpir 435 milljarðar.

Fá félög með miklar tekjur

Þó svo að langflest félög séu með fremur litlar tekjur eru til þess að gera fá félög sem afla bróðurparts rekstrartekna félaga. Þannig voru 9.114 félög ekki með neinar rekstrartekjur árið 2009 og 9.468 þeirra félaga sem voru með einhverjar rekstrartekjur voru með minna en 10 milljónir í tekjur. Þessi 33,6% félaga voru með um eitt prósent rekstrartekna félaga í landinu. Hins vegar var 51 félag með meira en 10 milljarða í rekstrartekjur. Samanlagðar rekstrartekjur þessara fyrirtækja voru 1.547 milljarðar. Tæplega 0,2% félaga voru því með 46,8% tekna.

Rekstrargjöld


Rekstrargjöld félaga eiga að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við. Nú eru horfur á að rekstrargjöld hafi lækkað nokkuð á milli árunum 2008 og

2009. Rekstrargjöld fyrirtækja voru um 8.050 milljarðar, 4.660 milljörðum hærri en tekjurnar árið 2008. Horfur eru á að rekstrargjöld félaga verði rúmum 4.088 milljarðar árið 2009, eða tæpum 1.000 milljörðum hærri en tekjurnar. Eins og gefur að skilja var árið 2008 ekkert venjulegt ár fyrir íslenskt atvinnulíf. Fjármálageirinn, sem hafði verið mjög umsvifamikill hér á landi, hrundi með gríðarlegum kostnaði fyrir alla sem áttu einhverja hagsmuna að gæta; eigendur, lánardrottna bankanna og ríkið. Það þarf því ekki að koma á óvart að rekstrargjöld félaga hafi lækkað á milli ára. Rekstrargjöld félaga eru þó enn mjög há og er þar fyrst og fremst um eftirköst umrædds hruns að ræða.

Gríðarlega aukningu rekstrargjalda árið 2008 má fyrst og fremst rekja til tveggja þátta. Annars vegar jukust hráefnis kaup innanlands mikið en þá er aðallega um að ræða vaxtakostnað fjármálastofnana og svo hins vegar voru afskrifaðar viðskiptakröfur ekki í neinu samræmi við það sem þekkt hefur.

Þó að hráefnis kaup fjármálastofnana hafi vissulega hækkað mikið á milli árunum 2007 og 2008 þá er hækkun hráefnis kaupa þó smáræði í samanburði við afskrifaðar viðskiptakröfur og sölutap. Árið 2007 afskrifuðu íslensk fyrirtæki viðskiptakröfur sem voru metnar á 23 milljarða. Árið eftir afskrifuðu íslensku fyrirtækin tæpa 3.587 milljarða sem þau áttu í útistandandi kröfur á viðskiptamenn. Eins og gefur að skilja var hér fyrst og fremst um viðskiptakröfur fallinna banka og fjármálafyrirtækja að ræða.

Fyrirtæki flokkuð eftir rekstrartekjum 2009



Um þriðjungur fyrirtækja sem skiluðu skattframtali vegna rekstrarársins 2009 voru ekki með neinar rekstrartekjur það árið. Tæpur þriðjungur var með minna en 10 milljónir í rekstrartekjur. Til þess að gera lítil hópur félaga, eða 51 fyrirtæki, voru með meira en 10 milljarða í rekstrartekjur árið 2009.

Skattframtal rekstraraðila 2001 til 2010 - **Rekstur**

Upphæðir í milljónum kr.

Framtalsár	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi framtala	13.550	14.046	16.539	20.280	22.546	24.548	26.427	28.427	28.394	28.228
Rekstrartekjur										
VSK-skyld velta	547	627	664	736	924	1.075	1.391	1.556	1.596	1.451
Velta undanþegin VSK	234	295	281	331	389	434	547	589	883	969
Starfsemi undanþegin VSK	114	145	140	204	294	372	623	841	1.067	653
Söluhagnaður	11	12	14	15	23	44	47	62	30	25
Aðrar tekjur	23	21	31	43	43	66	83	121	84	208
Leiðrétting rekstartekna með tilliti til ársreiknings	-40	-3	15	-3	-5	-29	-77	-71	-270	-75
Rekstrartekjur samtals	889	1.097	1.145	1.327	1.667	1.962	2.615	3.098	3.390	3.230
Gjöld										
Hráefniskaup	134	165	163	185	208	244	462	627	1.130	592
Vörukaup	263	295	299	353	459	522	641	728	777	724
Afskrifaðar viðskiptakröfur	7	13	15	21	24	21	21	23	3.587	1.195
Annar kostnaður	255	296	304	363	477	548	711	820	997	662
Samtala gjalda	659	770	781	922	1.167	1.336	1.835	2.198	6.490	3.173
Laun og launatengdur kostnaður	194	214	230	257	302	356	429	496	510	449
Sölutap	2	3	3	3	3	2	2	2	639	11
Fyrningar	41	55	57	59	69	68	80	91	163	337
Önnur rekstrargjöld og leiðréttingar	-35	4	-16	-30	-54	-64	-120	-45	248	119
Rekstrargjöld samtals	860	1.045	1.056	1.212	1.487	1.698	2.225	2.742	8.050	4.088
Hagnaður af rekstri	65	91	129	152	224	321	460	507	418	566
Tap af rekstri	-37	-40	-40	-37	-44	-57	-71	-151	-5.078	-1.423
Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld	29	52	89	115	180	265	390	356	-4.660	-857
Fjármagnsliðir										
Vaxtatekjur	25	42	47	51	61	79	152	238	364	341
Vaxtagjöld	55	92	63	71	85	127	278	433	894	783
Gengishagnaður	3	4	42	30	86	133	115	102	309	249
Gengistap	22	40	4	17	5	9	139	83	1.481	157
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага							239	121	-1.593	-965
Söluhagnaður af hlutabréfum							203	178	39	32
Sölutap af hlutabréfum							-2	-20	-634	83
Tekjur og gjöld af fjármálagerningum							100	-51	-722	-403
Niðurfærsla verðbréfaeignar							-3	-60	-541	-69
Aðrar tekjur/gjöld	-9	-18	-16	-53	-143	-423	-64	-70	-34	-225
Hagnaður/tap skv. ársreikningi										
Hagnaður skv. ársreikningi	48	64	177	216	429	823	1.001	1.007	345	714
Tap skv. ársreikningi	-61	-81	-50	-56	-48	-60	-160	-588	-10.124	-3.018
Samtals	-12	-16	127	160	380	764	841	419	-9.779	-2.304
Skattalegar leiðréttingar	-2	-23	-82	-141	-286	-648	-850	-572	4.240	1.301
Hagnaður fyrir yfirfæránlegt tap	32	37	89	70	144	188	228	251	192	379
Tap fyrir yfirfæránlegt tap	-47	-76	-44	-51	-49	-73	-236	-404	-5.731	-1.382
Hreinar tekjur	20	20	52	49	105	153	195	161	121	126
Yfirfæránlegt tap til næsta árs	115	169	155	183	195	224	413	705	6.226	5.936


Tölurnar sýna upphæðir sem framteljendur, endurskoðendur eða bókarar höfðu skráð á skattframtöl þeirra lögaðila sem höfðu skilað rafrænu skattframtali 2. febrúar sl. og miðast þær við stöðu framtalsgagna á þeim tíma.

Skattframtal rekstraraðila 2001 til 2010 - Efnahagur

Upphæðir í milljórdum kr.

Framtalsár	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi framtala	13.550	14.046	16.539	20.280	22.546	24.548	26.427	28.427	28.394	28.228
Eignir										
Óefnislegar eignir	52	71	103	108	175	297	411	491	546	533
Mannvirki og lóðir	223	296	322	361	429	536	897	1.031	1.723	1.794
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	176	247	208	207	254	332	650	917	908	1.286
Eignarhlutur í innlendum og erlendum félögum	297	357	470	788	1.707	3.051	5.103	7.257	5.550	4.271
Kröfur	835	1.241	1.336	1.902	2.717	4.445	7.134	9.490	10.879	6.690
Birgðir	80	91	99	99	115	132	175	204	253	208
Vörur og verk í vinnslu	11	15	13	22	31	40	59	62	43	29
Aðrar skammtímaskuldir	51	54	48	69	101	151	228	401	633	260
Inneign virðisaukaskatts	4	4	3	4	4	6	10	11	12	11
Verðbréf	189	239	268	328	301	462	711	1.348	1.259	858
Handbært fé	157	195	178	279	538	595	956	1.444	1.387	1.274
Aðrar eignir	39	40	439	508	539	561	704	466	1.874	1.432
Eignir samtals	2.112	2.849	3.488	4.676	6.910	10.607	17.037	23.121	25.067	18.646
Skuldir										
Viðskiptaskuldir	142	171	171	184	225	252	312	358	421	477
Næsta árs afborganir langtímalána	38	59	59	58	64	104	246	391	632	759
Ógreiddur virðisaukaskattur	7	8	10	10	13	16	16	17	18	17
Aðrar fyrirfram innheimtar tekjur	9	10	10	20	30	30	49	33	35	30
Aðrar skammtímaskuldir	326	375	397	470	624	906	1.355	1.632	3.790	3.503
Eftirlaunaskuldbindingar	3	3	3	3	4	4	9	13	11	10
Tekjuskattsskuldbindingar	19	12	18	32	73	144	151	157	15	18
Erlendar langtímaskuldbindingar	193	209	233	320	485	949	1.768	2.763	4.779	2.975
Skuldir vegna tengdra aðila	55	78	110	186	492	494	887	1.587	1.831	2.340
Aðrar langtímaskuldir	759	1.006	1.021	1.537	2.129	3.484	5.635	7.896	11.033	9.761
Erlendar skammtímaskuldir	74	105	71	131	182	351	663	1.089	2.450	273
Innborgun fyrir afhendingu	1	1	1	1	2	0	2	2	1	0
Skuldir samtals	1.625	2.037	2.103	2.953	4.323	6.734	11.092	15.938	25.015	20.163
Eigð fé										
Hlutafé/stofnfé	261	444	936	1.055	1.400	1.639	2.387	2.145	3.780	3.235
Lögbundinn varasjóður	48	127	180	259	528	771	789	2.094	2.783	2.751
Samtala eiginfjárliða	392	687	1.116	1.315	1.928	2.410	3.175	4.238	6.564	5.987
Annað eigð fé í upphafi árs	105	108	223	283	388	616	1.598	2.782	2.350	-4.958
Hagnaður/tap	-13	-16	127	160	381	761	827	417	-9.786	-2.304
Reiknað endurgjald	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Úttekt úr rekstri	3	3	3	38	42	24	64	121	55	376
Framlög til rekstrar	1	1	1	82	39	1	54	1	2	7
Úthlutaður arður	11	11	16	24	52	75	121	166	148	63
Aðrar breytingar á eigin fé	12	38	-64	-55	-54	184	461	29	1.123	191
Annað eigð fé í lok árs	95	125	269	409	660	1.464	2.755	2.944	-6.513	-7.504
Eigð fé samtals	487	812	1.385	1.724	2.588	3.874	5.931	7.183	50	-1.517
Eigð fé jákvætt	518	856	1.434	1.787	2.660	3.952	6.039	7.411	7.094	5.405
Eigð fé neikvætt	-31	-45	-50	-63	-73	-78	-108	-228	-7.044	-6.922

Sundurliðun rekstrartekna félaga raðað eftir rekstrartekjum



Lítið brot félaga í landinu er með hátt í helming rekstrartekna. Félög sem voru með meira en 10 milljarða í rekstrartekjur voru samanlagt með meira en 1.547 milljarða í tekjur. Um þriðjungur félaga var með minna en 10 milljónir í tekjur árið 2009. Þessi félög voru samanlagt með eitt prósent rekstrartekna félaga.

Það lítur út fyrir að afskrifaðar viðskipta-kröfur vegna rekstrar ársins 2009 verði um 1.200 milljarðar. Aftur er hér aðallega um að ræða afskrifaðar kröfur banka og fjármálastofnana, enda fjárhæðirnar sem um ræðir í litlu samræmi við íslenskt efnahagslíf, eins og sést þegar velta fyrirtækja er höfð til viðmiðunar.

Aðrir gjaldaliðir eru í þokkalegu samræmi við það sem verið hefur en þó vekur tvennt helst athygli. Annars vegar lækka margir liðir nú í fyrsta skipti á milli ára og þá er athyglisvert að launakostnaður fyrirtækja lækkar um nær 60 milljarða á milli ára eða rúmlega 12%. Það má vissulega halda því fram að atvinnuástand á árunum fyrir hrun hafi að ýmsu leyti verið óvenjulegt. Til landsins streymdu þúsundir útlendinga til að vinna í byggingariðnaði og öðrum greinum atvinnulífsins sem höfðu óþrjótandi þörf fyrir starfskrafta þessa fólks. Það hefði verið óvarlegt að ætla að þetta ástand gæti varað til framtíðar. Nú er þetta skeið á enda, minni vinnu að hafa og margir því horfnir aftur til síns heima. Það er því viðbúið að launagreiðslur fyrirtækja dragist nokkuð saman á milli ára.

Loks er athyglisvert að fyrirtæki sem eru ekki með neinar rekstrartekjur færa miklar fyrningar til bókar. Hér er annars vegar um að ræða fyrningar nokkurra eignarhaldsfélaga og hins vegar mörg félög sem hvert um sig afskrifa eignir.

Afgangur af rekstri

Þegar rekstrargjöld hafa verið dregin frá rekstrartekjum stendur eftir afgangur eða hagnaður af rekstri. Þetta er í raun verðmætaaukningin eða virðisaukinn sem varð til í fyrirtækinu. Lánadrottinn fyrirtækisins, ríkið og loks eigendur telja sig eiga tilkall til hluta þessara verðmæta. Ef ekki er afgangur af rekstrinum er fyrirtækið að framleiða tap eða með öðrum orðum eyða, eða jafnvel sóa verðmætum. Tapið þarf að greiða með verðmætum eða sparnaði sem orðið hefur til í arðbærum rekstri annars staðar í öðrum rekstri eða á öðrum tíma. Rekstrarhagnaður þarf að standa undir kröfu eigenda og lánadrottina um ávöxtun þess sparnaðar sem lagður hefur verið í fyrirtækið og ef ekki er afgangur af rekstrinum tapast þessi verðmæti eða tækifæri til að afla verðmæta annars staðar á sama tíma.

Þegar upp er staðið lítur út fyrir að rekstrarkostnaður íslenskra fyrirtækja umfram rekstrartekjur hafi verið um 857 milljarðar árið 2009, en árið áður voru rekstrargjöld félaga 4.660 milljarðar umfram tekjur. Hér skipta aftur sköpum afskriftir fjármálafyrirtækja og tapaðar viðskipta-kröfur en þeir 1.194 milljarðar sem fyrirtæki færðu sem sannanlega tapaðar og afskrifaðar kröfur á viðskiptavini árið 2009 eru að langmestu vegna afskrifta banka og fjármálafyrirtækja. Rekstrarhagnaður fyrirtækja jókst nokkuð á milli ára. Hann var tæpir 418 milljarðar árið 2008 en nú lítur út fyrir að hagnaður af rekstri verði rúmlega 566 milljarðar.

Hagnaður var af rekstri rúmlega helmingss félaga sem voru búin að skila skattframtali, eða 12.607 félaga. Hins vegar voru 12.129 félög rekin með tapi. Það stefnir í að samantlagt tap þessara félaga verði um 1.423 milljarðar, eða 857 milljörðum hærra en hagnaðurinn.

Fyrirtæki sem voru með meira en 10 milljarða í rekstrartekjur töpuðu 773 milljörðum en hér er um að ræða 11 félög. Þetta er um helmingur eða 54,3% tapsins. Á hinn bóginn var hagnaður af rekstri 40 félaga sem hvert um sig var með meira en 10 milljarða í rekstrartekjur. Samanlagður hagnaður þessara félaga var 345 milljarðar.

Í ljósi aðstæðna í landinu árið 2008 er ekki mikið hægt að byggja á samanburði við það ár en þá skiluðu 13.198 félög 418 milljarða hagnaði af rekstri. Þá var 5.078 milljarða tap af rekstri 10.132 félaga.

Rekstrargjöld fyrir fyrningar og fjármagnsliði

Ef fyrningar eru dregnar frá rekstrargjöldum fæst út hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Til skamms tíma fela fyrningar ekki í sér bein útgjöld fyrir fyrirtækið. Til langs tíma lítið þurfa fyrirtæki hins vegar að endurnýja vélar og tæki til að reksturinn geti haldið áfram. Þrátt fyrir aukinn hagnað lítur þó út fyrir að árið 2009 hafi verið mörgum félögum erfitt. Færi félög voru rekin með hagnaði á sama tíma og fleiri félög voru rekin með tapi. Árið 2009 var hagnaður af rekstri 13.856 fyrirtækja saman borið við 14.409 félög árið 2008. Samanlagður hagnaður þessara fyrirtækja fyrir fyrningar var 666 milljarðar. Þá voru fleiri félög rekin með tapi, eða 10.801, saman borið við 8.811 félög árið 2008. Eins og gefur að skilja hefur tap félaganna minnkað.

Það er ekki gott að segja hvernig félög geta gengið þar sem rekstrartekjur hrökkva ekki einu sinni fyrir rekstrargjöldum fyrir afskriftir. En ætla má að af þeim 12.129 félögum sem skiluðu engum arði af rekstri þá hljóti þetta 10.801 félag, þar sem rekstrartekjur hrökkva ekki fyrir rekstrargjöldum án fyrninga, að eiga við verulega erfiðleika að stríða. Svona er þó ástatt um mörg nýsköpunarfyrirtæki sem skila litlum tekjum fyrstu árin. Ef þessi fyrirtæki eiga að halda áfram að starfa þurfa stjórnendur þeirra að reyna að fá meiri peninga inn í félögin með því að auka tekjur, selja eignir, eða fá einhverja til að kaupa hlut, eða þá með því að fá peninga lánaða og hætta þannig sparnaði sínum eða annarra.

Þegar félögin sem standa á bak við þessar tölur eru skoðuð betur kemur í ljós að það eru fyrst og fremst bankar, félög í

fjármálaþjónustu og eignarhaldsfélög sem voru með engar eða litlar rekstrartekjur en færa gríðarlega mikið tap til gjalda í rekstrinum. Hér er um að ræða 1.789 félög af 10.801 sem voru með tap af rekstri fyrir fyrningar og fjármagnsliði, sem skráð eru í atvinnugrein 64, fjármálaþjónustu, þó ekki starfsemi váttryggingafélaga og lífeyrissjóða, í atvinnugreinaflokkunarkerfi Hagstofu Íslands, íslensku atvinnugreinaflokkuninni, ÍSAT2008. Rekstrargjöld þessara félaga voru 1.778 milljörðum hærrí en rekstrartekjur árið 2009. Rekstrargjöld félaganna samanstanda að miklu leyti af afskrifuðum viðskiptakröfum eða tapi af hlutabréfaviðskiptum eignarhaldsfélaga sem er fært sem leiðrétting á kröfum og ábyrgðum.

Sem fyrr segir hefur hagnaður fyrir afskriftir af rekstri fyrirtækja aukist nokkuð. Þegar skoðað er hvaða félög það eru sem skila mestum hagnaði fyrir afskriftir sést að hér er aftur um félög í fjármálageiranum að ræða. Annars vegar skiluðu bankar umtalsverðum hagnaði af rekstri og hins vegar lítur út fyrir að einhver hinna fjölmörgu eignarhaldsfélaga hafi rétt eitthvað úr kútnum. Það er athyglisvert að þó svo að fleiri félög í fjármálageiranum hafi verið rekin með hagnaði fyrir afskriftir árið 2009 en árið áður, 439 saman borið við 378, er bróðurpartur hagnaðaraukans fyrst og fremst hjá stórum félögum sem voru með meira en einn milljarð í hagnað. Árið 2009 voru 13 félög með meira en milljarð í hagnað fyrir afskriftir saman borið við sex félög árið áður. Samanlagður hagnaður þessara félaga var rúmí 275 milljarðar eða 226 milljörðum hærrí en af rekstri ársins 2008.

Fjármagnsliðir

Sem fyrr segir þurfa rekstrartekjur ekki einvörðungu að standa undir kostnaði sem fellur til við að afla teknanna heldur þurfa þær einnig að skila arði á það fjármagn sem bundið er í rekstrinum, hvort sem um er að ræða sparifé eigenda eða peninga sem teknir hafa verið að láni. Árið 2008 var mjög erfitt flestum félögum í landinu. Hrun íslensku krónunnar hafði mjög mikil áhrif á fjármagnskostnað félaga. Þetta sést vel á vaxtagjöldum og gengistapi sem var fært til bókar það árið. Vaxtakostnaður félaga, en hér er um að ræða vexti og verðbætur, rúmlega tvöfaldaðist á milli árunna 2007 og 2008, fór úr 433 milljörðum í 894 milljarða. Hann var um 783 milljarðar árið 2009. Þá var gengistap af hvers konar eignum og skuldum félaga í erlendum gjaldmiðlum rúmí 1.481 milljarður árið sem krónan hrundi og markaðir féllu. Það lítur út fyrir að það hafi verið rúmí 157 milljarðar árið 2009.

Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага var um 3.727 milljarðar árið 2008 en frá þessari tölu dróst tap af hlutdeild upp á 2.226 milljarða. Þessi tala endurspeglar afkomu margra eignarhaldsfélaga sem fóru mjög illa út úr hruninu. Nú lítur út fyrir að hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага verði jákvæð um 102 milljarða en á móti dregst tap upp á 1.067 milljarða. Samanlögð fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur félaga voru um 1.447 milljarðar árið 2009, sem er ekki mikið þegar árið 2008 er haft til hliðsjónar en þá voru fjármagnsliðir neikvæðir um 5.118 milljarða sem lögðust við 4.660 milljarða tap af rekstri þess árs.

Hagnaður samkvæmt ársreikningi


Þegar afskriftir og fjármagnsliðir, vaxtagjöld eða hlutur lánardrottna í rekstrarafkomunni, hafa verið dregnir frá rekstrartekjum og óreglulegum tekjum bætt inn þá stendur eftir hagnaður eða tap skv. ársreikningi. Hagnaður skv. ársreikningi skiptist svo á milli eigenda sem geta greitt út arð til hluthafa. Þá tekur ríkið skatt af hagnaði fyrirtækisins og þeim arði sem eigendum er greiddur af hagnaði

Það eru horfur á að íslensk fyrirtæki hafi samanlagt tapað 2.304 milljörðum skv. ársreikningi árið 2009, sem er þó mun minna en árið 2008 en þá töpuðu félög 9.779 milljörðum. Annars vegar hefur tap minnkað og svo hins vegar hefur hagnaður

aukist nokkuð á milli ára. Hagnaður skv. ársreikningi var rúmí 714 milljarðar árið 2009 saman borið við 345 milljarða árið áður. Það lítur hins vegar út að fyrir að félög hafi tapað rúmum 3.018 milljörðum árið 2009 sem er enn gríðarlega mikið í samanburði við árin fyrir hrun en þó aðeins um þriðjungur taps ársins 2008. Þá var samanlagt tap félaga 10.124 milljarðar.

Það er ekki aðeins að hagnaður hafi aukist og tap minnkað heldur voru mun fleiri félög rekin með hagnaði og færri með tapi árið 2009 en árið 2008. Árið 2008 voru 9.977 félög rekin með hagnaði saman borið við 11.200 árið 2009. Þá voru 14.426 félög rekin með tapi árið 2008 saman borið við 14.186 árið 2009. Það er aftur athyglisvert að til þess að gera fá félög skila bróðurparti hagnaðar félaga. Hrunárið 2008 voru 46 félög með meira en milljarð í hagnað og var samanlagður hagnaður þessara félaga tæpir 225 milljarðar. Árið 2009 voru 63 félög með meira en einn milljarð í hagnað og var samanlagður hagnaður þeirra tæpir 570 milljarðar. Þá bendir ýmislegt til þess að hagur minni og meðalstórra fyrirtækja hafi einnig vænkast nokkuð. Árið 2008 voru 9.694 félög með minna en 100 milljónir í hagnað skv. ársreikningi. Þessi félög skiluðu 54 milljörðum í hagnað. Ári síðar voru 10.856 félög með hagnað undir 100 milljónum og var samanlagður hagnaður þeirra tæpir 67 milljarðar. Þá voru 8.396 félög með minna en 10 milljónir í hagnað árið 2008 saman borið við 9.256 félög árið

Sundurliðun rekstrargjalda fyrirtækja eftir rekstartekjum 2009



Stór hluti rekstrarkostnaðar félaga eru afskrifaðar viðskiptakröfur. Hér er fyrst og fremst um að ræða afskrifaðar kröfur banka og fjármálastofnanna á aðra banka, fjármálafyrirtæki og fjárfestingafélög, sem og aðra sem ekki geta staðið í skilum. Árið 2009 var hartnær þriðjungur rekstrarkostnaðar vegna afskrifaðra viðskiptakrafa.

2009. Þessi félög skiluðu tæpum 17 milljörðum í hagnað skv. ársreikningi árið 2008 en rúmum 19 milljörðum árið 2009.

Enn mikið tap

Sem kunnugt er má rekja gríðarlegt tap félaga á síðustu árum til fárra félaga. Hér er um að ræða tap banka og fjárfestingarfélaga sem fóru í þrot árið 2008 en fjárfestingarfélög eru enn að skila ársreikningum sem sýna mjög mikið tap af rekstri ársins 2009. Árið 2008 töpuðu 394 félög meira en einum milljarði. Samanlagt tap þessara félaga var þá 9.646 milljarðar. Í mars sl. höfðu 156 félög skilað framtali þar sem tap skv. ársreikningi var meira en einn milljarður. Samanlagt tap þessara félaga var 2.799 milljarðar. Af þessum 156 félögum voru 105 félög skráð í ýmis konar fjármálastarfsemi. Þessi félög töpuðu tæpum 2.610 milljörðum.

Þá voru 13.542 félög með minna en 100 milljónir í tap skv. ársreikningi saman borið við 12.902 félög árið 2008. Þó svo að um fleiri félög sé að ræða hefur samanlagt tap félaganna minnkað mikið. Samanlagt tap félaga sem töpuðu minna en 100 milljónum var 127 milljarðar árið 2008 en rúmum 70 milljarðar árið 2009. Það lítur hins vegar út fyrir að árið 2009 hafi verið litlum félögum erfitt. Fleiri félög töpuðu minna en 10 milljónum árið 2009 en árið áður, 1.077 saman borið við 759 árið áður. Tapið hefur aukist úr rúmum 1,3 milljörðum í 1,7 milljarða.

Sem fyrr segir voru fleiri félög rekin með hagnaði árið 2009 en árið á undan.

Þá virðist sem þau félög sem rekin voru með hagnaði árið 2008 hafi flest einnig verið rekin með hagnaði ári seinna. Á síðustu tveimur árum hafa 31.597 félög skilað skattframtali. Þar af skiluðu 9.947 hagnaði árið 2008. Af þessum 9.947 félögum voru 5.990 enn með hagnað ári síðar og 2.981 var rekið með tapi. Meira en helmingur þeirra félaga sem rekin voru með tapi árið 2008 var einnig rekinn með tapi ári seinna. Af þeim 31.597 félögum sem skiluðu skattframtali fyrir bæði árin voru 14.386 rekin með tapi árið 2008. Þar af voru 8.205 félög enn rekin með tapi ári síðar.

Ef skoðað er hvernig hagnaður eða tap þeirra 9.947 félaga sem skiluðu hagnaði eða tapi af rekstri árið 2008 þróaðist á milli ára þá sést að hagnaður 2.856 félaga hafði aukist. Hagnaður 7.088 félaga hafði minnkað á milli ára en þar af var 2.981 félag rekið með tapi árið 2009.

Þegar hagnaður félaga er skoðaður nánar kemur í ljós að stór hluti þess hagnaðar sem fyrirtæki eru nú að telja fram er vegna afskrifaðra lána til fjárfestingar og eignarhaldsfélaga.

Skattalegar leiðréttingar

Sem fyrr segir fær ríkið hlut í hagnaði fyrirtækja í formi skatta. Félögum er þó leyft að lækka skattstofn áður en skattur er lagður á. Hér koma við sögu svokallaðar skattalegar leiðréttingar og frestaðar tekjur en síðast en ekki síst uppsafnað tap fyrri ára. Þegar búið er að draga ýmsar

skattalegar leiðréttingar frá þeim 714 milljörðum sem voru hagnaður fyrirtækja af reglulegri og óreglulegri starfsemi árið 2009 þá standa eftir tæpir 379 milljarðar. Hér er athyglisvert að skattstofninn hefur nær ekkert hækkað þrátt fyrir að hagnaður skv. ársreikningi fyrirtækja hafi rúmlega tvöfaldast á milli ára. Ástæðan er, eins og gefur að skilja, skattalegar leiðréttingar og yfirfæranlegt tap sem fyrirtæki geta dregið frá skattstofni. Skattalegar leiðréttingar lækkuðu stofninn um nær helming eða 335 milljarða. Hér er um að ræða eiginlegan skattstofn eða hagnað í skattalegu tilliti.

Árið 2009 voru 11.602 félög með hagnað fyrir yfirfæranlegt tap sem sum hver gátu nýtt á móti hagnaði. Þetta eru heldur fleiri félög en árið áður en þá var 10.001 félag með hagnað eftir skattalegar leiðréttingar en fyrir yfirfæranlegt tap. Hins vegar voru 12.950 félög með tap eftir skattalegar leiðréttingar og var samanlagt tap þeirra tæpir 1.382 milljarðar. Tap fyrirtækja eftir skattalegar leiðréttingar var rúmum 5.731 milljarður árið 2008.

Hreinar tekjur


Eftir að skattstofn hefur verið leiðréttur með hliðsjón af hagnaði skv. ársreikningi geta félög dregið frá uppsafnað tap fyrri ára.

Af þeim 28.228 félögum sem skilað hafa skattframtali var lagður tekjuskattur á 7.604 félög. Þetta eru fleiri félög en árið áður en þá var lagður tekjuskattur á 7.523 félög. Þá er rétt að hafa í huga að enn eiga fleiri framtöl eftir að berast vegna rekstrarársins 2009 og því er raunhæft að ætla að enn fleiri félög eigi eftir að sýna fram á hreinar skattskyldar tekjur á framtali.

Eftir að yfirfæranlegt tap hefur verið nýtt á móti skattskyldum hagnaði stendur eftir 126 milljarða skattstofn. Fyrirtæki nýttu því tæpa 253 milljarða af yfirfæranlegu tapi á móti hagnaði ársins 2009. Þetta er mun meira en árið áður en þá nýttu fyrirtæki rúman 71 milljarð til lækkunar á skattskyldum hagnaði. Í þessu sambandi er athyglisvert að skattskyldur hagnaður félaga var ekki nema rúm 18% af þeim 714 milljörðum sem fyrirtækin sýndu í ársreikningi árið 2009. Árið áður var um 35% hagnaðar skattlagðar.


Hlutafélög greiddu 15% tekjuskatt af skattskyldum hagnaði en sameignarfélög og dánarbú 23,5%. Nú sem komið er hafa rúmum 19,3 milljarðar verið lagðir á skattstofninn, 17,7 milljarðar á hlutafélög og rúmum 1,6 milljarðar á sameignarfélög. Rúmum 17,4 milljarðar voru lagðir á hagnað félaga árið 2008. Þar af var 16,1 lagður á

Hagnaður og tap af rekstri fyrirtækja eftir rekstrartekjum 2009



Bróðurpartur rekstrartaps félaga var hjá 11 félögum sem hvert um sig voru með meira en 10 milljarða í rekstrartekjur árið 2009. Þessi félög töpuðu 773 milljörðum árið 2009, eða 54,3% taps félaga. Hin félögin 40 sem voru yfir þessum tekjumörkum voru með tæpa 345 milljarða í tekjur af reglulegri starfsemi. Þetta eru 60,9% hagnaðar af rekstri eftir afskriftir.

Skattstofn og tekjuskattur fyrirtækja sem voru með hagnað af rekstri eftir fyrningar en fyrir fjármagnsliði 2009



Aðeins lítið brot þess virðisauka sem verður til í fyrirtækjum landsins er skattlagður. Hagnaður af rekstri fyrirtækja sem skiluðu hagnaði af rekstri var 566 milljarðar. Ársreikningar þessara fyrirtækja sýndu 336 milljarða í hagnað. Skattstofn var 98 milljarðar en á hann voru lagðir 15 milljarðar í tekjuskatt. Tekjuskattur var því 2,6% af rekstrarhagnaði þeirra fyrirtækja sem voru með hagnað af rekstri.

félög og 1,3 milljarðar á sameignarfélög og dánarbú. Skatthlutfallið var óbreytt á milli ára.

Það er athyglisvert að það eru nokkur félög sem greiða tekjuskatt þrátt fyrir að rekstrartekjur séu neikvæðar. Rúmir 4,3 milljarðar voru lagðir á 931 félag sem var með neikvæðar rekstrartekjur. Rekstrargjöld þessara félaga voru nær 57 milljörðum hærri en rekstrartekjur en samt var skattstofn þeirra rúmir 28 milljarðar. Ástæðan er, eins og gefur að skilja, sú að fjármagnstekjur og gengishagnaður mynda skattstofn hjá félögum, sem og eftirgjöf skulda.

Yfirfæranlegt tap

Á undanförmum árum hefur yfirfæranlegt tap félaga hækkað með hverju árinu sem líður. Það skýrist aðallega af nokkrum umsvifamiklum fjárfestingarfélögum sem færðu lækkan á hlutabréfaverði til bókar. Yfirfæranlegt tap félaga náði svo nýjum hæðum árið 2008 þegar bankarnir féllu en þá í kjölfarið hækkaði yfirfæranlegt tap í tæpa 6.226 milljarða. Þá áttu 17.768 félög yfirfæranlegt tap. Yfirfæranlegt tap lækkaði nokkuð á milli árunna 2008 og 2009. Það er þó enn gríðarlega mikið og stendur nú í 5.936 milljörðum. Fleiri félög áttu þó tap sem þau máttu nýta á móti hagnaði næstu ára, eða 18.198 félög, en þar af voru 2006 félög í fjármálaþjónustu sem áttu 4.726 milljarða tapsins.

Lánardrottinn margra félaga hafa gefið eftir hluta eða allar skuldir sumra félaga sem ekki eru talin geta staðið undir greiðslum og afborgunum af lánum. Afskrifaðar skuldir sem hafa verið gefnar eftir og verða ekki innheimtar eru tekjufærðar í bókum félaganna sem þurfa nú ekki að greiða af lánum. Það má þó gera ráð fyrir því að félög sem losna við að greiða af lánum hafi átt í erfiðleikum og verið rekin með tapi um hríð. Þessi félög eiga flest hver mikið uppsafnað yfirfæranlegt tap sem nýtist nú til að lækka skattskyldan hagnað sem myndast þegar skuldir eru felldar niður.

Efnahagur

Það lítur út fyrir að matsverð eigna fyrirtækja hafi lækkað um rúman 6.421 milljarð á milli árunna 2008 og 2009. Nær allir eignaliðir félaga hafa lækkað ef undan eru skildir varanlegir rekstrarfjármunir, mannvirki og lóðir sem hækkuðu samtals um tæpa 449 milljarða á milli ára. Rekstrartap félaga þarf að brúa með einhverjum hætti, ýmist með því að ganga á eigið fé eða taka meira að láni. Í ljósi niðurstöðu rekstrar síðustu ára er viðbúið að eignir lækki. Þær eru færðar niður og afskrifaðar ár frá ári og á meðan ekki er fjárfest í nýjum rekstrarfjármunum, vélum og framleiðslutækjum lækkar bókfært verð eigna.


Slæm staða fjármála- og fjárfestingarfélaga hefur mikil áhrif á samanlagðan efnahagsreikning félaga í landinu og það hvernig eignir félaga þróast milli ára. Þessi félög eru oft að sýsla með fjárhæðir sem eru mun stærri en tíðkast meðal íslenskra framleiðslufyrirtækja. Þegar efnahagsreikningur allra félaga er skoðaður sést að tveir eignaliðir hafa lækkað mest: kröfur og eignarhlutur í félögum. Annars vegar lækkuðu eignfærðar kröfur um 4.189 milljarða á milli ára en kröfur fjármálastofnana hafa verið endurmetnar eða afskrifaðar. Eignfærðar kröfur voru rúmir 10.879 milljarðar í lok árs 2008. Ári síðar voru þær komnar í tæpa 6.690 milljarða. Menn geta velt því fyrir sér að hversu miklu leyti er um sannanlega tapaðar kröfur að ræða eða hversu mikið af þessari lækkan hefur verið tekjufærð hjá þeim sem hafa fengið skuldir felldar niður.

Annað sem er merkilegt við þróun eigna félaga er hversu mikið eignarhlutur í innlendum og erlendum félögum hefur lækkað á milli ára. Félög færðu til bókar tæpa 5.550 milljarða í eignum árið 2008 en skv. skattframtali 2010 eru eignir í innlendum og erlendum félögum 4.271 milljarður. Hér er einnig um að ræða fjárfestingar eignarhaldsfélaga sem hafa fallið í verði eða tapast við gjaldþrot félaganna sem fjárfest var í. Hremminga á fjármálamarkaði gætir einnig í því að verðbréfaeign félaga hefur rýrnað um rúma 400 milljarða á milli ára. Eignarhlutur er færður sem hlutur í eiginfé og því er hér um að ræða lækkan á eiginfé félaga sem hafa verið rekin með tapi eða í þrot árið 2009.

Skuldir

Það lítur út fyrir að skuldir félaga hafi lækkað nokkuð á milli árunna 2008 og 2009. Skuldir hafa hækkað frá ári til árs og náðu þær áður óþekktum hæðum árið 2008. Þá skulduðu íslensk félög 25.015 milljarða. Nú eru horfur á að skuldir fyrirtækja hafi lækkað nokkuð frá árinu 2008 og hafi verið um 20.163 milljarðar í árslok 2009, eða 4.852 milljörðum lægri en árið áður. Mestu munar um að erlendar skuldir hafa lækkað um rúma 3.980 milljarða, skammtímaskuldir um rúma 2.176 milljarða og langtímaskuldir um rúma 1.803 milljarða. Þá lækkuðu framtaldar langtímaskuldir um tæpa 1.177 milljarða á milli ára. Hér gætir augljóslega áhrifa uppstokkunar sem varð í íslensku atvinnulífi í kjölfar falls bankanna. Félög hafa verið lýst gjaldþrota og skuldir hafa verið afskrifaðar.

Eignir, skuldir og eigið fé félaga 2009
- raðað eftir rekstrartekjum



Samanlagt eigið fé félaga lækkaði nokkuð á milli árunna 2008 og 2009, eða um 1.689 milljarða. Hér skiptir mestu tap til þess að gera fárra félaga sem hafa verið mjög umsvifamikil. Þrátt fyrir erfitt árerði er enn fjöldi fyrirtækja í landinu með sterka eignastöðu.

Eigið fé

Þó að skuldir hafi lækkað nokkuð á milli ára þá rýrnuðu eignirnar meira og því hefur samanlagt eigið fé lækkað. Efnahagsreikningur félaga sem blés út á vaxtatímanum fyrir hrun hefur nú minnkað nokkuð á milli ára. Sem fyrr segir minnkuðu samanlagðar eignir félaga um rúman 6.421 milljarð á sama tíma og skuldir lækkuðu um 4.852 milljarða. Mismunur á eignum og skuldum er eigið fé sem rýrnaði þar af leiðandi um 1.569 milljarða. Það lítur út fyrir að samanlagt eigið fé félaga hafi verið neikvætt um 1.517 milljarða í árslok 2009. Þar sem um eignir og skuldir óskyldra fyrirtækja er að ræða segir samanlagt eigið fé ekkert um stöðu einstakra félaga en það er einmitt hún sem skiptir meginmáli. Það er að segja hversu mörg félög eru í vanda og hversu mörg félög hafa sterka eignastöðu. Griðarlegt neikvætt eigið fé félaga sem skila hér skattframtali segir hins vegar nokkuð um umfang þess vanda sem við er að stríða í kjölfar þess að nokkrir bankar, lítill hópur fjárfestingarfélaganna og stærri hópur eignarhaldsfélaga féllu. Það lítur út fyrir að enn sé talsvert eigið fé í félögum þó svo að nokkuð hafi gengið á það árið 2009. Horfur eru á að jákvætt eigið fé félaga hafi verið um 5.405 milljarðar í árslok 2009, saman borið við 7.094 milljarða á sama tíma árið áður. Það má því gera ráð fyrir að eigið fé félaga hafi rýrnað um 1.689 milljarða á milli árunna 2008 og 2009. Fleiri félög voru hins vegar með jákvætt eigið fé en árið áður, 16.297 saman borið við 15.983.

Þá skulduðu 10.879 félög meira en eignir námu í árslok 2009. Þessi félög skulduðu 6.921 milljarði meira en þau færðu til eignar í bókum sínum. Í árslok 2008 skulduðu 11.100 félög meira en þau áttu. Skuldir félaganna voru 7.044 milljarðar umfram eignir. Nú lítur út fyrir að 238 félög skuldi meira en einn milljarð umfram eignir. Þessi félög skulduðu samanlagt 6.551 milljarð umfram eignir. Í árslok 2008 voru bókfærðar skuldir 242 félaga meira en milljarði hærri en eignir. Samanlagðar skuldir þessara félaga voru 6.661 milljarði hærri en eignir. Hér er aðallega um að ræða banka, fjármálastofnanir og fjárfestingarfélag. Eignir þessara félaga hafa fallið í verði að vísustu manna yfirsýn en skuldarnar, að svo miklu leyti sem þær standa enn í bókum félagsins, hækka frá mánuði til mánaðar. Hér er um matsverð eigna að ræða og því getur skuld eða útgefið skuldabréf hjá einu félagi upp á 10 milljónir verið eignfærð hjá öðru upp á 200 milljónir. Ef horfur á innheimtu versna, líkur á gjaldþroti aukast eða horfur á heimtum úr þrotabúinu minnka, lækkar matsverð kröfunnar, hún fellur í verði og félagið sem á skuldabréfið skilar tapi. Í raun hefur þó ekkert breyst nema væntingar manna til framtíðarinnar.

Þá lítur einnig út fyrir að færri félög hafi verið með meira en 1.000 milljónir í eigið fé í lok árs 2009 en árið áður og að eigið fé þessara félaga hafi rýrnað mikið á milli ára. Árið 2009 voru 264 félög með meira en 1.000 milljónir í eigið fé og var samanlagt eigið fé þessara félaga rúmir 5.028

milljarðar. Ári fyrr voru 279 félög með meira en þúsund milljónir í eigið fé en þá var samanlagt eigið fé félaganna 6.710 milljarðar. Lækkun eiginfjár félaga er fyrst og fremst hjá félögum sem voru með sterka eiginfjárstöðu í árslok 2008. Hér er um að ræða ýmskonar félög. Stór framleiðslufyrirtæki jafnt sem banka og fjárfestingarfélag sem voru talin standa sterk í árslok árið 2008 en skulda nú meira en þau eiga.

Mörg fyrirtæki standa vel

Það er óhætt að fullyrða að árið 2009 hafi verið mörgum félögum erfitt. Haustið 2008 hrundi fjármálakerfið. Í aðdraganda þessa hafði lausafé verið auðsótt og ýmis konar fjárfestingastarfsemi blómstraði. Hugmyndir margra fjárfesta um vöxt og arðsemi eignarhaldsfélaga reyndust í mörgum tilfellum óraunhæfar.

Hrun bankanna kom vissulega líka illa við flest framleiðslufyrirtæki. Dregið hefur úr veltu og umsvifum í efnahagslífinu. Margir hafa misst vinnuna og launagreiðslur hafa dregist saman. Lán og afborganir félaga og einstaklinga hafa hækkað. Erfitt er að fá ný lán til arðbærra verkefna og almennt má segja að hvað fjárfestingar varðar, þá halda menn að sér höndum. Þá hafa aðföng margra fyrirtækja hækkað í verði vegna falls krónunnar á sama tíma og almenningur hefur úr minna að spila. Verð á nauðþurftum hefur hækkað sem og skattar. Eftirspurn eftir vörum og þjónustu hefur því minnkað. Þó eru gjaldreyrshöft í landinu.

Hvað sem þessu líður er þó ljóst að það er enn fjöldi framleiðslufyrirtækja í landinu sem skila hagnaði. Það var hagnaður af ársreikningi 11.200 félaga árið 2009. Af þeim eru 8.699 félög með jákvæða eignastöðu. Þetta eru flest félög sem eru í hefðbundinni atvinnustarfsemi, framleiða vörur og veita þjónustu, innanlands jafnt sem erlendis. Hagnaður skv. ársreikningum þessara félaga var rúmir 649 milljarðar og 2.900 þeirra skiluðu hagnaði sem var meira en 30% af eignum. Stór hluti þessa hagnaðar, eða rúmir 409 milljarðar, var hagnaður 612 félaga sem störfuðu í fjármálageiranum. Ríkisskattstjóri lagði 6,4 milljarða á þessi 612 félög í tekjuskatt, tæpa 17,7 milljarða á öll félögin. Skattur af hagnaði félaganna var því 7,8% af bókfærðum hagnaði þeirra. Það lítur því út fyrir að þrátt fyrir allt sé fjármálastarfsemi í landinu ekki dauð úr öllum æðum.

Skattframkvæmd fyrir á árum

- Annar hluti -

Skattstofa Reykjaness frá 1969 til 1976



Guðmundur
Guðbjarnason

Endurskoðun söluskatts

Söluskattur var álagður í sérstakri deild. Menn lögðu fram söluskattsskýrslur ársfjórðungslega. Fjárhæðir veltu og söluskattsskýrslur voru handfærðar inn á spjaldskrá hvers gjaldanda. Álagning söluskatts og tilkynning til innheimtumanns byggðist á þessum innfærslum á spjöldin svo og áætlun á þá sem ekki lögðu fram söluskattsskýrslu. Rekstrardeild sá um endurskoðun söluskattsins. Bornar voru saman upplýsingar í rekstrarreikningi allra einstaklinga í atvinnurekstri og lögaðila við söluskattsuppgjör þeirra á árinu samkvæmt fyrirnefndum spjöldum. Við þennan samanburð komu fram margir sem voru í söluskattsskyldri starfsemi á árinu en höfðu ekki skráð sig á söluskattsskrá svo og þeir sem voru með fjárhæðir á rekstrarreikningi sem voru ekki í samræmi við söluskattsuppgjör ársins. Söluskattdeildin tók svo við og endurálagði þann vanalagða söluskatt sem kom fram við endurskoðun rekstrardeilda.

Söluskattskerfinu var síðan breytt, fyrst í tveggja mánaða skil og síðar í mánaðarskil eftir því sem skatthlutfallið hækkaði. Tölvuvinnsla söluskattsskýrslna hófst með viðeigandi breytingum á vinnubrögðum, m.a. að greiðsla söluskattsins fór fram fyrst og síðan var hún staðfest með álagningu og áætlað á þá sem ekki lögðu fram söluskattsskýrslu. Þá var og innfærsla á spjaldskrána

lögð af og tölvuunnið samdráttarblað yfir söluskatt ársins og veltu kom í staðinn.

Útvarsálagning og framtalsnefndir

Álagning útvars, þ.e. tekjuútvars og eignarútvars, var lögum samkvæmt í höndum sveitastjórna. Í kaupstöðum kusu bæjarstjórnir fulltrúa sína í framtalsnefndir, áður kallaðar niðurfjöfnunarnefndir, en í hreppum sáu kjörnar hreppsnefndir um

”

Fljótlega komumst við að því að ástand bókhalds og geymsla bókhaldsgagna væri almennt í ólestri. Nánast ekkert fyrirtæki var með bókhald yfirstandandi árs í lagi og jafnvel ekki farið að huga að færslu bókhalds ársins á undan

álagninguna. Þetta voru því pólitískt kjörnir fulltrúar en ekki fastráðnir starfsmenn sem falið var vald til að leggja útsvar á sveitunga sína. Við kerfisbreytinguna 1962 tók skattstjórinn í Reykjanessumdæmi strax að sér alla vinnu við álagningu útvars þeirra 12 sveitarfélaga sem voru í umdæminu og skráningu útvarsstofna samhliða skráningu skattstofna. Aðeins í kaupstöðum í umdæminu kusu bæjarstjórnir framtalsnefndir, fyrst og fremst til að afgreiða

beiðnir gjaldenda um ívilnanir á útsvari, en hreppsnefndir létu skattstjóra almennt sjá um þennan þátt svo og afgreiðslu á kærnum. Annars var reglan í öðrum sveitarfélögum, þar sem skattstjórar stóðu ekki að álagningunni, að framtöl voru send til viðkomandi framtalsnefnda eða hreppsnefnda eftir framlagningu skattskrár til að þær gætu farið yfir framtölin og lagt á útsvörin. Álagning útvars kom því alltaf síðar fram í þeim sveitarfélögum.

Einn þáttur í yfirferð framtala til álagningar skatta var að athuga beiðnir um ívilnun, þ.e. lækkun eða eftirgjöf á skatti í sérstökum tilfellum, t.d. vegna veikinda eða náms eins og enn er við lýði. Framtalsnefndirnar (og hreppsnefndir) höfðu þessa sömu heimild gagnvart álagningu útvara. Yfirleitt var tekin sama fjárhæð og skattstjóri hafði ákvarðað en oft vikið frá henni til hækkunar, þ.e. til lækkunar á útsvari. Kom oft upp hið gamla sjónarmið við álagningu útvars að leggja skyldi á „eftir efnum og ástæðum“ hvers og eins þótt það væri ekki í lögum. Nefndarmenn héldu fundi á skattstofunni ásamt einum starfsmanni skattstjóra. Nefndarmenn létu framtölin ganga á milli sín, flettu þeim og spjölluðu um mektarmenn bæjarins sem þeir þekktu og vissu deili á og voru með margs konar athugasemdir sem ekkert komu við þeirra framtalsskilum. Eina eiginlega verkefni nefndanna var að taka ákvarðanir um hvort gefa ætti hærri ívilnun en skattstjóri hafði veitt. Var það iðulega gert þegar um veikindi var að ræða. Kom þá oft fram að nágrannakunningskapur hafði áhrif eins og verða vill. Í stórum bæ þá þekktu þeir þó ekki alla en allflest. Það var oft haft á orði að nálægðin gerði það að verkum að skattálagningin yrði markvissari í heimabyggð en í fjarlægð. En mér fannst oft á tíðum að nálægðin væri

til trafala. Ekki var á þeim tíma hugað að hugsanlegu vanhæfi nefndarmanna þegar verið væri að handfjatra fjárhagslegar og persónulegar upplýsingar sem framtölin báru með sér, en framteljendur gátu verið keppinautar í rekstri, andstæðingar í pólitík eða skyldmenni. Jafnvel höfðu einhverjir nefndarmenn átt þátt í að aðstoða við útfyllingu framtalanna.

Bókhaldsskoðanir og skatteftirlit

Á árinu 1968 voru samþykkt á Alþingi ný lög um bókhald sem leystu af hólmi 30 ára gömul lög. Skattrannsóknarstjóri beitti sér fyrir því veturinn 1969 að embætti

ríkisskattstjóra héldi námskeið um lögin fyrir alla starfsmenn skattstofanna sem endurskoðuðu framtöl atvinnurekstrarins. Á námskeiðinu var farið yfir efnisatriði bókhaldslaganna og skýrðar nýjar efnismiklar breytingar á kröfum um færslu bókhalds. Í framhaldi af því voru skattstjórar hvattir til að fylgja nýju lögunum eftir með virku eftirliti úti í fyrirtækjunum. Skoðun bókhalds úti í fyrirtækjunum var nánast óþekkt á þessum árum en þó höfðu verið gerðar tilraunir til þess að skoða bókhaldsgögn vegna söluskattskýrslna eða þá í sambandi við beiðnir útgerða um endurgreiðslu söluskatts vegna skipaviðgerða. Á

skattstofu Reykjanesumdæmis var hafist handa við skipulagningu á þessu verkefni strax um vorið 1969 og voru gerð út tvö tveggja manna teymi til að fara vítt og breitt um umdæmið. Til að koma þessu verki í gang var með okkur starfsmaður frá skattrannsóknarstjóra fyrstu þrjá dagana. Á starfsstað eða á heimilum fólks var bókhald, eða öllu heldur bókhaldsgögn skoðuð og gerð skýrsla um ástand þeirra á fyrirfram gerðu eyðublaði. Þá voru jafnframt skráð niður þau munnlegu fyriræli sem gefin voru af starfsmönnum skattýfirvalda sem yfirleitt voru á þá leið að færa skyldi daglega sjóðbók og halda að öðru leyti bókhald í samræmi við lögin. Það gafst ekki mikill tími í þetta verkefni en því var haldið uppi í u.þ.b. þrjár vikur á ári í þrjú ár, að mig minnir, þá sprungum við vegna skorts á mannskap og tíma. Í síðasta skiptið sem farið var í skipulagða eftirlitsheimsókn, sem var í janúar 1972, var áherslan lögð á að skoða hvernig birgðatalning hafði farið fram um áramótin og skráningu hennar í lögskipaðar vörutalningarbækur var hagað. Var birgðaskráning í þokkalegu ástandi en skráning í stílabækur kom alloft við sögu. Fyrstu viðbrögð manna við þessum heimsóknnum voru ærið mismunandi og oft á tíðum broslæg þegar litið er til baka. Það voru helst matvörukaupmenn sem voru vanir heimsóknnum eftirlitsmanna frá heilbrigðiseftirlitinu og verðlagseftirlitinu en aðrir virtust ekki vita hvaðan á sig stóð veðrið: „Bókhaldið? Það er nú það. Ég verð að hringja í endurskoðanda minn áður en ég svara ykkur.“ Eða: „Þið skuluð bara hafa samband við endurskoðanda minn, hann er með bókhaldið.“ Ég hafði á tilfinningunni oft og tíðum að ég væri staddur í amerískri sakamálamynd þar sem hinn seki vildi ekkert segja lögreglunni nema í viðurvist lögfræðings. Endurskoðendurnir reyndust oft á tíðum vera bókhaldarar sem önnuðust bókhaldsuppgjör og skattskil fyrir þessa aðila. Á þessum tíma var svokallað spjaldabókhald að hasla sér völl á bókhaldsstofum og í stærstu fyrirtækjunum í stað handfærðra bókhaldsbóka. Fljótlega komumst



Efri mynd: Jón Zophoníason og Kristján Aðalbjörnsson önnuðust vélvinnslu framtala um áratugaskeið.

Neðri mynd: Guðmundur með félögum sínum þeim Jóni Guðmundssyni og Ævari Ísberg þáverandi vararíkisskattstjóra en þeir störfuðu allir saman í fjölda ára.

*Jóhann Víkingsson, Kristín Jónsdóttir
og Ragnar Ólafsson voru öll
deildarstjórar á skattstofunni í
Reykjavík um árabíl.
Ljósmyndin var tekin 1991.*



við að því að ástand bókhalds og geymsla bókhaldsgagna væri almennt í ólestri. Nánast ekkert fyrirtæki var með bókhald yfirstandandi árs í lagi og jafnvel ekki farið að huga að færslu bókhalds ársins á undan. Það var í mesta lagi að fyrir lægi í einhverju formi uppgjör söluskattsskyldra aðila sem lá til grundvallar söluskattsskýrslum þriggja mánaða tímabila. Ýmist voru bókhaldsskjöl í bunkum uppi í hillu, í skrifborðsskúffu, á borði eða í pokum en þegar best tókst til voru þau geymd í bréfamöppum tilbúin til innfærslu í bókhaldsbækur.

Við sáum strax að það voru tvö grundvallaratriði varðandi bókhaldið sem við urðum að leggja áherslu á í þessum heimsóknum, hvað sem leið annarri færslu þess á árinu. Annað atriðið var að sjóðbók væri á starfsstað og færð daglega, og að gögn að baki tekjufærslu væru í lagi. Ekki var á þessum tíma skylda að hafa sjóðvél og sjóðvélastrimla þannig að til grundvallar var talning upp úr peningakassa við lok söludags. Það fyrsta sem við spurðum um eftir að hafa fengið fyrrgreind viðbrögð var hvar sjóðbókin væri geymd, hvort tekjur dagsins á undan væru færðar í hana og hvaða gögn lægju að baki þeirri færslu. Þegar í ljós kom að engin sjóðbók væri á starfsstað hófust spennandi samræður um hvar upplýsingar væri að finna, hvar tekjur liðinna daga væru færðar og samkvæmt hvaða gögnum, úr því að ekkert væri skráð í sjóðbók. Oft var þá dregin fram stílabók eða minnismiðar sem áttu að fara til þess sem sá um uppgjörið til söluskatts. Undir þessum samræðum var horft á mann eins og maður væri asinn í Bangsímon.

Hitt atriðið var að reikningsfærð sala, þ.m.t. lánsala, væri skráð við hverja úttekt á fyrirfram númeruð og auðkennd reikningseyðublöð seljanda en lánsala virtist vera allalgeng hjá þjónustuaðilum og, okkur til undrunar, einnig í nokkrum mæli hjá matvörukaupmönnum. Var mikill misbrestur á þessu og algengt að slík viðskipti væru færð í stílabækur og þegar greitt var þá einfaldlega strikað yfir fjárhæðina og þá fyrst litið á hana sem sölutekjur.

Lítið var hægt að fylgja þessu eftirliti eftir inni á skattstofunum eins og nauðsynlegt hefði verið að gera. Í einstaka tilfellum fórum við tvisvar í heimsókn til sama aðila til að kanna hvort fyrirmælum um færslu sjóðbókar og lánssölu hefði verið fylgt eftir. Var allur gangur á því hversu vel menn tóku athugasemdum okkar og fylgdu þeim eftir.

Oft voru þessar heimsóknir sögulegar þegar hugsað er til baka. Þetta var ný reynsla fyrir okkur sem unnum að þeim og fyrir rekstraraðilann sem var að fá heimsókn í fyrsta sinn frá skattinum. En yfirleitt var atburðarásin svipuð.

Lokaorð annars hluta

Ég hef hér að framan lýst vinnubrögðum og vinnuferlum á starfstíma mínum á skattstofu eins og þetta kemur mér fyrir sjónir nú löngu seinna. Ég er þess fullviss að hver skattstofa hefur viðhaft vinnubrögð sem hæfðu aðstæðum á sínum stað, t.a.m. fyrirkomulag við vörslu pappírsgagna til grundvallar álagningu. Gögnum og skýrslum sem nú eru móttækin og unnin rafrænt varð að raða og lista handvirkt. Tæknin hefur þrátt fyrir allt ekki leyst þau flóknu verkefni sem eru undirliggjandi til úrlausnar réttari álagningu og verður því vart haldið fram að starfsmenn skilji nú, fremur en þá, við hvert álagningarár þannig sem öll athugunarverð mál hafi verið könnuð með fullnægjandi hætti. Við sömu vandamál er í raun enn að etja þrátt fyrir tæknivædda álagningu og breytt vinnubrögð. Kröfum um rétt framtalsskil er einungis mætt með nýjum hætti hverju sinni. Grunnvinna álagningarinnar byggist enn á skattframtölum frá skattþegnum

og aðsendum skattupplýsingum, m.a. frá launagreiðendum og fjármálastofnunum, og (hjá atvinnurekstri) bókhaldseftirliti. En þrátt fyrir að áherslurnar hafi færst frá vinnubrögðum sem í dag þykja frumstæð þá eru markmiðin hin sömu: að vönduð umgengni við gögn og gagnavinnslu leiði til þess að réttur skattur verði álagður með réttum hætti.

Hugmynd um að landið verði gert að einu skattumdæmi er orðin að veruleika nú þegar ég stíg af þessum vettvangi. Ég tel þetta einhverja bestu ákvörðun stjórnvalda fyrir skattþegna landsins til að tryggja réttláta og samræmda vinnuferla við skattálagningu og skatteftirlit á ábyrgð samhentrar framkvæmdastjórnar. Framkvæmd einstakra verkefna er nú vegna tölvutækninnar unnt að staðsetja hvar á landinu sem er í samræmi við menntun og hæfileika starfsmanna þannig að álagi sé dreift og fjölbreytni viðfangsefna aukin. Ætti þessi möguleiki á að vinna á stórum vinnustað á landsvísi einn og sér annars vegar að gefa þeim starfsmönnum sem óska eftir störfum að skattamálum kost á að taka sér búsetu á landsbyggðinni, og hins vegar þeim sem þegar eru staðsettir á landsbyggðinni kost á að vera hluti af fjölmennari vinnustað og takast á við ný og fjölbreytt óstaðbundin verkefni.

Bjarki H. Diego gegn íslenska ríkinu



Guðrún Jenny
Jónsdóttir

Með dómi Hæstaréttar Íslands, sem kveðinn var upp þann 31. mars 2011, var úrskurður ríkisskattstjóra dags. 26. maí 2010 felldur úr gildi og íslenska ríkið dæmt til að endurgreiða Bjarka H. Diego kr. 44.879.000 sem hann hafði greitt inn á þá skuld sem myndaðist þegar opinber gjöld hans voru endurákvörðuð með framangreindum úrskurði. Hæstiréttur sneri þannig við niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur frá 1. nóvember 2010 en reifun á þeim dómi má lesa í Tíund sem kom út í desember 2010.

Málsatvik eru þau að áfrýjandi, sem var starfsmaður banka, gerði kaupréttarsamning um kaup á hlutabréfum í bankanum. Jafnframt var gerður söluréttarsamningur á milli hans og bankans. Sem gagnjald fyrir söluréttinn skuldbatt áfrýjandi sig til að selja hlutabréfin ekki næstu þrjú árin en ef hann gerði það engu að síður skyldi hann greiða bankanum févíti. Þá var

kveðið á um það í samningum aðilanna að sölurétturinn félli niður ef áfrýjandi léti af störfum hjá bankanum. Áfrýjandi naut allra réttinda sem fylgdu eignarhaldi á hlutabréfunum s.s. atkvæðisréttar, arðs, forgangs til hlutafjárhækkunar og útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Einu takmarkanirnar sem voru á hlutabréfunum voru framangreindar ráðstöfunarhömlur, sem leiða

mátti af veðsetningu hlutabréfanna, og sölubann. Ríkisskattstjóri endurákværðaði opinber gjöld áfrýjanda vegna tekjuáranna 2004 og 2005 á þeim forsendum að samningar hans og bankans hafi falið í sér ákveðna kaupréttarútfærslu og að skattleggja bæri sem laun þá hækkun sem varð á verðgildi hlutabréfanna á meðan sölurétturinn var í gildi.



Áfrýjandi hafði uppi sömu kröfur fyrir Hæstarétti og hafðar voru uppi fyrir héraðsdómi og studdi þær sömu rökum. Íslenska ríkið krafðist staðfestingar á héraðsdóminum.

Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna að því er varðar málsástæður áfrýjanda um annars vegar vanhæfi ríkisskattstjóra til að fara með málið og hins vegar fresti skattfyrvalda til endurákvörðunar samkvæmt 97. gr. tekjuskattslaga. Um fyrri málsástæðu hans kemur fram í dómi héraðsdóms að ummæli ríkisskattstjóra á opinberum vettvangi hafi ekki verið þess eðlis að þau hafi falið í sér skírskotun til sérstaks tilviks, og hvað þá tilviks áfrýjanda, og að í þeim hafi verið sett fram almenn viðhorf um hvernig almennt skuli farið með skattskil vegna ávinnings þeirra sem gert hafi samninga um kaup- og sölurétt á hlutabréfum. Um tímafresti skattfyrvalda til endurákvörðunar kemur fram í héraðsdóminum að fresturinn hafi verið sex ár en ekki tvö, enda hafi áfrýjandi ekki upplýst um samningana í framtölum sínum eða fylgigögnum þeirra.

Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að það orki ekki tvímælis að eignarréttur að hlutabréfunum sem samningar áfrýjanda og vinnuveitanda hans tóku til hafi færst í hendur áfrýjanda um leið og kaupverð þeirra var greitt. Jafnframt kemur fram að þar sem hlutabréfin sem hann keypti hækkuðu verulega í verði á því þriggja ára tímabili sem leið eftir gerð hvers kaupsamnings hafi hann ekki haft annan fjárhagslegan ávinning af söluréttinum en þann að hafa ekki þurft að stofna til útgjalda til að tryggja sig á samsvarandi hátt fyrir mögulegri verðlækkun hlutabréfanna. Ennfremur kemur fram hjá Hæstarétti að af sölubanninu hafi áfrýjandi ekki borið frekari byrðar en að geta ekki leyst til sín á þriggja ára tímabili hagnað af hækkingu á verði hlutabréfanna frá upphaflegu kaupverði. Að loknu því tímabili var áfrýjanda frjálst að ráðstafa hlutabréfunum „þar á meðal til að afla sér lánsfjár gegn veði í þeim svo sem hann gerði“. Þau höft sem hvíldu upp frá því á ráðstöfunarrétti áfrýjanda stöfuðu af almennum reglum um áhrif veðréttinda sem hann sjálfur stofnaði til og voru sölubanni alls óviðkomandi.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að þegar samningar áfrýjanda og vinnuveitanda hans væru virtir í heild væri ljóst að þeir voru ekki um kauprétt á hlutabréfum en fólu um margt í sér „spiegelmynd slíks kaupréttarsamnings“ og að endanleg niðurstaða eftir þeirri leið sem áfrýjandi og vinnuveitandi hans fóru væri nánast sú

sama og ef gerður hefði verið „hefðbundinn“ kaupréttarsamningur.

Hæstiréttur vísaði til 1. máls. 7. gr. tekjuskattslaga og sló því föstu að enginn vafi væri á því að með samningunum hafi áfrýjandi fengið hlunnindi sem stóðu honum til boða af þeirri ástæðu einni saman að hann var launþegi þeirra lögadila sem samningarnir voru gerðir við og að viðbættu því skilyrði að hann yrði starfsmaður þeirra áfram um þriggja ára skeið. Þá kemur og fram hjá Hæstarétti að löggjafinn hafi tekið af tvímæli um að tekjur samkvæmt 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga geti m.a. myndast með kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti, og að eðli málsins samkvæmt hljóti að fara á sama veg um þá samninga sem áfrýjandi gerði við vinnuveitanda sinn um starfstengd kaup á hlutabréfum.

”

Söluréttur sem veittur er án endurgjalds telst vera skattskyld hlunnindi. Tekjur sem myndast vegna kaup- og söluréttar skulu skattleggjast sem laun líkt og hefðbundinn kaupréttur að hlutabréfum

Þá kemur fram í dómi Hæstaréttar að á grundvelli samninga áfrýjanda og vinnuveitanda hans um sölurétt og kauprétt hefðu tekjur hans getað myndast ef annað af tvennu gerðist:

1. Ef hann hefði neytt þess söluréttar sem um var samið og haft af því hagnað sem svaraði til mismunar á söliverði og markaðsverði hlutabréfanna á þeim tíma, að viðbætti umsaminni uppbót ásamt álagi.
2. Ef hann hefði losnað undan endurkauprétti vinnuveitanda síns á hlutabréfunum með því að starfa hjá honum í þrjú ár eftir að samningar voru gerðir, og hlotið að launum fyrir það tekjur sem svöruðu til mismunar á markaðsverði hlutabréfanna og því verði sem kaupréttarins hefði ella verið neytt fyrir.

Að framangreindu virtu gat sú meginforsenda sem úrskurður ríkisskattstjóra var reistur á, þ.e. að tilvist söluréttarins hefði valdið því að hlutabréfakaup áfrýjanda hefðu ekki orðið endanleg fyrir en við lok tímabilsins sem hann mátti neyta hans, ekki staðist. Aðalkrafan um ógildingu úrskurðar ríkisskattstjóra var þannig tekin til greina. Ekki þóttu vera fyrir hendi skilyrði til að fallast á viðurkenningarkröfu áfrýjanda sem laut að réttmæti þeirra gjaldstofna sem tilgreindir voru í skattframtölum hans 2005 og 2006, til álagningar tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts, og var þeirri kröfu hans hafnað.

Það er álit ríkisskattstjóra að með þessum dómi hafi Hæstiréttur veitt mikilvæga leiðbeiningu um skattlagningu tekna sem myndast vegna sambærilegra samninga og þeirra sem um var deilt í máli þessu. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að:

- Söluréttur sem veittur er án endurgjalds telst vera skattskyld hlunnindi.
- Tekjur sem myndast vegna kaup- og söluréttar skulu skattleggjast sem laun líkt og hefðbundinn kaupréttur að hlutabréfum.
- Tímamark skattlagningar getur verið; o þegar söluréttur er neytt en skattskyldar tekjur eru þá mismunurinn á söliverði og markaðsverði að viðbætti umsaminni uppbót ásamt álagi. o þegar söluréttur fellur niður en skattskyldar tekjur eru þá mismunur á markaðsverði og því verði sem kaupréttur hefði verið neytt fyrir.



Brigitte M. Jónsson

hópstjóri vélbúnaðar

Áreiðanleiki tölvukerfa

RSK hefur sett sér markmið sem byggjast meðal annars á áreiðanleika tölvukerfa og má þar nefna sem dæmi að veita góða þjónustu, öruggt skráahald, öruggan rekstur tölvukerfa og skilvirka afgreiðslu stjórnsýsluerinda. Þá er víst eins gott fyrir okkar í tölvudeildinni að velta fyrir okkur hvernig þessi mál standa. Getum við sagt að allt sé eins og best getur orðið? Nei, þetta þarf nefnilega sífellt að skoða, endurskoða og bæta. Rekstur tölvukerfa RSK er tvíþættur, að hluta til er hann rekinn hjá Skýrr en hluti hans er rekinn innanhúss. Áður en innanhússrekstur hófst voru öll kerfi rekin hjá Skýrr. En hvað felst í áreiðanleika tölvukerfa og að hverju þarf að huga?

Það er alltaf gott að horfa til fortíðar, þó það væri ekki til annars en að gleyma ekki, því oft má draga lærdóm af einhverju sem áður gerðist og skilja núverandi ástand betur.

Frá lokuðu tölvukerfi til internetsins – RSK er sennilega dæmigert fyrir þróunina síðustu tvo áratugi, en fyrir 20 árum byrjaði RSK að huga að því að samtengja skattstofurnar í eitt víðnet. Þá, eins og nú, þurfti að huga að hagræðingu og markaðurinn bauð ekki upp á marga möguleika. Úthýsing var eingöngu möguleg til ófárra fyrirtækja svo ekki voru margir vegir færir. Að undan genginni úttekt og útboði var ráðist í það verkefni að byggja upp einkanet árið 1992. Þetta voru mjög spennandi tímar, það var allt svo nýtt. Starfsmenn fengu nýjar samtengdar tölvur, ný nettæki komu í hús sem og netþjónninn. Byrjað var á Laugaveginum á því að koma upp staðarneti sem samanstóð af einum þjóni og svo útstöðvum hjá starfsmönnum. Um algjörlega lokað net var að ræða, eina tengingin sem var til staðar við umheiminn var tenging til Skýrr og þar tók annar lokaður heimur við, móðurtölvan. Það tók fimm ár að tengja

allar skattstofur inn á víðnet RSK og réðu peningamál þó nokkru um hraða uppbyggingarinnar. Fyrirkomulagið var nokkuð frábrugðið því sem nú er til staðar. Hver staður var með sinn eigin þjón og mótaðist uppsetningin að mestu af því að flutningsgeta á milli staða var af skornum skammti, samt hét það nú háhraðanet. Fyrir þann tíma var ekki sjálfsagt að starfsmenn hefðu tölvu til umráða heldur voru flestir með skjá sem var tengdur miðlægri tölvu, eða móðurtölvu, sem var í tilfelli skattsins staðsett hjá Skýrr. Er það fyrirkomulag enn til staðar en núna er tekið við lítið tengiforrit sem minnir samt sem áður á þann tíma þegar eldra fyrirkomulag var allsráðandi, og er það í daglegri umræðu oft kallað það „gamla góða græna“.

Með tilkomu útstöðva má segja að möguleikar starfsmanna til að afgreiða og meðhöndla skatterindi hafi aukist til muna. Með tímanum bættust við kerfi og þjónusta sem gerðu starfsmönnum enn frekar kleift að vinna á skilvirkari hátt. En svo hófst opnun út á við. Árið 1994 var sett upp fyrsta tölvupóstkerfið sem gerði notendum kleift að senda póst á milli skattstofanna og til RSK. Á sama ári var sett upp tilraunatenging inn á fasteignamatskrána. Árið á eftir var tenging við póstveitu sett upp, þ.e. starfsmenn RSK og skattstofanna gátu sent póst til allra fyrirtækja og stofnana sem voru tengdar þessari póstveitu. Það má nefna að fyrstu tilraunir með Lotus Notes fóru einnig fram það ár. Og áfram hélt opnun netkerfisins út á við. Á árinu 1996 var svo komið að því að nokkrir starfsmenn fengu internetaðgang og einnig var sett upp innhringisamband sem var aðallega notað af starfsmönnum tölvudeildar. Gagnagrunnsvél var sett upp 1997 sem átti að þjóna ýmsum kerfum. Af þessari upptalningu má sjá að kerfið tók miklum breytingum á tiltölulega skömmum tíma, frá því að vera lokað net til þess að vera tengt við allan umheiminn í gegnum internetið.

Hvernig tryggjum við að tölvukerfi standi undir væntingum og séu þar með áreiðanleg? Auðvitað þarf jafnhliða allri uppbyggingu kerfa að huga að öryggi. Ytra, innra og gagnaöryggi þarf að tryggja svo hægt sé að tryggja aðgengi að gögnum, réttleika þeirra o.s.frv. Öryggisráðstafanir eru auðvitað miðaðar við þarfir á hverjum tíma og hafa þar með byggst upp smám saman. Tryggja þarf skilgreindan upptíma, endurskoða þarf veikleika, ógnir og hættur reglulega svo hægt sé að tryggja starfsemi RSK á hverjum tíma. Það þarf reglulega að velta fyrir sér ýmsum spurningum sem varða öryggi: Hvaða kerfi erum við að reka og hvernig tryggjum við öryggi þeirra? Hvaða ráðstafana þarf að grípa til? O.s.frv.

Tölvuglæpir voru nánast óþekktir fyrir 20 árum en eru í dag orðnir svo algengir að ekki er hægt að vera án öflugra varna. Við heyrum daglega um árásir á tölvukerfi, vírusa og annað í þeim dúr. Enginn er 100% öruggur, alla vega ekki þegar hann er tengdur internetinu. Til að tryggja öryggi sem best og koma í veg fyrir árásir þarf til dæmis að nota lausnir eins og veiruvarnarforrit, eldveggi og síur fyrir ruslpóst en það er ekki alltaf nóg. Öll þessi töl og tæki geta brugðist með ófyrirséðum afleiðingum. Mannlegi þátturinn skiptir einnig miklu máli. Starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um þá ábyrgð sem þeir bera og það traust sem þeim er sýnt með aðgangi að tölvukerfunum. Erfiðast er sennilega að koma í veg fyrir brot innan frá ef eindreginn brotavilji er fyrir hendi. Einnig þurfa starfsmenn að vera vakandi fyrir hættum sem internetið kann að opna fyrir og skiptir fræðsla í því samhengi miklu máli. Kannski þurfa starfsmenn að sætta sig við fleiri takmarkanir í framtíðinni, til dæmis lokun á þjónustum eins og samskiptasíðum á interneti þar sem hættan af þeim er meiri en ávinningurinn getur talist fyrir fyrirtækin.

Samskipti fyrirtækja og viðskiptavina fara í æ meiri mæli fram rafrænt og þarf að ríkja gagnkvæmt traust milli þeirra aðila. Auðvitað verða framteljendur að geta treyst því að upplýsingar þeirra séu þannig geymdar hjá skattinum að öryggi sé tryggt. Fyrir rúmum 10 árum tók RSK ákvörðun um að samskipti við framteljendur yrðu sem mest rafræn, og er rafræn miðlun og vinnsla gagna



orðin að veruleika í dag. Flestir skila framtölum og einnig öðrum gögnum rafrænt. En samhliða þessu hafa líka bæst við kröfur um öryggi. Framteljandi þarf að vera viss um örugga meðhöndlun upplýsinganna.

Þegar hugað er að öllum hliðum öryggismála, hvort sem þau snúa að rekstrinum, hugbúnaði, upplýsingakerfum, gagnagrunnum, netkerfum eða vélbúnaði er sennilega best að hafa einhverskonar uppskrift. RSK tók þá stefnu árið 2004 að vinna eftir staðlinum IST 17799, „Starfsvenjur fyrir þróun og stjórnun upplýsingaöryggis“, sem ætlað er að tryggja örugga meðferð upplýsinga. Í raun er það besta leiðin til að halda utan um öryggismálin.

RSK hefur markað sér stefnu til að koma í veg fyrir óviðeigandi notkun upplýsinga, standa vörð um öruggan og órofinn flutning gagna og samskipta á tölvutæku formi, og fella áhættustjórnun inn í verkferla og dagleg störf allra viðkomandi starfsmanna. Upplýsingastefna og upplýsingatæknistefna voru settar á árinu 2008 til að tryggja skýra verkferla m.a. í öryggismálum. Öryggismál samstarfsaðila þurfa að vera með þeim hætti að þau samræmist öryggisstefnu RSK.

Að tryggja áreiðanleika tölvukerfa er, eins og svo mörg önnur verk, eilífðarverkefni. Allar breytingar, hvort sem er í eiginlegum kerfum eða í umhverfi þeirra, geta haft afleiðingar. Þess vegna er mikilvægt að öryggismál séu hluti af heildinni, þ.e. að það sé gert ráð fyrir þeim og þau athuguð áður en í breytingar er farið.

Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2011

Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er nú reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 209.400 kr. 37,31%
- Af næstu 471.150 kr. 40,21%
- Af fjárhæð umfram 680.550 kr. 46,21%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 44.205 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir.

- 37,31% af fyrstu 48.190* kr.
- 40,21% af 48.191-156.619** kr.
- 46,21% af launum umfram 156.619 kr.

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* 2.512.800/365 * 7 = 48.190. ** 8.166.600/365 * 7 = 156.619.

Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2011 20%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 100.745 kr. 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2011 1.421.780 kr.

Persónuafsláttur frá 1. janúar 2011

- Einn mánuður 44.205 kr.
- Hálfur mánuður 22.102 kr.
- 14 dagar 20.346 kr.
- Ein vika 10.173 kr.
- Sjómannaafsláttur á dag 740 kr.

Tryggingagjald

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald 8,65%
- Sérstakt viðbótargjald v/sjómannanna 0,65%

Virðisaukaskattur

- Almenn skattþrep 25,5%
- Sérstakt skattþrep 7,0%

Hámark barnabóta 2011

- Hjón/sambúðarfólk
 - með fyrsta barni 152.331 kr.
 - með börnum umfram eitt 181.323 kr.
 - ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára 61.191 kr.
- Einstæðir foreldrar
 - með fyrsta barni 253.716 kr.
 - með börnum umfram eitt 260.262 kr.
 - ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára 61.191 kr.

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

Vaxtabætur 2011

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánnum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Bæturnar eru bæði tekjutengdar og eignatengdar. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi 400.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri 500.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki 600.000 kr.

Reglur varðandi útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2011

Gildir frá 1. 4. 2011

- Almenn gjald, af fyrstu 10 þ. km, pr. km: 104,00 kr.

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag skal reikna 15% álag á almennt gjald. Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2010

Gildir frá 1. 10. 2010

- Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring 19.100 kr.
- Fyrir gistingu í eina nótt 10.350 kr.
- Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag 8.750 kr.
- Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag 4.375 kr.

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009

Gildir frá 1. 3. 2009

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	187	125	120	80
■ Flokkur 2	SDR	159	106	102	67
■ Flokkur 3	SDR	141	94	90	60
■ Flokkur 4	SDR	125	83	80	54

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI